

Höfum mikið svigrúm til bóta

Einar Kristinn Guðfinnsson hefur verið á þingi síðan 1991 og sjávarútvegsráðherra síðan 2005. Hann stendur nú frammi fyrir því að Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna telur kerfið, sem sjávarútvegurinn byggir á, óréttlátt.



ALLA SUNNUDAGA

20 SÍÐUR

RE/MAX Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

10. febrúar 2008 – 40. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



LÆTUR DRAUMINN RÆTAST

Handboltamaðurinn og ökutækjaáhugamaðurinn Logi Geirsson festir kaup á Ferrari. FÓLK 38



FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRÁ - Í dag verður allhvöss suðvestan átt víða um land. Bjartviðri eystra, skúrir sunnan og suðvestan til, annars él. Hiti 0-6 stig, mildast sunnan og austan til.

VEÐUR 4

Virkjum kraft kvenna í iðnaði

Morgunverðarfundur á Hótel Borg um stöðu kvenna í iðnaði 12. febrúar kl. 8.00-10.30. Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is



Samtök iðnaðarins



LAXNESSHESTAR Í HRÍÐARBYL Þessir norsku ferðamenn hleyptu fákum sínum í Mosfelladal í gær. Þeir leituðu til hestaleigunnar Laxness og nýttu daginn til að njóta vetrarrikisins á Íslandi í ágætis veðri og létu ekki snjókomu á sig fá.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilhjálmur er að meta stöðu sína

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur rætt við Vilhjálm P. Vilhjálmsson og fleiri borgarfulltrúa eftir atburðarás síðustu daga. Formaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins segir einingu ríkja í flokknum.

BORGARMÁL Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, hafi meta pólitíska stöðu sína, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ekki þykir ólíklegt að hann stígi til hliðar og borgarstjórnarflokkurinn finni sér annað borgarstjóraefni.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hafi rætt við Vilhjálm og fleiri borgarfulltrúa eftir ummæli Vilhjálms í Kastljósspætti á fimmtudaginn og atburðarásina þar á eftir. Blaðið hefur enn fremur heimildir fyrir því að Vilhjálmur hafi síðustu daga ráðfært sig við ýmsa framámenn í flokknum um stöðu sína.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, segir góða einingu ríkja í flokknum. Spurdur hvort Vilhjálmur muni víkja segir hann að miðað við núverandi stöðu sé ekki útlit fyrir neitt annað en að hann taki við en „Vilhjálmur verði

að svara þessu sjálfur“. Fréttablaðinu hefur ekki tekist að ná tali af Vilhjálmi síðan á fimmtudag.

Gísli Marteinn segir borgarstjórnarflokkinn ekki hafa fundað formlega um ummæli Vilhjálms í Kastljósspættinum og atburðarás síðustu daga. Fólk hafi hins vegar rætt saman í síma.

„Við erum öll í góðu sambandi. Það er einhugur í hópnum. Vilhjálmur er okkar oddviti og engin umræða um annað innan okkar hóps. Við komum öll að loka-vinnslu REI-skýrslunnar og vorum sammála um að hún renndi stöðum undir þá skoðun okkar allra að við þyrftum að vanda okkur þegar stórar og miklar ákvarðanir væru annars vegar og tryggja nauðsynlegt samráð og samvinnu sem skorti í REI-málinu í október,“ segir Gísli Marteinn. „Þetta ræddum við hreinskilnislega okkar á milli eftir að við misstum meirihlutann. Skýrslan tók undir þetta með okkur enda vorum við öll sjó sátt við niðurstöðu hennar.“

Gísli Marteinn segist telja að óánægjan sem risið hafi upp í samfélaginu síðustu daga tengist ekki efni skýrslunnar.

„Þetta tengist frekar meirihlutaskiptunum fyrir tveimur vikum, sem margir voru óánægðir með og að einhverju leyti REI-málinu í október. Orð Vilhjálms í Kastljósinu um fyrrverandi eða núverandi borgarlögmann bætast svo þarna við. Varðandi það er auðvitað aðalatriðið að báðir þessir aðilar, núverandi og fyrrverandi borgarlögmaður, telja ótvírætt að Vilhjálmur hafi haft umboð.“

Gísli Marteinn segir borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins skynja óróa í samfélaginu.

„Við viljum ekki loka augnum fyrir honum. Við finnum óánægju og auðvitað munum við setjast niður saman og vinna úr þessu. Verkefnið fram undan fyrir Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn er að endurheimta traust borgarbúa.“

- th / sjá síðu 4

Rúmið frekar en ræktin

ENGLAND Regluleg ástundun kynlífs getur minnkað hættuna á hjartasjúkdómum og jafnvel komið í veg fyrir hrukkmyndun samkvæmt heilbrigðisþjónustu Englands, NHS. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins. Auk ofangreindra verkana getur kynlíf bætt ónæmiskerfið og dregið úr líkum á krabbameini. Jafnframt brenna um 300 hitaeiningar á klukkustund upp við kynlífsiðkun. Því hefur heilbrigðisþjónustan enska brugðið á það ráð að hvetja til aukinnar kynlífsiðkunnar sem leiðar til að draga úr álagi á heilbrigðiskerfið.

- vp



KÍNVERSKIR REYKINGAMENN Tóbaksneysla eykst hraðast í Kína og á Indlandi.

Milljarður manna í hættu: Tóbaksneysla eykst stöðugt

NEW YORK, AP Ef ekkert er að gert getur tóbak orðið milljarði manna að bana á 21. öldinni, segir í nýrri skýrslu frá Alþjóða heilbrigðisstofnuninni.

Á 20. öldinni lágu 100 milljónir manna í valnum en sú tala gæti farið upp í milljarð ef ríkisstjórnir heims fara ekki að taka meiri þátt í forvörnum og reglusetningum, segir í skýrslunni.

Það er einkum í fátækum löndum sem tóbaksneysla er að aukast, en tóbaksneyslan er mest í Kína og á Indlandi.

Tóbaksfyrirtækin eyða tugum milljarða Bandaríkjadala ár hvert í auglýsingar, en einungis tuttugu lönd af þeim 179 sem eru í skýrslunni banna þær.

- þeb

OPÍÐ FRÁ 13 TIL 78 Á SUNNUDÖGUM

Kringlan

100 myndir á 2500 krónur í febrúar

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

SPURNING DAGSINS



Gunnar, verður þú andlit World Class í Kópavogi?

„Nei, ég er að æfa annars staðar.“

Gunnar I. Birgisson, bjarstjóri í Kópavogi, vígði nýja líkamsræktarstöð World Class í turninum við Smáratorg í gær.

Kannanir sýna fylgi frambjóðenda:

Obama myndi sigra McCain

BANDARÍKIN Öldungadeildarþingmaðurinn John McCain þykir líklegastur til að verða frambjóðandi Repúblikanaflokksins til forsetakosninga í Bandaríkjunum eftir að Mitt Romney dró sig úr framboðskeppninni í liðinni viku. Demókratar þurfa því að meta hvort þeirra Barack Obama eða Hillary Clinton væri líklegri til að sigra McCain.

Samkvæmt fréttavef CNN sýna nýlegar kannanir að demókratar hefðu betur í komandi forsetakosningum ef þeir veldu Barack Obama sem frambjóðanda sinn. Kannanirnar voru gerðar á vegum CNN annars vegar og tímaritsins Time hins vegar. Þær sýna báðar að nánast enginn munur er á fylgi við McCain annars vegar og Clinton hins vegar. Þegar borið var saman fylgi McCain og Obama kom aftur á móti í ljós að Obama naut sjö til átta prósent forskots.

Obama kemur betur út en Clinton hjá flestum kjósendum. Hann hefur smávægilegt forskot á hana á



BARACK OBAMA Kannanir sýna að hann hefur forskot á John McCain, frambjóðanda repúblikana.

meðal repúblikana og óákveðinna kjósenda, en vinsældir hans koma skýrast í ljós á meðal karlmanna. Í þeim hópi kjósenda fékk Obama 57 prósent atkvæða á móti 39 prósentum atkvæða sem gengu til Clinton.

- vþ

Kjaraviðræður:

Víðtækar tillögur kynntar

KJARASAMNINGAR Samtök atvinnulífsins kynntu Starfsgreinasambandinu og Flóabandalaginu víðtækar tillögur á fundi í Karphúsinu í gær. Þar eru útlínur nýs samnings kynntar og gert ráð fyrir að laun hækki um fjögur prósent til þeirra sem hafa farið á mis við launaskrið síðustu ára. Samningurinn er hugsaður til þriggja ára og er gert ráð fyrir að lágmarkslaun verði 165 þúsund krónur að þeim tíma loknum.

Landssambönd innan ASÍ, þar á meðal iðnaðarmanna og verslunarmanna, hafa ákveðið að semja á sömu nótum og Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið.

- shá

Leyniþjónustur í Noregi:

Aldrei verið fleiri njósnarar

NOREGUR Njósnarar erlendra þjóða hafa aldrei verið fleiri í Noregi en einmitt nú samkvæmt fréttavef norska dagblaðsins Aftenposten. Til að mynda eru rússneskir njósnarar í landinu nú jafn margir og á árum kalda stríðsins.

Norska leyniþjónustan vill meina að áhugi annarra þjóða á Noregi sé mikill um þessar mundir vegna landfræðilegrar stöðu landsins, en Noregur leikur stórt hlutverk í kapphlaupinu um nýtingu á auðlindum Norðurlandsins. Einnig þykir tæknileg kunnátta Norðmanna á sviði olíborunar eftirsóknarverð.

- vþ

Eldur á elliheimili í Austurríki:

Ellefu létust í eldsvoða

AUSTURRÍKI Eldur braust út á elliheimili í austurríska bænum Egg á föstudag, samkvæmt fréttavef breska ríkisútvarpsins. Af 23 íbúum heimilisins létust ellefu og sex meiddust, en aðeins sex sluppu ómeiddir. Fólkið sem bjó á heimilinu var margt veikburða og því náðu svo fáir að forða sér í tæka tíð.

Órsök eldsins er ókunn, en vitað er að hann átti upptök sín í herbergi á efstu hæð hússins. Um 250 slökkviliðsmenn þurfti til þess að ráða niðurlögum eldsins, en á tímabili var óttast að byggingin gæti hrunið vegna hitans.

- vþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Númeraplötum stolið

Sjö þjófnaðir voru tilkynntir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gær, þar á meðal eitt innbrot í bifreið. Þá var númeraplötum stolið af tveimur bifreiðum, líkast til í því skyni að setja þær á aðrar bifreiðar til að villa um fyrir lögreglu.

Skammt í nýja tegund misskiptingar

Árni Páll Árnason alþingismaður segir þess skammt að bíða að tvær stéttir verði til á Íslandi. Annars vegar forréttindastétt sem eigi kost á að fá greidd laun í evrum og hins vegar óbreyttur almenningur sem búi við ofurvexti.

STJÓRNMÁL „Þegar stjórnmalaleiðtogar og Seðlabankinn eru búnir að segja að evran verði ekki tekin upp nema með aðild að Evrópusambandinu (ESB) mun þessi mikla efnahagslega nauðsyn, að fá nýjan gjaldmiðil, valda því að umræða um aðild að ESB mun bara færast í vöxt,“ segir Árni Páll Árnason alþingismaður, sem í gær flutti erindi á ráðstefnu norskra Evrópusambandsaðildarsinna.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Á þriðja hundruð manns stótu ráðstefnuna en í erindi sínu reyndi Árni Páll að meta hvað myndi skipta Íslendinga mestu máli næstu 30 til 40 árin. „Að telja okkur vera að verja einhverja fiskveiðiserstöðu sem allar líkur eru á að við getum hvort sem er varið innan Evrópusambandsins, eða hafa áhrifavald um alla þessa stóru þætti,“ segir Árni Páll og nefnir þar vinnumarkaðs-, umhverfis- og orkumál. „Alla þessa þætti sem hafa grundvallaráhrif á afkomu heimila og fyrirtækja.“

Árni segir Íslendinga hafa á síðustu árum flutt inn fjölbjóðasambandsfélög. „Við erum kannski ekki alveg búnir að átta okkur á því en það er komið til að vera og við þurfum að takast á við það verkefni með skynsamlegum hætti.“

„Á sínum tíma höfðum við tollfríðindin til að reikna út ávinning okkar að EES.“ Árni Páll segir stöðu íslensku krónunnar valda



MIKLAR BREYTINGAR Á UNDFANFÖRNUM ÁRUM Staða íslensku krónunnar veldur því að spurningin um aðild að Evrópusambandinu er meira aðkallandi en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

því að spurningin um aðild sé miklu mikilvægari fyrir Íslendinga en Norðmenn. Þá telur hann vandamálið það knýjandi að fljótlega muni það fara að valda misskiptingu „ef við förum ekki að grípa í taumana“.

Í ræðu sinni sagði hann vægi íslensku krónunnar í viðskiptum hafa minnkað hratt. Skuldir heimilanna í erlendum gjaldmiðli hefðu aukist á síðasta ári og næmu nú um 16 prósentum lána heimilanna. Nærri 70 prósent lána til íslenskra fyrirtækja væru nú í erlendum gjaldmiðli og það hlutfall ykist stöðugt. Sífelld fleiri fyrirtæki gerðu nú upp í erlendum gjaldmiðli og sækust eðlilega eftir að

draga úr gjaldmiðilsáhættu sinni með því að bjóða launagreiðslur að hluta í evrum.

Þessi þróun ýtti undir nýja tegund misskiptingar í íslensku samfélagi. Færi svo fram sem horfði væri þess skammt að bíða að í reynd yrðu tvær stéttir í landinu. Annars vegar forréttindastéttin sem ætti þess kost að fá laun greidd í evrum og gæti þá tekið lán án áhættu á miklu lægri vöxtum í evrum. Hins vegar yrði óbreyttur almenningur sem þyrfti að búa við ofurvexti hins örsmáa íslenska hagkerfis, sífelld óstöðugri krónu og bera áfram byrðarnar af fákeppnisfyrirkomulagi á öllum helstu mörkuðum.

olav@frettabladid.is



HAFÖRN Haförnum hefur fjölgað mikið í Danmörku undanfarið ár.

Dýralíf í blóma:

Örnum fjölgar í Danmörku

DANMÖRK Útlit er fyrir að danski arnarstofninn sé í sögulegu hámarki. Samkvæmt danska dagblaðinu Politiken standa danskir vísindamenn um þessar mundir í talningu á dýrunum. Á síðasta ári töldust í allt 124 ernir í landinu og er vonast til þess að þeim hafi fjölgað á milli ára, enda hefur árferðið verið með eindæmum gott.

Reyndar getur svo farið að hlýindin sem ríkt hafa í Danmörku undanfarið verði vísindamönnum um fjötur um fót við talninguna þar sem að auðveldara er að koma auga á erni í snjó.

- vþ

Ellefu prósentu aukning:

Fleiri farþegar í millilandaflugi

SAMGÖNGUR Farþegar sem fóru um Keflavíkurflugvöll í janúar voru ellefu prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra. Samtals fóru tæplega 117 þúsund um flugvöllinn í janúar, sem jafngildir tæplega 3.800 manns á dag.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu var mest fjölgun hjá farþegum á leið til landsins, eða 17 prósent miðað við janúar í fyrra. Á sama tíma fjölgaði farþegum á leið frá landinu um níu prósent.

- sps

Fasteignasalar finna fyrir samdrætti en kvarta ekki:

Telja ólíklegt að verð lækki

FASTEIGNASALA Þótt þinglýstum kaupsamningum hafi fækkað um 40 prósent frá desember til janúar síðastliðins og veltan á fasteignamarkaði hafi minnkað um 42 prósent á sama tíma er ólíklegt að fasteignaverð lækki fljótlega.

Þetta er mat Viðars Bødvarssonar, eiganda fasteignasöluvarðar Foldar og Ásmundar Skeggjasonar, sölustjóra fasteignasöluvarðar Höfða.

„Hreyfingar á fasteignamarkaði eru alltaf mjög hægar og nú þegar minna er til af fjármagni þá hægir á umsvifunum en það þarf til langvarandi samdrátt svo að það komi niður á verðinu,“ segir Viðar Bødvarsson, eigandi fasteignasöluvarðar Foldar. Hann segir enn fremur að ekki sé verulega mikið framboð á fasteignum og það hamli því enn frekar að fasteignaverð lækki.

„Þetta er óvenju rólegt núna en það er ekkert óeðlilegt, það eru kjarasamningar í gangi og ákveðinn óróleiki í fjármálaumhverfinu en ég á nú von á því að þetta jafni sig allt fljótlega. Jafnvel á næstu vikum og fikri sig þá aftur í eðlilegra horf,“ segir hann.

Ásmundur segir að áður hafi stærstu eignirnar



VIÐAR BÖÐVARSSON Eigandi fasteignasöluvarðar Foldar á ekki von á því að fasteignaverð lækki, að minnsta kosti í bili. Til þess þyrfti langvarandi samdrátt og svo er framboð ekki það mikið að það knýi á verðlækkun.

lækkað fyrst þegar harðnaði á dalnum. „En það eru engin merki um það nú, alls ekki, við höfum selt vel af stórum eignum. Það er engu líkara en það sé ákveðin stéttaskipting kominn upp í þjóðfélaginu þar sem þeir efnuðustu láta lítið á sig fá þó aðeins herði að.“

- jse

Spennandi helgarsteik



899 kr.

Verð áður 1.498.-

Lambalæri

BESTIR Í KJÖTI

NÓATÚN



ÞAÐ ER ÁVÍSUN Á BROS AÐ VERA Í STOFNI

Árleg endurgreiðsla er aðeins einn af fjölmörgum kostum þess að vera í Stofni. Má þar nefna afslátt af tryggingum og barnabílstólum, ókeypis flutningstryggingu, bílaleigubíl vegna kaskótjóns ásamt nýjasta þjónustuliðnum: Vegavernd Sjóvá.

Farðu á sjova.is eða hringdu í síma 440 2000 og kynntu þér kosti þess að vera í Stofni. Vertu viss um að njóta góðrar þjónustu.

ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ

STOFN

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,39	67,71
Sterlingspund	131,33	131,97
Evra	97,53	98,07
Dönsk króna	13,086	13,162
Norsk króna	12,139	12,211
Sænsk króna	10,33	10,39
Japansk jen	0,6275	0,6311
SDR 105,94 106,58		

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
129,1872
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Prófessor í stjórnmálafræði segir eðlilegt að embættismenn tjái sig opinberlega:

Leið Kristbjargar óheppileg

BORGARMÁL „Ef Vilhjálmur vísar til hennar sérstaklega þá væri hún ekki að brjóta neinar reglur með því að segja opinberlega frá þeim samskiptum eins og þau líta út frá hennar sjónarhóli, ég held að það hljóti að teljast fullkomlega eðlilegt og hennar réttur. Hins vegar er álitamál hvort það sé hennar skylda að gera það,“ segir Gunnar Helgi Kristinnsson, prófessor í stjórnmálafræði og sérfræðingur í sveitarstjórnarmálum.

Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður sendi frá sér yfirlýsingu vegna fréttar Fréttablaðsins í gær um samskipti hennar við Vilhjálm P. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgar-



GUNNAR HELGI KRISTINSSON Þögn borgarlögmanns um samskipti við fyrrverandi borgarstjóra elur á grunsemdum.

stjóra, vegna orða hans í Kastljósi Sjónvarps. Þar segir að þau hafi verið sammála um að það væri ekki hlutverk embættismanna að tjá sig um samskipti sín við kjörna fulltrúa.

Gunnar Helgi segir jafnframt að

það væri ekki óeðlileg ósk almennings að hún segði frá samskiptum sínum við Vilhjálm. „Sú leið sem hún hefur farið er ekki mjög heppileg. Eins og hún svarar gefur hún grunsemdum undir fótinn um að eitthvað óeðlilegt hafi verið þarna á ferðinni. Vandinn fyrir embættismenn er að það er flókið fyrir þá að standa opinberlega í deilum um sannleiksgildi samskipta við stjórnmálamenn. Val hennar er skiljanlegt í því samhengi. Það sem er áberandi við svör hennar í yfirlýsingu hennar er að hún ber ekki fréttir til baka efnislega um samskipti sín við Vilhjálm og það hlýtur að styrkja grunsemdirnar.“ -shá

Enskur biskup umdeildur Telur sharia-lög óhjákvæmileg

ENGLAND Æðsti stjórnandi Englandskirkju, Rowan Williams erkibiskup af Kantaraborg, hefur valdið hörðum deilum eftir að hann lét þau orð falla í viðtali við breska ríkisútvarpið í liðinni viku að hann teldi þróun íslamsks sharia-lagakerfis, sem myndi starfa við hlið breska lagakerfisins, óhjákvæmilega í landinu.

Samkvæmt fréttavef breska dagblaðsins The Guardian vöktu ummæli biskupsins þegar í stað hörd viðbrögð almennings, jafnt kristinna sem múslima. Tveir ráðamenn innan Englandskirkju hafa nú kallað eftir uppsögn biskupsins vegna málsins. -vp



FRÁ LJÓSMYNDASÝNINGUNNI ÚTKALLI Sýningin stendur til 18. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Myndir fréttaljósmyndara: Sýning í tilefni 112 dagsins

FÓLK „Fólk sér hvað þetta eru fjölbreytt og margvísleg verkefni og hvað þetta fólk er oft að starfa við erfiðar aðstæður,“ segir Garðar Guðjónsson, verkefnastjóri 112 dagsins, en ljósmyndasýningin Útkall 2007 var opnuð á fyrstu hæð Krínglunnar á föstudaginn.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, flutti ávarp við opnunina en myndirnar eru meðal annars af lögreglu-mönnum við störf sín.

Tilfni sýningarinnar er 112 dagurinn sem er á morgun. Tuttugu og tvær myndir eru á sýningunni en hverri mynd fylgir stuttur texti um það atvik sem um er að ræða. Stendur sýningin til 18. febrúar. - ovd

STJÓRN MÁL

Þórir aðstoðarmaður Björns

Þórir Hrafnsson, markaðsráðgjafi á Íslensku auglýsingastofunni, hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra. Björn hefur verið án aðstoðarmanns frá því Þorsteinn Davíðsson héraðsdómari lét af því starfi, en meðal annarra fyrri aðstoðarmanna Björns má nefna Jónmund Guðmars-son, nú bæjarstjóra á Seltjarnarnesi.

Óvissa um framtíð Vilhjálmss

Óvissa ríkir um pólitíska framtíð Vilhjálmss P. Vilhjálmssonar, fyrrverandi borgarstjóra. Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna fyrirsagnar á forsíðu Fréttablaðsins.

BORGARMÁL Óvissa ríkir um stöðu Vilhjálmss P. Vilhjálmssonar, oddvita borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna, eftir að niðurstaða stýrihóps borgarráðs um REI-málið var kunnngjörð.

Allt frá því að Vilhjálmur kom fram í Kastljósi Sjónvarpsins á fimmtudagskvöld hefur lítt heyrst frá borgarfulltrúum flokksins og í gær tókst hvorki að ná tali af Geir H. Haarde forsætisráðherra né Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra til að svara spurningum um stöðu flokksins í Reykjavík og oddvita hans í kjölfar niðurstöðu skýrslu stýrihóps borgarráðs.

Í nefndum Kastljóspætti fullyrta Vilhjálmur að hann hefði fengið álit borgarlögmanns áður en hann samþykkti samruna REI og Geysis Green Energy á eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur 3. október síðastliðinn. Í ljós kom að Vilhjálmur leitaði ekki eftir álit Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns og sendi Vilhjálmur frá sér yfirlýsingu á föstudag þar sem hann útskýrði að hann hefði átt við fyrrverandi borgarlögmann, án þess að nafngreina hann. Yfirlýsinguna sendi hann frá sér eftir að borgarlögmaður hafði farið þess á leit að hann leiðrétti orð sín um aðkomu hennar að málinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, hefur síðan gengist við því að vera nefndur fyrrverandi borgarlögmaður. Sagði hann í viðtali við Fréttablaðið að hann gæfi sér að það hlýti að vera hann sem Vilhjálmur vísar til. Vilhjálmur staðfesti við fréttavefinn visir.is í gær að Hjörleifur hefði verið álitsgjafi sinn án skýringa á því af hverju hann ráðfærði sig ekki við borgarlögmann.

Í skýrslu stýrihóps borgarráðs



BORGARSTJÓRNARFLOKKUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson, Jórunn Frímannsdóttir, Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Kjartan Magnússon. Myndin er tekin kvöldið sem slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Yfirlýsing borgarlögmanns

Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður sendi frá sér eftirfarandi yfirlýsingu vegna fyrirsagnar Fréttablaðsins á forsíðu í gær:

„Forsíðufyrirsögn Fréttablaðsins í dag (í gær) gefur ekki rétta mynd af samskiptum okkar Vilhjálmss P. Vilhjálmssonar um ummæli hans í Kastljósi. Við Vilhjálmur vorum sammála um að það væri ekki

hlutverk embættismanna að tjá sig um samskipti sín við kjörna fulltrúa heldur væri eðlilegra að hann tjáði sig um málið sem hann og síðan gerði. Ég mun ekki tjá mig frekar um málið.“

Fréttablaðið stendur við frétt sína enda hefur ekkert komið fram sem hrekur þá atburðarás sem dregin er upp.

Bláðið stendur jafnframt við fyrirsögnina enda með heimildir fyrir því að Vilhjálmur hafi beðið borgarlögmann um að tjá sig ekki um orð hans í Kastljóspætti Sjónvarpsins á fimmtudaginn.

Varðandi fyrirsögnina er vandséð hvaða munur er á því að biðja einhvern að „tjá sig ekki“ um eitthvað eða „þegja“ um eitthvað.

um REI-málið er mjög dregið í efa að Vilhjálmur hafi haft umboð til að samþykkja samruna fyrirtækjanna á eigendafundinum.

Vilhjálmur fullyrðir þó að svo hafi verið og Hjörleifur efast ekki um umboð Vilhjálmss sem þáver-

andi borgarstjóra og fulltrúa eigenda OR.

Dagur B. Eggertsson, fyrrverandi borgarstjóri, sendi frá sér yfirlýsingu í gær. Hann spyr hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætli ekki að axla ábyrgð í REI-málinu, þrátt

fyrir að skýrsla stýrihópsins sé skýr áfellisdomur yfir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafi verið og þar komi fram samröma niðurstaða fulltrúa allra flokka um að framganga Vilhjálmss sé óverjandi. svavar@frettabladid.is

Stórsýning á Hobby hjólhýsum og Isabella fortjöldum í Vetrargarðinum Smáralind

Sýningu lýkur sunnudaginn 10. febrúar kl: 18:00
Öll sýnishorn til sölu og afhendingar eftir sýningu

Góð lánakjör

Opnunartími á sýningu
 Laugardag 11 – 18 Sunnudag 13 – 18

Hobbyhúsið ehf

VEÐURSPÁ

um hádegi »

LÍTT SPENNANDI VEDURHORFUR

Enda þótt þokkalegasta veður sé austan til á landinu í dag eru horfur næstu daga lítt spennandi. Bæði er vindasamt í dag og úrkoma mjög víða. Á morgun hlýnar nokkuð austan til þar sem stíff sunnan átt verður með vætu. Vestan til verður vindur hægari og úrkoman slyddu- eða snjóel. Á þriðjudag hvesir svo af vestri samfara kólnandi veðri einkum þó síðdegis.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðvestan 5-10 m/s. Skúrir eða slydduél. Hiti 0-4 stíg.

13-20 m/s, hvassast norðaustan til. Kólnandi.

Stað	Veður	Temperatúra
Kaupmannahöfn	9°C alskýjað	London 6°C hálfskýjað
Billund	9°C hálfskýjað	Paris 11°C heiðskirt
Oslo	3°C hálfskýjað	Amsterdam 10°C heiðskirt
Stokkhólmur	4°C alskýjað	Frankfurt 10°C alskýjað
Gautaborg	6°C hálfskýjað	Berlin 11°C hálfskýjað
		Friedrichshafen 9°C hálfskýjað
		Lúxemborg 8°C hálfskýjað
		Alicante 16°C hálfskýjað
		Róm 11°C hálfskýjað
		Las Palmas 20°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Hobbyhúsið ehf

VETRAR FJÖR

Frábært verð á vetrarvönum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!



Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói, kleinum og vöflum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi um helgina. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjors – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.



SantaFe
Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**

Verð áður: 4.080.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.),
dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
320.000 kr.



Land Rover Freelander

Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörsverð: **4.670.000**
Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli
(verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
345.000 kr.



Tuscon

Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörsverð: **2.850.000**
Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli
(verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
285.000 kr.



Síðustu **Arctic-Cat**
sleðarnir á sérstöku
Vetrarfjörstilboði
- fyrstir koma, fyrstir fá



BMW X5

Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörsverð: **7.780.000**
Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli
(verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
590.000 kr.



Renault Megane Sport Tourer

Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörsverð: **2.290.000**
Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.)
og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti
Vetrarfjörspakka
200.000 kr.



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is

Opið: 10-18 virka daga, 12-16 um helgina

Umboðsaðilar: Bílas, Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesí 2. Sími: 461 2533

B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti. 1, Sími: 421 4444





Ætlar þú að sækja einhvern viðburð á Vetrarhátíð í Reykjavík?

Já	22,4%
Nei	77,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú taka upp annan gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar?

Segðu þína skoðun á Visir.is



Indverski læknirinn Amit Kumar handtekinn í Nepal með 17 milljónir í fórum sínum:

Seldi nýru á svörtum markaði

NEPAL, AP Hótelstarfsmaður í Nepal bar kennsl á eftirlýstan lækni, Amit Kumar, þegar hann sá mynd af honum í indversku sjónvarpi. Kumar var handtekinn á fimmtudagskvöld, grunaður um að hafa stundað ólögleg viðskipti með líffæri.

Kumar hafði fjarlægt nýru úr hundruðum manna, stundum án samþykkis þeirra. Þegar hann var handtekinn í litlu skógarhótelu í Nepal fundust í fórum hans 230 þúsund bandarískir dalir í reiðufé og ávísun upp á 24 þúsund dali. Samtals nemur þetta fé rúmlega 17 milljónum íslenskra króna.

Indverska lögreglan segir að Kumar hafi verið höfuðþaurinn í alþjóðlegum líffæraviðskiptum með bækistöðvar í Gurgaon, einu af betri hverfum Nýju-Delí.

Talið er að á síðustu níu árum hafi allt að

500 nýru verið seld fólki sem ferðaðist til Indlands í því skyni að fá þar nýtt nýra. Nýrun voru mörg hver tekin úr fátæklingum, sem stundum var ógnað með byssum áður en brottnámið var framkvæmt.

Fréttir af þessu athæfi hafa orðið tilefni til heiftarlegra umræðna á Indlandi um siðferði lækna og löggjöf um líffæraígræðslur.

Þegar indverska lögreglan varð þess áskynja að Kumar væri flúinn úr landi var leitað til alþjóðalögreglunnar Interpol.

- gb



AMIT KUMAR HANDTEKINN Hann er sakaður um að hafa ógnað fólki með byssu áður en hann tók úr því nýrað.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Píanóskóli
Þorsteins Gauta

Ármúli 38 / við Selmúla
S: 5516751 6916980
pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskolinn.is

Námskeið á vorönn að hefjast

Allir aldurshópar velkomnir.
10 vikur
1 klst. á viku. kr. 30.000

Börn 6-18 ára geta notað frístundakort Í.T.R.

Yfir 400 útköll vegna óveðurs um land allt

Yfir 400 björgunarsveitarmenn tókust á við veðurguðina í fyrrakvöld. Versta veður vetrarins olli miklu tjóni. Sjö listamenn misstu verk sín þegar flæddi inn á Korpúlfsstaði. Björgunarsveitarmenn orðnir þreyttir eftir mikla óveðurstörn.

VEÐUR Rúmlega 400 björgunar- og hjálparsvartarmenn sinntu yfir 400 útköllum í fyrrakvöld og -nótt vegna veðurofsans sem gekk yfir landið. Veðrið var með því allra versta sem komið hefur það sem af er vetri og lægðin sú dýpsta sem komið hefur yfir landið í vetur, að sögn veðurfræðinga. Talið er að veðrið hafi valdið meira tjóni en fyrri óveður í vetur.

Suðvestanvert landið varð verst fyrir barðinu á veðrinu en aðrir landshlutar sluppu betur en á horfðist. Þó varð eitthvað tjón víðast hvar á landinu, en að sögn lögregluvarðstjóra á Akureyri hafði veðrið lítil áhrif þar.

Fjölmenni tókst á við eftirstöðvar óveðursins í gærmorgun, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þar höfðu tré rifnað upp með rótum, þakplötur losnað og flætt hafði inn í fjölda kjallara.

Sjö listamenn misstu verk sín og áhöld þegar gríðarmikið vatn flæddi inn í vinnuastöðu þeirra í kjallara Korpúlfsstaða.

Þá voru allar tiltækar dætur, meðal annars frá Grindavík, sendar í Egilshöll þar sem mikið vatn hafði flætt inn í kjallara hússins, meðal annars upp um niðurföll. Allur kjallarinn, sem er á þriðja þúsund fermetrar, fór undir tíu til fimmtán sentimetra djúpt vatn. Auk þess barst mikill aur inn í kjallarann. Talið er að tjónið nemi milljónum króna.

Veðrið hafði einnig áhrif á flugfarþega á Keflavíkurflugvelli. Á fimmta hundrað farþega þurftu að bíða í allt upp undir fimm klukkustundir í flugvélum eftir því að komast frá borði, þar sem ekki var hægt að koma vélunum að landgöngum í veðurhamnum. Að lokum sóttu rútur



VETRARHÁTÍÐ LOKIÐ Reykjavíkurborg hélt um helgina sína sjöundu vetrarhátíð. Hátíðin hefur aldrei verið haldin í verra veðri en í ár og í gærðag mátti sjá borgarstarfsmenn taka niður rifna vetrarhátíðarfána í miðborginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

fólkið og óku þeim að flugstöðinni.

Viðbúnaðarstigi vegna snjóflóðahættu, sem lýst var yfir á Vestfjörðum á föstudag, var

aflétt í kringum hádegi í gær. Þó var búist við hvassviðri og jafnvel stormi aftur í gærkvöldi og nótt. Lægja á í dag og í kvöld.

stigur@frettabladid.is

TILBOÐ 7.-15. FEBRÚAR

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is eða í síma 50 50 100

TORONTO

Verð frá 19.920 kr.*

WWW.ICELANDAIR.IS

* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar. Ferðatímabil: 2. maí-31. des.

Álfheiður Ingadóttir segir starfsemi heilsugæslunnar lamaða og krefst úrbóta:

Staðan verst á höfuðborgarsvæðinu

ALÞINGI Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu er í uppnámi og starfsemi lönmuð, segir Álfheiður Ingadóttir, Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, sem á Alþingi í gær vildi vita hvaða áform Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefði uppi um úrbætur.

Álfheiður sagði þúsundir vera án heimilislæknis og kvað 500 milljónir króna vanta til reksturs kerfisins.

Guðlaugur féllst engan veginn á lýsingu Álfheiðar á ástandinu en sagði starfshóp undir forystu Guðjóns Magnússonar, fyrrum rektors Norræna heilbrigðisráðgjafans, huga að stöðu og framtíð heilsugæslunnar.



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Guðlaugur sagði fjarstæðu að 500 milljónir vantaði í rekstur heilsugæslunnar; engin gögn styddu slíkt tal. Þá sagði hann skráningu ónákvæma og tölur um


læknalausa því hugsanlega rangar.

Ármann Kr. Ólafsson, Sjálfstæðisflokkur, benti á að þótt tiltekinn fjöldi fólks væri án heimilislæknis væri ekki þar með sagt að það væri án þjónustu því hana væri hægt að fá víða.

Puríður Backman, VG, tók undir orð flokkssystur sinnar og kvað ástandið alvarlegt. Hún sagði rétt hjá Ármanni að hægt væri að fá þjónustu en hún væri dýrari ef fólk hefði ekki fastan heimilislækni. Þá lýsti hún áhyggjum af að ekki væri næg endurnýjun í stétt heimilislækna.

- bps

Nú er úti veður gott



Land Cruiser. Tákn um frelsi

Hann kemur þér hvert sem er, hvenær sem er.
Hann er kraftmikill og áráðinn. Þess vegna færir hann þér frelsi og þægindi.

Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser.

Verð frá **4.975.000 kr.***



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600


Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*M.v. LX útfærslu. Bíll á mynd er í GX útfærslu og kostar 5.475.000 kr.

Flóknir markaðir kalla á fræðilegt vopnabúr

Reynir Kristinsson
forseti viðskiptadeildar



WWW.BIFRÖST.IS

Tvær verðmætar meistaragráður

MS Í ALÞJÓÐLEGRÍ BANKASTARFSEMI OG FJÁRMÁLUM
MS Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM

MS nám í alþjóðlegri bankastarfsemi og fjármálum er sérniðað fyrir þá sem stefna á störf innan fjármálafræðis, banka eða annarra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Áhersla er lögð á hagnýta og víðtæka viðskiptaþekkingu. Námið er í samstarfi við Stony Brook háskólann í New York og í hópi kennara eru sérfræðingar með reynslu af helstu fjármálamörkuðum heims.

Í MS námi í alþjóðaviðskiptum er lögð áhersla á að dýpka fræðilega þekkingu á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, m.a. fjármálum, stjórnun og þróun markaða. Í náminu þjálfast viðsýnir, vel menntaðir stjórnendur og starfsmenn sem búa yfir þekkingu til að þróa og greina ný viðskiptatækifæri. Námið er skipulagt í samvinnu við Copenhagen Business School í Kaupmannahöfn.

Námsleiðirnar eru á ensku, þær sameina kosti stað- og fjarnáms og henta vel með vinnu.

FRUMGREINADEILD

VIÐSKIPTADEILD

LAGADEILD

FÉLAGSVÍSINDAEILD



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar finna tengsl milli skyldleika og frjósemi:

Fjórmennningar frjósamastir

VÍSINDI Þór sem eru skyld í fjórða ættlið, það er eiga sama langlangafa og -ömmu, eignast fleiri afkomendur en önnur þór. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar gerðu, og nær yfir ættartölur Íslendinga tvö hundruð ár aftur í tímann.

Sem dæmi eignuðust konur fæddar á árunum 1925 til 1949, sem áttu maka sem var skyldur þeim í fjórða ættlið, að meðaltali 3,27 börn og 6,64 barnabörn. Þær konur sem áttu maka í áttunda ættlið eða fjarskyldari voru talsvert minna frjósamar; eignuðust

aðeins 2,45 börn og 4,86 barnabörn.

Rannsóknin er sú fyrsta sem svarar spurningunni um tengsl skyldleika og frjósemi á afgerandi hátt, og þykir ljóst að niðurstöðurnar eiga sér líffræðilegar skýringar. Hverjar skýringarnar sjálfar eru liggur hins vegar ekki fyrir.

Niðurstöðurnar benda meðal annars til þess að flutningur íslensku þjóðarinnar úr dreifbýli í þéttbýli gæti orðið til þess að hægði á fólksfjölgun. Íbúar í þéttbýli velji sér maka úr mun breiðari hópi og því ólíklegri að viðkomandi sé ættingi.



FJÓLSKYLDA Vísindamennirnir rannsökuðu ættartölu Íslendinga frá 1800 og til dagsins í dag. Greinin var birt í vísindatímaritinu Science sem kom út í gær.

Of ströng skilyrði rússneskra stjórnvalda fyrir eftirliti með þingkosningunum:

ÖSE ætlar ekki að hafa eftirlit

RÚSSLAND, AP Kosningaeftirlitskrifstofa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) sagðist í fyrradag ekki ætla að hafa eftirlit með forsetakosningunum í Rússlandi 2. mars næstkomandi. Í yfirlýsingu frá ÖSE segir að rússnesk stjórnvöld hafi sett eftirlitstarfinu of ströng skilyrði, bæði varðandi fjölda eftirlitsfulltrúa og tilhögun eftirlitsstarfs þeirra.

„Við berum ábyrgð gagnvart öllum 56 aðildarríkjunum til að uppfylla skyldur okkar og rússnesk stjórnvöld hafa sett slíkar hömlur að ekki er hægt að framfylgja kosningaeftirliti eins og vera ber,” sagði Christian Strohal, yfirmaður Mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE.

ÖSE hugðist hefja kosningaeftirlit sitt í desember en því var hafnað af rússneskum stjórnvöldum. 28. janúar var ÖSE boðið að hefja kosningaeftirlit en með ströngum skilyrðum varðandi umfang. Tímaraminn sem ÖSE var gefinn hefur þegar komið í veg fyrir eftirlit með mikilvægum stigum kosningaferlisins til dæmis skráningu frambjóðenda og aðkomu fjölmiðla að sögn Strohal.

ÖSE sleppti því alveg að fylgjast með framkvæmd þingkosninganna í Rússlandi í desember vegna strangra hamla sem



KOSNINGAAUGLÝSINGAR Í MOSKVU Forsetakosningarnar munu fara fram 2. mars næstkomandi.

NORDICPHOTOS/AFP

rússnesk yfirvöld settu við eftirlitinu.

-gb/aa/sdg



SIEMENS




Aneta

Eldunartæki, kælitæki, uppvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Nýtt langdrægt GSM kerfi

Ísland er komið í betra samband

Vodafone býður stærsta GSM þjónustusvæðið

Að lokinni uppsetningu nýrra senda víða um land býður Vodafone upp á **stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi**. Þetta er bylting fyrir fólk á landsbyggðinni, sjómenn og ferðamenn á fjölmörgum stöðum þar sem ekki hefur verið GSM samband til þessa.

Meðan við höldum uppbyggingunni áfram skiptir þú yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, **með einu símtali í 1414** – strax í dag.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

Ráðherrar í ríkisstjórn tala tveimur tungum um kjaramál kennara.

Er vilji til að bæta kjör kennara?

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra lýsti því yfir á Alþingi á dögunum að hækka þyrfti laun kennara. Það var stór yfirlýsing frá menntamálaráðherra og gaf fyrirheit um ný viðhorf til launamála kennara.

Nú hefur Árni Mathiesen fjármálaráðherra í svari við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, ómerkt yfirlýsingu menntamálaráðherra og sagt að hún sé ekki sjónarmið ríkisstjórnarinnar. Hver er þá stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum kennara?

Ríkið er viðsemjandi framhaldsskólakennara þannig að yfirlýsing fjármálaráðherra lofar ekki góðu fyrir komandi kjaramálum þeirra. Viðsemjendur grunn- og leikskólakennara eru sveitarfélögin. Stefna ríkisstjórnarinnar skiptir þó miklu máli, einnig í kjaramálum leik- og grunnskólakennara.

Það skiptir sköpum fyrir skólakerfið að sátt náist um launamál kennara. Undanfarin ár og áratugi hefur búið um sig spennu meðal kennara vegna óánægju þeirra með laun sín. Afar brýnt er að á þessari spennu slakni svo friður geti ríkt um góðan skóla á Íslandi.

Meðalaldur kennara er hár. Ljóst er að mjög hátt hlutfall kennara, bæði í grunn- og framhaldsskólum, fer á eftirlaun á allra næstu árum. Líðlega 45% framhaldsskólakennara eru meira en fimmtíu ára og margir þeirra eiga rétt á að hætta störfum fyrir 67 ára aldur vegna hinnar svokölluðu 95 ára reglu. Staðan í grunnskólunum er svipuð. Því er ekki aðeins mikilvægt að halda í starfandi kennara í skólum landsins heldur einnig að laða hæft ungt fólk til starfa nú þegar svo margar kennarastöður munu losna á næstu tíu til fimmtán árum.

Þó að sýnt hafi verið fram á að laun leiki ekki lykilhlutverk í starfsvali þorra fólks er ljóst að ef laun eru mjög lág hafa þau fælandi áhrif. Það gildir ekki síst þegar starfsmenn hafa efnt til mikils kostnaðar við að mennta sig til starfans. Það er ekki ódýrt að mennta sig til kennara, sem nú er þriggja til fjögurra ára háskólanám. Það verður svo sannarlega ekki ódýrara þegar frumvarp menntamálaráðherra um menntun kennara verður að lögum og krafist verður meistaraprófs af kennurum, en það er fullt fimm ára nám.

Fagurgali ráðamanna um metnað til að reka hér helst besta menntakerfi í heimi er alþekktur. Þessum metnaði verður að fylgja fjármagn til að greiða laun kennara. Góður kennarahópur er sá þáttur sem vegur allra þyngst þegar skapa á góðan skóla. Því verður kennarastarfið, á öllum skólastigum, að vera eftirsóknarvert.

Nú þegar samningar eru lausir ríður á að ráðherrar ríkisstjórnarinnar tali einum rómi um kjaramál kennara. Góður hugur menntamálaráðherra dugir ekki einn og sér. Hér verða verkin að tala.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Umboðsleysi Vilhjálms

Um fátt hefur verið meira rætt en „meint“ umboðsleysi Vilhjálms P. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra Reykjavíkur, við ákvarðanatöku í REI-málinu svokallaða og nýttkomna skýrslu um málið. Hefur mikið verið rætt um hvort og þá við hvern Vilhjálmur hafi ráðfært sig en Vilhjálmur heldur því sjálfur fram að hann hafi haft fullt umboð.



Kattarþvottur

Stjórnmalamenirnir gerðu sjálfir í stýrihópi skýrslu um eigin verk sem hnoðuð var eftir þar til gerðum pólitískum uppskrift-

um. Lítið krydd var í útkomunni en þeim mun meira vatn til pólitískra þvotta. Komst hópurinn þó ekki hjá því að vera í nokkru ósammála Vilhjálmi og segja í skýrslu sinni að „það þurfi að skerpa á þeim skilningi að borgarstjóri þurfi framvegis skýrt umboð meirihluta borgarstjórnar við meiriháttar ákvarðanir“.

Tvær álitserðir

Að auki eru tvær álitserðir ósammála Vilhjálmi um „meint“ umboðsleysið. Í álitserð Láru V. Júlíusdóttur segir: „Sú háttsemi borgarstjóra að kynna málið ekki í sínum borgarstjórnarflokki kostaði trúnaðarrest. Það

að fjalla um mál og leita eftir sjónarmiðum samstarfsaðila er hluti af grundvallarhugmyndum um lýðræði.“

Þá segir Andri Árnason í álitserð sinni: „Það er því álit mitt að þáverandi borgarstjóri (Vilhjálmur) hafi ekki haft umboð á fundi eigenda OR (Orkuveitu Reykjavíkur) hinn 3. október síðastliðinn eins og hér stóð á, til að samþykka fyrir hönd OR samning um breytingar á eignarhaldi REI og samruna við GGE (Geysir Green Energy) þar sem REI er yfirtökufélag.“ Getur því verið að Vilhjálmur hafi ekki lesið skýrsluna og álitserðirnar eða man hann kannski ekki eftir henni?



olav@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Þarf að endurreisa virðingu stjórnmalanna?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Verkefni stjórnmalanna

Sjálftæðismenn hafa lengi búið við þá gagnrýni sandstæðinga sinna að flokkur þeirra sé annar en áður var, hann hafi verið betri undir forystu þeirra sem á undan gengu. Hið merkilega er að allir forystumenn Sjálftæðisflokksins hafa búið við slíkan samburð, allt frá því að Jónas frá Hriflu gagnrýndi hinn nýstofnaða Sjálftæðisflokk fyrir að leiða auðhyggjuna til hásetis og þar hann saman við hið mannbætandi íhald sem á undan hafði verið. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnmalamenntun sem nú eru uppi séu hvorki betri né verri en þeir sem á undan hafa farið. Mörgum er tíðrætt um þau mistök sem orðið hafa í hinu svokallaða REI-máli og vilja m.a. rekja þangað dvinandi traust á stjórnmalamönnum og einnig eru hræringar í borgarstjórn Reykjavíkur nefndar til sögunnar.

Mistök fyrr og síðar

Ég held að þetta sé ekki svona einfalt. Ekki þarf til dæmis nema yfirborðsþekkingu á sögu hagstjórnar á Íslandi á síðustu öld til að geta nefnt dæmi um hroðaleg mistök, rugl og vitleysu sem vöktu alþjóðaathygli. Ekki efast ég um að þeir sem þar um véluðu vildu landinu sínu allt hið besta og lögðu sig fram um að gera vel. Margt var reyndar vel gert en mistök voru svo sannarlega gerð og þar eiga allir flokkar sína ábyrgð. Eins er með stjórnmalamenn nú á dögum. Margt er mjög vel gert, vandað og skynsamlegt, en ýmislegt fer úrskeiðis. Ég held því að leita verði orsaka vantrausts almennings á stjórnmalamönnum annars staðar en í því að stjórnmalamönnum séu mislagðar hendur.

Vandinn

Vissulega er það svo að stjórnmalamenn geta haft mjög bætandi áhrif á samfélagið og ég hefði ekki valið mér þennan starfsvettvang ef ég tryði því ekki. En það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að áorka með beitingu opinbers valds. Stjórnmalamenn hafa þá tilhneigingu að lofa að leysa allan vanda með opinberum aðgerðum og það má t.d. merkja á því að nú eru opinber útgjöld nærri helmingur landsframleiðslunnar. Og hér liggur hundurinn grafinn. Stjórnmalamenn eru í auknum mæli að lofast til að leysa verkefni sem hvert og eitt okkar erum ein fær um að leysa og um leið hafa þeir ekki skilgreint nægjanlega hvert hlutverk hins opinbera á að vera. Og þegar illa gengur, þegar börnin læra ekki mannasíði í skólanum, þegar nýskipuð nefnd um fátækt eyðir ekki fátækt eða stjórnmalamenn vilja allt í einu verða einhvers konar útrásarfurstar, þá missa stjórnmalamennirnir smám saman tiltrú. Í þessu er stór hluti vandans fólgin og bættir verkefni eða faglegir samráðshópar sérfræðinga leysa ekki málið. Ef við stjórnmalamenn getum ekki skilgreint hver verkefni hins opinbera eiga að vera, þá getum við vart ætlast til þess að almenningur treysti okkur. Og ef við þykjumst geta leyst allan vanda og haft vit fyrir öllu fólk þá mun traustið einnig láta á sér standa. Í þessu er vandinn fólgin að mínu mati og lausn hans þarf að taka tillit til þess.

Ávísun á betri tíð – kannski

Grundvallaratriði REI-málsins eru nú skýr, Borgarstjórn á næsta leik eins og Morgunblaðið benti á í forystugrein á fimmtudaginn og svo flokkarnir sem eiga fulltrúa í borgarstjórn – hver fyrir sig. Það er algengt í umræðunni um álit stýrihópsins að fólk hefði viljað sjá niðurstöðurnar skýrari. Það er eðlileg ósk, en það var mikilvægt af minni hálfu að samstaða næðist um niðurstöðuna. Hversu algengt er það ekki að meirihluti hafi sagt eitt og minnihluti annað og að ekkert hafi komið út úr þannig málsmeðferð? Það tekur á að ná sameiginlegri niðurstöðu þar sem fólk kemur ekki aðeins að málinu eftir mismunandi pólitískum leiðum, heldur eiga aðilar málsins mismunandi persónulega sögu í þessu máli. Það hefði verið venjulegra og fljótlega að rusla málinu út úr stýrihópnum með venjulegum meirihluta og minnihluta. Það var ekki gert og það eru pólitísk tíðindi.

Ekki dómstóll

Það er athyglisvert að margir hefðu viljað sjá nefnd nöfn þeirra sem bera ábyrgð. Það er líka eðlilegt en þá verður að benda á að stýrihópurinn var ekki dómstóll – sem betur fer. Svona starfshópar hafa ekkert annað umboð en pólitískt, það er ekki þeirra hlutverk að benda á hinn seka ef hann er til. Það er verkefni dómstóla og til þess er réttarkerfið. Hins vegar geta stjórnmalamenn litið í eigin barm og það hefur oft leitt til þess að þeir hafa ákveðið að axla sín skinn. Ef þeir ekki gera það sjálfir geta flokkarnir gert það fyrir þá, flokkarnir sem þeir eru í. Það getur enn gerst. Hins vegar bera embættismenn líka ábyrgð í þessu máli en þeir hafa starfað á ábyrgð stjórnmalanna þó þeir hafi stundum hagað sér sjálfir eins og pólitik- usar.

Alvarlegt verkefni

Það þarf að taka það verkefni alvarlega að endur- vekja eða vekja traust á stjórnmalunum og stjórnmalamönnum. Það er vandasamt en mikil- vægt að hefja verkið. Stjórnmalin eru undirstaða lýðræðisins.

Í samstöðu stýrihópsins felst ávísun á betri tíma, heildarlegri vinnubrögð. En þar getur líka verið hætta á hrossakaupum með pólitísk viðhorf. Það má ekki verða og það meðalhöf er vandaratað þar sem annars vegar er heildarleg málamiðlun og hins vegar heildarlegur ágreiningur.

Samstaða er í sjálfu sér eftirsóknarverð í stjórnmalum því hún er heildinni í hag. Heildarlegur, skýr og afdráttarlaus ágreiningur er það sömuleiðis. Það er skylda okkar stjórnmalanna að endurskoða vinnubrögð og hefðir í ljósi þessarar skýrslu og endurmeta hefðbundna og vérlæna sýn á það hvornig rétt sé að leiða mál til lykta. Þannig breytum við.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt eflni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Merki um öruggari bílakaup

Bíll sem ber merki um Bílaábyrgð Varðar er betri bíll vegna þess að hann er tryggður fyrir óvæntum bilunum og göllum þó hann sé ekki lengur í verksmiðjuábyrgð.

Kynntu þér kosti Bílaábyrgðar í síma 514 1000 eða á vordur.is



Skaðinn af REI-málinu

UMRÆÐAN

REI-málið

REI-stýrihópurinn hefur skilað langþráðri skýrslu sinni um „skandalinn“ sem skeið hefur íslenskt samfélag mánuðum saman, kostað viðvarandi umrót í borgarstjórn og reynt verulega á þórlif landsmann. Niðurstaðan er þessi: Svigrúm borgarstjóra til stærri ákvarðana ber að skýra og kaupréttarsamningar starfsmanna sameinaðs orkuútrásarfyrirtækis REI og Geysis Green kynnu að vera umdeilanlegir. Það var nú allt og sumt. Og þá má spyrja hvort gengið hafi verið til góðs.

Kommar í business

Datt einhverjum í hug að hægt væri að kalla Bjarna Ármannsson, Hannes Smárason og þeirra liðsmenn til samstarfs án kaupréttarsamninga og kjara sambærilegra þeim sem almennt tíðkast á þeirra vettvangi? Taldi einhver að sá mannskapur allur mundi hefja störf á launakjörum opinberra starfsmanna og án þeirra gulróta sem knýja að jafnaði einkageirann – þ.e. hlutdeild í gróða ef einhver verður? Og hefði verið skynsamlegt að gera í sameinuðu fyrirtæki upp á milli þeirra starfsmanna sem áður störfuðu hjá Geysi Green og þeirra sem komu frá REI? Það er e.t.v. skiljanlegt að gömlu Stalínistarnir í VG færu á límingunum við tilhugsunina um að fyrrum starfsmenn „hins opinbera“ nytu í nýju sameinuðu útrásarfyrirtæki nútímalegra kjara-bóta ef vel tækist til. En var hagsmunum okkar Reykvikinga best borgið með því að láta VG hrópa málið af dagskrá eða að fela þeim að semja viðskiptamódel orkuútrásarinnar?

Er Bingi Einar Ben 21. aldarinnar?

Í umræðunni hefur að undanförun sjaldnast verið minnst á þann stórkostlega samning sem Björn Ingi gerði fyrir hönd Reykvikinga,

sumsé að pakka saman þekkingu starfsmanna Hitaveitunnar og verðmeta á heila 10 milljarða. Það virtist satt að segja ótrúlega góður dill fyrir okkur Reykvikinga. Væri einhver tilbúinn að reida fram þá 10 milljarða í dag? Er einhver af hinum framsæknu útrásarmönnum Íslands tilbúinn að stíga „einkadans við „hið opinbera“ á þessu sviði eftir það sem á undan er gengið?

Þeir einkaaðilar sem nú er gengnir frá ævintýrinu laskaðir og vonsviknir, munu að líkindum ekki mæla sérstaklega með slíku sam-



JAKOB FRÍMAGN MAGNÚSSON

Minni hagsmunum fórnað fyrir meiri

Vinstri grænum tókst ætlunarverk sitt. Að hrópa Úlfur! Úlfur! nægilega oft til að fella meirihluta borgarstjórnar og skipa sjálfum sér þar til

krulli í sínum hópi í brád.

Við hefðum satt að segja þurft á því að halda í miðju skammdeginu og svartagallsrausinu sem einkennir samfélagið um þessar mundir, að hafa einn til tvo alvöru athafnamenn til að leiða öfluga orkuútrás og tala fram tíðina upp fremur en hitt.

forsætis með heilögum umbóta- og vandlættingarsvip. Tímabundið. Sá svipur var vægast sagt orðinn eilítið kindarlegur er móðskýrslan var loks fram reidd. Upp úr krafsinu hlaust ekki bara skaði upp á 10 milljarða heldur a.m.k. annað eins í trúverðuleika og trausti sem „hið opinbera“ glutraði í þessari snautlegu vegferð.

Alvöru fjármála- og útrásarmenn munu að óbreyttu ekki treysta sér með áhættufjármagn sitt í púkk með „hinu opinbera“ eftir þetta. Fyrrum bankar „hins opinbera“ bera gleggst vitni þeim aulagangi sem einkennt hefur „hið opinbera“ í öllum business á Íslandi til þessa: Bankar sem seldir voru á 10 milljarða 2003 voru 2007 eftir stjórn einkaaðila metnir á 600 milljarða.

Þegar óþreifanleg þekking jarðfræðinga og verkfræðinga Hitaveitunnar fæst metin á 10 milljarða og sóknarfærin blasa við um víða veröld fyrir tilstuðlan einkaaðila, þá leyfa skammsýnir pólitíkusar sér að hleypta öllu upp og blása viðskiptin af borðinu í einu veltfangi. Án þess einu sinni að gera sér grein fyrir eigin skaðræði. Allt fyrir tímabundna setu á forsetastóli borgarstjórnar?

Sjálfsgagt er að menn taki tilmælin í skýrslu stýrihópsins til greina. Mikilvægast er þó að kjörnir fulltrúar læri af þessari reynslu hvernig á EKKI að halda á sameiginlegum fjöreggjum landsmanna.

Höfundur er tónlistarmaður.

Forðumst flensuna



Hvað er inflúensa?

Inflúensa – í daglegu tali kölluð flensa – er árlegur faraldur. Hún stafar af inflúensuveirum sem sýkja öndunarferin (nef, háls, berkjur og stundum lungun). Flensa smitast frá manni til manns með úðadropum sem berast úr öndunarferum smitaðra þegar þeir hósta og hnerra eða með snertingu þegar veirurnar eru á höndunum. Sjúkdómurinn getur staðið yfir í meir en viku með tiltölulega vægum einkennum en hann getur líka valdið alvarlegum veikindum.

Einkenni: Skyndilegur sótthiti, beinverkir, höfuðverkur og almenn vanlíðan. Einnig geta komið fram einkenni eins og þreyta, hósti, hnerri, nefstífla og erting í nefi, augum, hálsi og eyrum.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Hátíð í Hafnarfirði

Ellert Magnússon, deildarstjóri æskulýðsmála í Hafnarfirði, skrifar:

Miðvikudaginn 13. febrúar og fimmtudaginn 14. febrúar verður Grunnskólahátíð ÍTH haldin. Hátíðin er ein sú umfangsmesta sem krakkar í Hafnarfirði standa fyrir og í öllum undirbúningi er lögð mikil áhersla á frumkvæði krakkanna sjálfra, sem hafa staðið sig vel. Í ár er 100 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar og lítast undirbúningurinn af því.

Í tilefni afmælisins bauð afmælisnefnd bæjarins frítt á hátíðina, en að frumkvæði krakkanna sjálfra var ákveðið að aðgangseyrir yrði 100 kr., ein króna fyrir hvert ár, og að öll innkoma rynni til góðgerðamálefna. Ákveðið var að styrkja starfsemi sem sérstaklega snýr að börnum og ungmennum. Þá stendur til að bjóða sérstaklega öllum áhugasömum íbúum Hafnarfjarðar að koma á leiksýningar sem haldnar verða 13. febrúar í íþróttahúsinu við Strandgötu. Fimmtudaginn 14. febrúar er svo haldinn risadansleikur í íþróttahúsinu þar sem dagskrá er afar glæsileg og er búist við um 1.000 krökkum.

Allt starfsfólk ÍTH fagnar því að fá að standa fyrir og taka virkan þátt í undirbúningi viðburðar sem þessum og verður að segjast að allt samstarf, hvort heldur er við grunnskólana, félagasamtök eða krakkana sjálfa, hefur verið til fyrirmyndar. Í Hafnarfirði er mikil áhersla lögð á að virkja börn og ungmenni til þátttöku í skipulagningu, framkvæmd og undirbúningi hinna ýmsu viðburða. Unglingalýðræði í Hafnarfirði er mikils metið og í raun ótrúlegt hversu miklum árangri krakkarnir geta náð þegar skapaður er vettvangur fyrir þau að vinna, tjá sig og framkvæma. Þá er það von okkar að sem flestir þiggi boð krakkanna og liti við á leiksýningar sem þau hafa verið að undirbúa síðustu vikur og taki þannig þátt í þessu mikla framlagi þeirra til afmælisins.

1. Þvoðu þér reglulega um hendurnar –(einkum fyrir máltíðir)

Handþvottur verndar gegn beinni og óbeinni snertingu við inflúensuveiruna. Bein snerting er m.a. að taka í höndina á sýktum einstaklingi sem hefur snert munn sinn eða nef eða haldið fyrir vitin til að hósta eða hnerra. Óbein snerting felst í að snerta hluti sem smitaður einstaklingur hefur handleikið, t.d. hurðarhún eða notaða bréfpurrku.

2. Notaðu bréfpurrkur til að hylja munn og nef þegar þú hnerrar og hóstar

Úðadropar úr vitum berast aðeins stutta leið, innan við einn metra. Þeir sem standa næst einstaklingi sem hnerrar eða hóstar án þess að halda fyrir vitin eru í hvað mestri smithættu. Að halda fyrir munn og nef dregur úr líkum á smiti.

3. Hentu notuðum bréfpurrkum beint í ruslið

Inflúensuveirur geta lifað tímabundið utan líkamans og hægt er að smitast með því að snerta hluti sem nýlega hafa mengast, s.s. vasaklúta eða bréfpurrkur, eða með því taka í hönd smitaðs einstaklings. Bein eða óbein snerting, t.d. við bréfpurrku, sem smitaður einstaklingur hefur nýlega notað til að snýta sér með eða hnerra á, getur skapað smithættu.

4. Haltu fyrir vitin ef bréfpurrkur eru ekki til taks

Þegar bréfpurrkur eru ekki við hendina skaltu halda fyrir munn og nef og þvo hendurnar strax á eftir eða hnerra á handlegginn eða í olnbogabótina til að hindra dreifingu veiranna.

5. Vertu heima meðan veikindi vara

Inflúensa er mest smitandi fljótlega eftir að sjúkdómseinkenni byrja. Enda þótt veirurnar haldi áfram að dreifast í allt að fimm daga frá upphafi veikinda (sjö daga hjá börnum) dregur smám saman úr fjölda þeirra og þar með minnkar smithættan. Ráðlegt er að vera heima frá því að einkenna verður vart. Ef þér versnar skaltu leita læknis.



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnaleknir

Austurströnd 5 • 170 Seltjarnarnes • Sími 5101900 • www.influensa.is • www.landlaeknir.is



Höfum mikið svigrúm til bóta

Bolvíkingurinn **Einar Kristinn Guðfinnsson** hefur verið á þingi síðan 1991 og sjávarútvegsráðherra síðan 2005. Hann stendur nú frammi fyrir því að Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna telur kerfið, sem íslenskur sjávarútvegur byggir á, óréttlátt. Í samtali við *Klemens Ólaf Þrastarson* segist Einar hafa ýmislegt tengt kvótanum til endurskoðunar. Hann vill þó tryggja stöðugleika.

Einar er afskaplega ánægður með starf sitt í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Þar fær hann greitt fyrir að sinna áhugamálunum; pólitík og sjávarútvegs- og byggðamálum. Hann vinnur nú að sameiningu ráðuneytanna tveggja og því er í mörg horn að líta. En efst á baugi hlýtur að vera umdeilt kvótakerfið, í ljósi nýlegrar niðurstöðu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Hefur verið tekist á um þetta álit innan ríkisstjórnarinnar og er þrýstingur frá Samfylkingunni?

„Nei, það hefur verið þrýðileg sátt í ríkisstjórninni. Við erum sammála um að taka þetta álit alvarlega og ég mun hafa forystu um að semja efnislegt svar sem ríkisstjórnin mun síðan sameinast um. Menn ætla að virða þetta álit og ég ætla mér ekki að reyna að skauta létt fram hjá því. Ég tel að okkur beri ákveðin skylda til að bregðast við því og svara með fullnægjandi hætti á tilsettum tíma. En þeir sem tala eins og þetta sé verkefni sem hægt er að hrista fram úr erminni eru á villigötum.“

Ég get gert ýmsar efnislegar athugasemdir við álitid og hef sagt að það sé á margan hátt óskýrt og lítið lagt í rökstuðninginn. En það stóðar ekkert að deila um niðurstöðuna. Henni verður ekki breytt. Þess vegna er okkar verkefni að svara þessu og útskýra okkar mál og taka næstu skref. Þau eru hins vegar ekki ákveðin og því get ég ekki svarað því hver þau verða.“

En fyrir utan nefndina eru einnig 80 prósent þjóðarinnar og meira að segja Framsóknarflokkurinn farinn að efast um kerfið?

„Hvað er það sem áttatíu prósentin eru óánægð með? Ég hygg að sú óánægja birtist manni nú á ýmsum forsendum og summan af henni leiði okkur ekki endilega að klárri niðurstöðu. Ég er hins vegar sammála því að stjórnvöld geta ekki horft framhjá almenningsálitinu.“

Eitt af því sem ég held að óánægja sé með eru afleiðingarnar fyrir byggðirnar og sumir segja til dæmis að aflahlutdeildinni eigi að skipta jafnt milli landsins þegna. Ég er alveg ósammála því enda myndi það þýða mikla tilfærslu á afla frá minni byggðunum til þeirra stærri.“

En nú kallast þetta sameign þjóðarinnar. Eftu ekki einmitt allir að eiga jafnt í henni?

„Það sem ég er að segja er að stóra málið er að skilgreina einhvern fiskveiðirétt og ef við ætlum að gera það með þeim hætti að setja byggðirnar í uppnám þá yrði afleiðingin af slíku miklu meira ósætti en við höfum séð.“


Eru byggðirnar ekki nú þegar í uppnámi?

„Skal svo bül bæta að bíða annað verra? Ég er nú ekki sammála því að allar þessar byggðir séu í uppnámi. Stærstur hluti aflakvótanna er í dag á landsbyggðinni. Það er aðeins lítil minnihluti sem er hér á suðvesturhorninu.“

Neikvæði anginn

En hvað með unga fólkið í Bolungarvík sem langar að sækja sjóinn og kemst ekki inn?

„Það hefur aldrei verið auðvelt að hefja útgerð og ég get tekið undir það að það er mjög erfitt nú til dags. Ég skal viðurkenna fyrstur manna að það er neikvæður angi okkar sjávarútvegs að þessi aðgangur skuli ekki vera auðveldari. En hingað til hafa menn ekki bent á auðveldar leiðir út úr því vegna þess að verið á aflaheimildum endurspeglar það að sjávarútvegurinn býður upp á góða tekju-



EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON Segir að niðurskurður aflaheimilda síðasta árs hafi verið erfiðasta ákvörðun ferilsins og sérstaklega erfið fyrir hann sem Vestfirðing. Hann sker ekki úr um hvort kvótakerfið sé réttlátt eða ekki.

möguleika og trú manna á atvinnugreininni.“

Þú sagðir 1996 um afleiðingar frjáls framsals að verðlagning aflaheimilda væri ekki í neinu samræmi við árangurinn í greininni og að ekki yrði hjá því komist að gera á þessu breytingar?

„Já en ég tel nú að þetta háa verð sé ekki endurspeglun á raunverulegri arðsemi rekstrarins sem er í greininni, heldur kunni að endurspeglar framtíðarvæntingar manna. Þetta hefur eflaust haft sitt að segja í fortíðinni líka.“

Við erum að láta fara yfir reglur um frjálsa leiguframsalið í sjávarútveginum. En það eru uppi alveg ólík sjónarmið um hvort það sé æskilegt eður ei. LÍÚ og samtök sjómanna hafa reyndar sameiginlega óskað eftir því að þrengja þessa framsalsmöguleika með því að auka veiðiskylduna. Aðrir telja þó að það myndi verða til þess að þrengja aðgangsmöguleika þeirra sem hafa minni aflaheimildir. Ég ætla ekki að spá neinu um niðurstöðu nefndarinnar en við erum að fara yfir þessi mál.

Ég hef sagt að það sé eðlilegt að sá sem hefur fiskveiðiréttinn nýti hann sjálfur og ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi leiga á aflaheimildum sé það sem gerir kvótakerfið hvað óvinsælast. Ég tel þó að ekki sé hægt að horfa framhjá mót-

rökunum og því erum við að fara vandlega ofan í þessi mál. Annars hefði ég bara gert þessar breytingar.“

Hvað með fyrningarleið Samfylkingarinnar?

„Eftir starf auðlindanefndar var komist að þeirri pólitísku niðurstöðu á sínum tíma að fara ekki fyrningarleiðina heldur innheimta veiðigjald. Ég stóð að þessari niðurstöðu eins og aðrir stjórnarliðar og hef ekki endurskoðað hug minn í þeim efnunum.“

En það var niðurstaða stjórnarsáttmálans að við færum yfir reynsluna af aflamarkskerfinu með sérstöku tilliti til byggðanna og sú vinna fer í gang á næstunni. Þess vegna kallar Mannréttindaálitid sem slíkt ekki endilega á lagabreytingu; því við erum að fara í þessa endurskoðun alveg óháð því. Mér finnst þó harla ólíklegt að það verði gerðar grundvallarbreytingar á kerfinu. Viðteljum aðbreytingarnar eigi að byggja á núverandi veruleika, frekar en öðru. Þótt við höfum möguleika á ákveðinni tilfærslu heimilda þá hljóttum við að horfa til heildarhagsmunanna.“

Ekki fullkomið kerfi

Hagsmunasamtök útvegsmanna tala stundum eins og þetta sé besta mögulega fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi?

”

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi leiga á aflaheimildum sé það sem gerir kvótakerfið hvað óvinsælast.

„Ég myndi aldrei taka undir það að við séum búin að finna upp hið fullkomna sjávarútvegskerfi. Það hefur sína kosti en ég hef aldrei reynt að gera lítið úr vanköntum þess. Erfiðast er auðvitað að horfa upp á þá þróun sem hefur orðið í þeim byggðum sem hafa orðið undir og tapað sínum fiskveiðirétti. En mér finnst mikilvægt að jákvæðari hlutir, eins og nýsköpun sem sést víða í greininni, fái einnig vægi í umræðunni.“

En það stoppa allir á þessum punkti; að kerfið virðist vera orðið óréttlátt í grunninn?

„Já, það stoppa allir á honum og ég hef aldrei verið hjartsýnn um að menn kæmst að einhverri endanlegri niðurstöðu sem allir gætu verið sáttir við. Sjávarútvegurinn verður að geta gert kröfur eins og aðrar atvinnugreinar um ákveðinn stöðugleika og að geta séð fram í tímann.“

Telur þú kvótakerfið réttlátt að öllu leyti?

„Menn hafa nú verið að glíma við hugtakið réttlæti frá því að þeir tóku til við að hugsa og ég á ekki von á því að ég hafi höndlað neinn endanlegan sannleika í því, né heldur hafi fjölmörgum höfundum kvótakerfisins tekist það í sjálfu sér. Þetta kerfi hefur margskonar tilgang og við höfum náð sumum af okkar markmiðum en ekki öllum. Kerfið hefur verið í stöðugri þróun meðal annars til að bregðast við gagnrýni um óréttlæti þess og að það hafi ekki náð tilteknum markmiðum sínum og ég á von á því að slík vinna verði viðvarandi um ókom- in ár.“

Dú segist ekki bjartsýnn á að sátta náist um þetta kerfi? En hvað munt þú gera til að auka líkurnar á því?

„Það sem ég á við er að sú gagnrýni sem sett er fram gerir það vita vonlaust að komast að niðurstöðu út frá henni. Menn eru ekki einu sinni sammála um hvort fiskistofnar séu í hámarki eða lágmarki! Ég ætla að halda því fram að þær kröfur sem komið hafa meðal annars um algjöra uppstokkun á kerfinu, þar sem menn eru jafnvel að tala um að hverfa frá skilgreiningu fiskveiðiréttar, þær myndu skapa óöld og óánægju og ósætti sem væri margfalt á við það sem er í dag.“

Allar þjóðir sem hafa náð árangri í fiskveiðistjórnun hafa haft vel skilgreindan fiskveiðirétt og ég tel ekki að Mannréttindaneftindin hafi verið að dæma það úr leik að við gætum haft hann, hvort sem við köllum það kvóta eða daga eða eitthvað annað.“

Hann getur verið skilgreindur sem svo að fleiri megi hafa hann en hafa nú þegar?

„Já, en aðalatriðið er að á bak við hann sé einhver víska. Versti óvinur atvinnulífsins er óvissan.“

Erfiðasta ákvörðunin

Var ekki niðurskurðurinn í fyrri erfiður fyrir þig sem Vestfirðing?

„Jú, auðvitað var þetta mjög erfið ákvörðun fyrir mig sem Vestfirðing og þingmann Norðvesturkjördæmis þar sem þorskurinn er svona mikilvægur. Sú langerfiðasta ákvörðun sem ég hef tekið á ferli mínum.“

Hvernig hefur verið að fara vestur og mæta þínum mönnum?

„Viðbrögðin hafa verið ýmis- konar. Það kom mér ekki á óvart að fá gagnrýni, því auðvitað er þetta umdeild ákvörðun. Það hefur kannski komið mér á óvart hversu margir hafa samt sem áður lýst yfir skilningi á þessari ákvörðun.“

Ég stóð einfaldlega frammi fyrir þeirri staðreynd að það lágu fyrir alvarlegar upplýsingar um stöðu þorskstofsins. Staðan var sem betur fer ekki svo alvarleg að við ættum ekki valkosti. Ég velti því mikið fyrir mér hvort ég ætti að fara í 130.000 eða 155.000 tonn. Það hefði mátt færa rök fyrir hvoru tveggja. Hefðum við farið í 155.000 tonn þá hefðum við þurft að taka skref niður á við að nýju við næstu aflamarksákvörðun. Það er alveg ljóst að leiðin hefði legið niður á við. Það var því mitt mat og ríkisstjórnarinnar að skynsamlegra væri að fara að ráðum fiskifræðinganna og innbyrða þennan súra bita í þeirri von að við sæjum þá viðreisn fyrr.“

Var þessi niðurskurður ekki áfelligdómur yfir kvótakerfinu?

„Ekki endilega yfir kvótakerfinu. Kerfið er aðferð til að stjórna hámarksafnanum, en auðvitað er þetta áfelligdómur yfir því sem við höfum gert í fortíðinni. Við höfum ekki verið að ná árangri. Við höfum verið í þessari lægð með þorskstofninn og það er óviðunandi. Við getum ekki boðið, hvorki þeim sem eru að reka fyrirtækin né þeim sem vinna í sjávarútveginum, upp á það að við séum í þessum öldudal með okkar þorskstofn.“

Dú undraðist mikinn niðurskurð kvóta árið 1994 og talaðir þá um árangursleysi fiskveiðistjórnunarinnar?

„Já, þetta hefur auðvitað verið óviðunandi árangur og þess vegna er ég að grípa til þessara aðgerða núna. Menn geta auðvitað reynt að pissa í skóinn sinn og damlað áfram og unað við lítið aflamark. Ég tel það ekki verjandi. Það hefði verið auðveld leið fyrir mig að halda í horfinu og ég hefði fengið klapp á bakið frá ýmsum fyrir það. En til framtíðar hefði það dregið máttinn úr þessari atvinnugrein.“

Höfum mikið svigrúm

Það má þá ekki álykta að þú sért kominn á aðra skoðun en þú hafðir í upphafi ferilsins?

„Nei. Mínan skoðanir hafa ekki breyst í grundvallaratriðum. En ég skal viðurkenna að sumt hefur breyst í mínum viðhorfum. Nú tel ég til dæmis brýnna en áður að líta ekki á sjávarútvegin í rómantískum fortíðarbjarma heldur sjá að hann er alvöru atvinnugrein í harðri samkeppni við erlend fyrirtæki sem njóta ríkisstuðnings.“

Það sem er nýtt í málinu er að sjávarútvegurinn er líka að heyja harða samkeppni hér innanlands. Á árum áður þótti hann hafa slíka yfirburði að þyrfti að setja á hann sérstaka skatta til að rétta kúrsinn af. Þetta var sérstaklega talað um til að jafna rekstrar-skilyrði sjávarútvegsins og iðnaðarins.“

Nú keppir sjávarútvegurinn við atvinnugreinar sem áður voru ekki til staðar; fjármála-

þjónustu, tækniþjónustu, stórlöngju og ýmislegt annað.“

Um hvað keppir hann?

„Fjármagn og fólk. Að þessu leytnu er það rétt að ég hef skipt um skoðun. Mér er það betur ljóst að við verðum að útvega sjávarútveginum öll þau tæki og tól sem hann þarf á að halda til að vera samkeppnishæfur. Sjávarútvegurinn hefur miklu þjóðfélagslegu hlutverki að gegna. Hann er atvinnuvegurinn sem ber uppi heilu byggðirnar.“

Hann gerði það, en fjarar ekki sífellt undan því hlutverki?

„Það er rétt hjá þér, en hann er enn burðarásinn á stórum landsvæðum og þess vegna höfum við lagt á hann aðrar byrðar en á aðrar atvinnugreinar. Tilfærsla aflahlutdeildar í kerfinu er ótrúlega

mikil og miklu meiri en Mannréttindaneftindin áttar sig á í sinni umfjöllun. Við höfum til dæmis verið að færa aflaheimildir í stórum stíl frá stærri bátum og til þeirra minni, því þeir hafa verið staðsettir í minni byggðarlögum.“

Hvernig færir þú heimildir á milli án þess að ganga á eignaréttinn?

„Við höfum gert það á grundvelli laga, við höfum bara ákveðið að hlutdeild minni báta ætti að vera meiri. Við getum að sjálf-sögðu ekki gengið á eignaréttinn, hann er varinn í stjórnarskránni. En þetta er að vísu ekki eign, þetta er atvinnuréttur og Hæstiréttur hefur komist að því að það sem við höfum gert í þessu efni hafi verið innan stjórnarskrárinnar.“

Við höfum tekið um það pólitíska ákvörðun að sjávarútvegurinn eigi að gegna samfélagslegu

og byggðalegu hlutverki. Við höfum gert þetta með línuvinnun og byggðakvótum og jöfnunar-pottum og svona mætti áfram telja. En auðvitað eru takmörk fyrir því sem hægt er að leggja á sjávarútvegin.“

Frá hverjum hafði þið tekið þessar heimildir?

„Við höfum tekið frá öðrum útgerðarmönnum. Heimildir voru fluttir úr aflamarkskerfinu og til krókabátanna og þá misstu allir kvótaeigendur jafnt, hlutfallslega séð.“

Og það var ekkert greitt fyrir þær heimildir?

„Nei. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að stjórnarskráin veiti okkur mjög mikið svigrúm til að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið.“

NÝ VARA!

Fyrir minnið Aukin orka Andoxunarefni



Æskubrunnur er ætlaður þeim sem vilja viðhalda almennu heilbrigði þegar aldurinn færir yfir.

Æskubrunnur inniheldur þekktu samsetningu á fæðubótarefnunum asetýlkarnítín og alfalípóiksyru ásamt túnfisklýsisperlu sem inniheldur hátt hlutfall af fitusýrunni DHA. Rannsóknir hafa sýnt að í heila okkar er að finna umtalsvert magn af DHA enda er oft talað um fisk sem heilafæði. Saman eru þessi efni talin geta viðhaldið heilbrigði fruma líkamans, stuðlað að góðu minni og aukið orku.

Túnfisklýsisperla:
DHA fitusýra



Fæðubótarefni:
Asetýlkarnítín
og alfalípóiksyra



www.lysi.is



PIRELLA

Fáanlegur með sjálf-
skiptingu og TDI® dísilvél.

Tiguan. Hann breytir öllu.



Frumskýnum Volkswagen Tiguan um helgina.

Í dag, sunnudag, kl. 12–16 sýnum við hinn magnaða nýja sportjeppa frá Volkswagen í HEKLU húsinu. Ef þú hafðir einhver önnur plön, þá er Tiguan búinn að breyta þeim, því hann setur ný viðmið og breytir öllu um hvernig við lítum á fjórhjóladrifna sportjeppa. Komdu og prófaðu að reynsluaka þessum kraftmikla bíl í sérútbúinni torfærubraut og upplifðu það þegar Tiguan leggur sér sjálfur í stæði. Allar gerðar bílsins eru til sýnis og sölu um helgina, auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar og skemmtilegar uppákomur. Komdu og finndu hvernig Tiguan breytir öllu.



Das Auto.

Tiguan er einnig sýndur hjá umboðsmönnum um land allt kl. 12–16 í dag, sunnudag.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Á Íslandi er enginn að flýta sér

Gael Garcia Bernal er stórleikari. Kvikmyndir á borð við Amores Perros og Babel eru ágætis sönnun fyrir því auk Bafta-tilnefningar. Hann er líka einn nýjasti Íslandsvinurinn en þrátt fyrir að tímaritið Empire hafi valið hann einn af kynþokkafyllstu leikurum ársins 2007 á Bernal auðvelt með að ganga framhjá hópi ungra Íslenskra stúlkna sem hafa ekki hugmynd um að mexíkanska sjarmatröllið sé þar á ferð. *Freyr Gígja Gunnarsson* hitti leikarann sem sagði honum frá rólegum dögum í snjónum og leik sínum með Vesturporti í Tillsammans.

Fyrrirfram hefði einhver búið við því að hann væri klæddur í hátískuföt, eitt-hvað áberandi. En í raun minnir Bernal frekar á skiptinema frá fjarlægum landi en kvikmyndastjörnu frá Mexíkó. Heilsar öllum með nafni, brosi og handabandi. Hann pantar sér kaffi latté á Kringlukránni eftir að hafa komist óhultur inn úr óveðrinu og segist þurfa að fá tækifæri til að ranka aðeins við sér eftir erfða æfingu. Og það séu til fá betri meðul við slíku en einmitt kaffið.

Vetur konungur hefur ráðið ríkjum á meðan Bernal hefur verið hér á landi og Ísland stendur kannski loksins undir nafni. Bernal er þó ekki mikið að kippa sér upp við snjóþyngslin né myrkrið sem grúfir yfir öllu. Segist einfaldlega ekki verða mikið var við slíkt enda sé stutt á milli allra staða í litlu borginni Reykjavík. Ólíkt stórum borgum á borð við New York. „Þar þarf maður stundum að ganga heilu kílómetrana á milli,“ útskýrir Bernal og rifjar einnig upp veðurfarið í Toronto og Chicago. „Veðrið á Íslandi er í raun hreinasta hátíð miðað við veturna þar. Fólk á það til ýkja svolítið um veðurfarið hérna,“ bætir leikarinn við og kannast vel við að allar samræður á Íslandi hefjist á umræðum um veðurfarið. Hann er þó ekkert að skafa utan af því þegar hann lýsir því yfir að hann myndi aldrei búa Íslandi. „Ég gæti það aldrei, þá fyrst myndi ég kvarta enda ekki mikið

um að vera hérna. En ég nýt þess að vera á Íslandi núna og fyrir mér er eitthvað leyndardómsfullt og exótískt við Ísland í mínum huga,“ útskýrir Bernal.

Arkitekt eða knattspyrnu- maður

Frá rokinu og snjónum liggur leiðin til sólarinnar í Mexíkó þar sem Bernal er fæddur. Foreldrar hans voru bæði leikhúsfólk og hann stóð fyrst á sviði aðeins árs gamall. Hann reiknaði þó aldrei með því að verða leikari. „Mig langaði alltaf að hafa það sem hliðargrein, að geta komið fram á sviði. En aldrei að atvinnu. Leiklistin átti bara að vera einhver flóttaleið frá raunveruleikanum.“ Örlögin höguðu því hins vegar þannig að Bernal varð leikari en ekki atvinnumaður í knattspyrnu, læknir eða arkitekt eins og hann dreymdi um í æsku.

Og óhætt er hægt að segja að ferill Bernal hafi legið nánast rակleitt upp. Fyrstu hlutverkin voru í suður-amerískum sápum en stóra stökkið kom þegar mexíkanski leikstjórinn Alejandro González Iñárritu réð hann í hlutverk Octavio í Amores Perros. Hollywood tók strax eftir þessum unga Mexíkana en sjálfur segist Bernal hafa lítinn áhuga á draumaverksmiðjunni. „Ég hef alltaf reynt að sjá kvikmynd sem bara kvikmynd, sama hvaðan hún kemur. Ég hef aldrei unnið í Los Angeles, komst

”

Ég man að þegar ég kom hing-að fyrst þá ætlaði ég að gera einhverja sjö hluti á fyrstu fjórum dög-unum. Ég var búinn að þeim öllum fyrsta dag-inn. Maður eyðir aldrei neinum óþarfa tíma í neðanjarðar-lestum eða í bílateppum heldur kemst auðveldlega á milli.



FYRIRTAKS AFSLÖPPUN Bernal nýtur sín vel á Íslandi og líkir dvöl sinni við hálfgerð frí, hér hafi hann tíma til að vera með sjálfum sér. Hann gæti hins vegar aldrei hugsað sér að setjast hér að til frambúðar.

Bernal í hnotskurn

...fæddur 30. nóvember 1978

...tilnefndur til Bafta fyrir leik sinn í Mótör-hjóladaðagbókunum

...hefur leikið Che Guevara tvisvar

...var um tíma kærasti Natalie Portman

...stuttmyndin De tripas, corazón sem Bernal lék í var tilnefnd til Óskarsverð-launa

...samkvæmt kvik-myndavefnum IMDB er uppáhaldsleikari hans Javier Bardem

...samkvæmt Wiki-pediu kenndi hann ólæsum indjáním í Mexíkó að lesa aðeins fjórtán ára gamall

...leikur knattspyrnu með utan-deildarliði í Mexíkóborg þegar hann hefur tíma



næst því í Babel en þá var myndin reyndar tekin upp á landamærum Bandaríkjana og Mexíkó. Ég hef ekki mikið álit á Bandaríkjunum og finnst það ekki spennandi staður að búa á. Auk þess myndi ég tapa miklum peningum á því, að ekki sé talað um að þau verkefni sem ég fæ frá löndum á borð við Mexíkó, Spáni, Frakklandi og Englandi eru mun meira spennandi en þau bandarísku,“ segir Bernal en viðurkennir jafnframt að hann sé reglulega spurður að þessu. „Það er alltaf þessi pressa fyrir okkur leikarana, hvort við ætlum ekki að fara yfir og leika þar. En mér finnst það einfaldlega ekki.“

Uppfyllir öll vinnuskilyrði

Bernal fannst það hins vegar heillandi þegar Gísli Örn Garðarsson og eiginkona hans, Nína Dögg Filippusdóttir, sögðu honum frá hugmynd sinni um að setja saman leikverk upp úr kvikmynd Lukas Moodysson, Tillsammans. „Við höfðum rætt um að gera eitthvað saman og þau sögðu mér að ég ætti bara að vera með í þessu verki. Og ég sló bara til. En ég skal líka viðurkenna að í fyrstu kitlaði ákvörðunin sjálfsefskuna, mér fannst eitthvað svo yndislega skemmtilegt að geta sagst vera á Íslandi að leika í leikhúsi. Hins vegar, þegar öllu er á



botninn hvolfi, þá var ákvörðunin fyrst og fremst tekin af sömu ástæðum og ég hef tekið aðrar vinnulegar ákvarðanir í mínu lífi; vinátta, aðdáun á verkum hins aðilans og svo frelsið.“ Og það er einmitt frelsið sem Tillsammans fjallar um frá hinum ýmsu hliðum og Bernal er tíðrætt um. Honum finnst mikið frelsi vera fólgið í því að vera á lífili eyju í Norður-Atlantshafi, í lítilli borg, hafa nægan tíma fyrir sjálfan sig og geta gert hvað sem er.

Stutt er er liðið síðan formlegar æfingar hófust og Bernal setur upp vandræðasvip þegar hann er spurður út í sína persónu í leikritinu. „Ég bara veit ekki hvernig hún er,“ svarar hann af mikilli hreinskilni. „Við erum að vinna í henni. Það eina sem ég get sagt er að ég er útlendingur í kommu og á son,“ heldur Bernal áfram og verður síðan dularfullur þegar hann er spurður hvort hann hafi lært eitthvað í íslensku. „Tja, sko, já en ég ætla ekki að segja hvað það er, það á eiginlega að koma á óvart. Annars kom það mér á óvart hversu lík spænskan og íslenskan eru í framburði, það er bara nokkur hljóð eins og „þ“ sem við notum ekki,“ segir Bernal.

Alltaf nægur tími á Íslandi

En þótt spænski framburðurinn og sá íslenski séu líkir að mati leikarans er margt ólíkt hér og í Mexíkóborg þar sem Bernal býr alla jafna. Og hans upplifun af þjóðinni og þjóðarsálinni á eflaust eftir að koma mörgum spánskt fyrir sjónir. „Hér er enginn asi og enginn er á þeytingi og allir hafa nægan tíma. Ég man að þegar ég kom hingað fyrst þá ætlaði ég að gera einhverja sjö hluti á fyrstu fjórum dögum. Ég var búinn að þeim öllum fyrsta daginn. Maður eyðir aldrei neinum óþarfa tíma í neðanjarðarlestum eða í bílateppum heldur kemst auðveldlega á milli. Mér finnst frábært að komast í þann takt sem er sleginn í Reykjavík því hann er svo allt öðruvísi en sá í Mexíkó þar sem allir eru á sífelldum þönum og allt þarf að gerast svo hratt,“ útskýrir Bernal, sem nýtir því hverja mínútu sem hann hefur til að vera með sjálfum sér, sem ekki gefst tækifæri til úti í hinum stóra heimi.

Leikaranum er tíðrætt um frelsið á Íslandi. Hann nennir ekki að eyða tíma sínum á börum borgarinnar, segist fara á kaffihús á Laugaveginum sem hann viti ekkert hvað heiti, hann rati bara þangað og borði reglulega á, „líttu veitingahúsi niðri við höfnina,“ eins og hann kemst sjálfur að orði, að öllum líkindum Sægreifanum. „Ég nenni ekki að fara út á lífið, ég horfi bara á fótbolta um helgar og þakka reyndar fyrir að geta fylgst með spænsku deildinni,“ segir Bernal, en til gamans má geta að hann er dyggur stuðningsmaður Barcelona. „Mér finnst bara ótrúlega notalegt að eyða mínum kvöldum í faðmi góðra vina enda er það fyrst og fremst ástæðan fyrir því að ég kom hingað; góðir vinir.“

VIÐSKIPTAÞING 2008

ÍSLENSKA KRÓNAN

BYRÐI EÐA BLÓRABÖGGULL?

Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA MIÐVIKUDAGINN 13. FEBRÚAR 2008 KL. 13:30 - 17:00

- 13:00 SKRÁNING**
- 13:30 RÆÐA FORMANNS VÍ**
ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA
- 13:50 IS ICELAND TOO SMALL FOR A SOVEREIGN CURRENCY?**
RICHARD PORTES, SÉRFRÆÐINGUR Í ALÞJÓÐAFJÁRMÁLUM
- 14:20 ADOPTION OF THE EURO: PRINCIPLES, CRITERIA AND PROCEDURES**
JÜRGEN STARK, STJÓRNARMAÐUR Í EVRÓPSKA SEÐLABANKANUM
- 14:40 KAFFIHLÉ**
- 15:10 AFHENDING NÁMSSTYRKJA VÍ**
ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA
- 15:20 RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA**
GEIR H. HAARDE
- 15:40 VIÐBRÖGÐ VIÐSKIPTALÍFSINS**
UMRÆÐUR UNDIR STJÓRN ÞÓRU ARNÓRSDÓTTUR
- 16:10 MÓTTAKA Í BODI VIÐSKIPTARÁÐS**



ERLENDUR
HJALTASON
FORMAÐUR
VIÐSKIPTARÁÐS



JÜRGEN STARK
STJÓRNARMAÐUR
Í EVRÓPSKA
SEÐLABANKANUM



RICHARD
PORTES
SÉRFRÆÐINGUR
Í ALÞJÓÐAFJÁRMÁLUM



ÞORGERÐUR K.
GUNNARSDÓTTIR
MENNTAMÁLA-
RÁÐHERRA



GEIR H.
HAARDE
FORSÆTIS-
RÁÐHERRA



JÓN KARL
ÓLAFSSON
FUNDARSTJÓRI



ÞÓRA
ARNÓRSDÓTTIR
STJÓRNAR
UMRÆÐUR

SKRÁNING Á VIÐSKIPTAÞING
FER FRAM Á WWW.VI.IS EÐA
Í Síma 510-7100

VIÐBRÖGÐ VIÐSKIPTALÍFSINS



HREÐDAR MÁR
SIGURÐSSON
FORSTJÓRI
KALPNEYS



RÓBERT
WESSMAN
FORSTJÓRI
ACTAVIS



KATRÍN
PÉTURSDÓTTIR
FORSTJÓRI
LYSIS



TRYGGVI ÞÓR
HERBERTSSON
FORSTJÓRI
ASKAR CAPITAL



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Tiguan. Hann breytir líka öllu um land allt.

Frumnýning á Volkswagen Tiguan teygir sig allan hringinn kringum landið um helgina. Opíð í dag, sunnudag kl. 12–16.

Komdu til umboðsmanna HEKLU um land allt og skoðuðu sportjeppann sem breytir öllu.

Akranesi - Akureyri - Ísafirði - Reyðarfirði - Reykjanesbæ - Selfossi.



Das Auto.

Uppbygging forsenda friðar

Kjúklingastræti, Kabúl og Kosovo eru staðir sem koma strax upp í hugann þegar minnst er á Íslensku friðargæsluna. **Brjánn Jónasson** ræddi við **Önnu Jóhannsdóttur**, forstöðumann friðargæslunnar, um óþrjótandi verkefni sem bíða og hvernig áherslur í friðargæslu beinast nú að uppbyggingu ekki síður en hermönnum með bláa hjálma.

Landakortin á veggjunum og myndir úr starfi friðargæslunnar gefa vísbendingar um að starfsvettvangur Önnu Jóhannsdóttur, forstöðumanns Íslensku friðargæslunnar, sé öllu stærri en rúmgóð skrifstofa á annarri hæð utanríkisráðuneytisins. Þaðan stýrir hún Íslensku friðargæslunni og horfir yfir sviðið til að sjá hvar Íslendingar geta komið að gagni.

„Við reynum að einbeita okkur að uppbyggingarverkefnum, og viljum að þau verkefni sem við tökum að okkur nýtist konum sérstaklega,“ segir Anna.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 2000 ályktun þar sem staðfest er að konur í stríðshrjádum löndum hafi ákveðna sérstöðu og taka þurfi sérstakt tillit til þeirra við skipulagningu friðargæslu. Aðgerðaáætlun byggð á ályktuninni er nú í smíðum í ráðuneytinu, og er væntanleg í mars. Anna segir að friðargæslan vinni engu að síður að miklu leyti út frá ályktun Sameinuðu þjóðanna.

Óvist með fjölgun á árinu

Eftir brotthvarf íslensks friðargæsluliðs frá Srí Lanka um miðjan janúar eru 24 íslenskir friðargæsluliðar að störfum í stríðshrjádum löndum í dag, en í byrjun árs voru þeir 32 talsins.

Nú er unnið að því að finna ný verkefni fyrir þá sem voru á Srí Lanka og vilja halda áfram að starfa fyrir friðargæsluna. Fyrirvaralítil heimkoma þeirra setur þó ákveðið strík í reikninginn fyrir friðargæsluna, en reiknað hafði verið með að fjölga friðargæsluliðum á árinu. Nú er útlit fyrir að fjöldi þeirra haldist því sem næst í stað, segir Anna.

Það er ekki á vísan að róa þegar unnið er að friðargæslumálum þar sem hlutirnir þróast oft hratt. Það var einmitt raunin á Srí Lanka þar sem íslenskir og norskir gæsluliðar höfðu tvær vikur til að yfirgefa landið eftir að stjórnvöld sögðu upp friðarsamkomulagi við Tamílatígrana.

Verkefnið á Srí Lanka var annað stærsta verkefni Íslensku friðargæslunnar. Það stærsta er í Afganistan, þar sem þrettán friðargæsluliðar eru að störfum í dag.

Nýjustu verkefni friðargæslunnar eru gjarnan samstarfsverkefni með stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Anna segir að á komandi árum verði lögð aukin áhersla á að friðargæsluliðar taki að sér afmörkuð verkefni hjá slíkum stofnunum, til dæmis Barnahjálpinni, Kvinnaprúnarsjóði og Matvæla- aðstoðinni.

Stórt verkefni fram undan í Kosovo

„Friðargæslan er nú þannig að verkefnið koma stundum óvænt upp, og hætta stundum óvænt. Við sjáum fyrir okkur að það verði stórt verkefni í Kosovo ef lýst er yfir sjálfstæði. Þá munu Sameinuðu þjóðirnar missa umboð sitt til að stýra landinu en Evrópusambandið væntanlega koma sterkara inn í uppbyggingarstarfinu,“ segir Anna.

„Þá þarf að byggja upp réttarkerfið, lögreglu, dómstóla og fleira. Það er verkefni sem við getum komið að þegar þar að kemur. En það er ekki ljóst hvort eða hvenær það verður,“ segir hún.

„Megináherslan hjá okkur hlýtur að verða á uppbyggingarverkefni með Sameinuðu þjóðunum, NATO og Evrópusambandinu.“

Þörfin fyrir friðargæslu virðist síður en svo fara minnkandi í heiminum. Verkefnið eru oft til margra ára, og hætt við að ný verkefni verði til áður en eldri verkefnum lýkur.

„Það eru alltaf óþrjótandi verkefni. Sum



AFGANISTAN Þó að verkefni friðargæsluliða snúist um að byggja upp samfélögin skipta einstaklingar líka máli. Kristján Sigfússon gaf sér tíma til að athuga líðan barns á ferð sinni um sveitir Afganistans. MYND/ÍSLENSKA FRÍÐARGÆSLAN

Tæpur helmingur gæsluliða konur

Friðargæsluliðar koma úr ýmsum áttum. Margir lögreglumenn og slökkviliðsmenn hafa farið í verkefni á vegum Íslensku friðargæslunnar, og flugumferðarstjórar hafa verið í stórum verkefnum í Kosovo og Afganistan. Þá er fólk með reynslu af jafnréttis- og mannréttindamálum aftur að verða áberandi hjá friðargæslunni eftir nokkurt hlé.

„Kynjahlutfallið síðasta árið hefur verið nokkuð gott. Það hafa verið um það bil 40 til 45 prósent konur, þegar horft er á stöðurnar sem haldið er úti. Ef horft er á alla þá sem rúlla í gegn er hlutfallið óhagstæðara konum, þar sem mikill meirihluti þeirra sem starfað hafa í Afganistan hefur verið karlar sem dvalið hafa í stuttan tíma hver,“ segir Anna.

verkefni, eins og til dæmis í Darfur, eru mjög erfið, og kalla á hermenn sem geta stillt til friðar í samvinnu við stjórnvöld. Svo er mikið kallað eftir því að alþjóðasamfélagið komi og byggji upp og styðji við stjórnvöld, til dæmis í Afganistan,“ segir Anna.

„Friðargæsluhugtakið hefur breyst frá því að ná eingöngu yfir vopnaða menn með bláa hjálma í það að vera víðara, með meiri tengingu við þróun og uppbyggingu. Það dugir ekki eitt og sér að koma á friði, forsenda þess að friður verði varanlegur er að uppbygging eigi sér stað.“

Litlu skrefin skipta líka máli

Slík uppbygging getur tekið langan tíma. Forsvarsmenn NATO reikna með því að bandalagið gæti þurft að vera áratugum saman í Afganistan. Anna segir erfitt að segja til um framtíðina og hversu lengi íslenskir friðargæsluliðar verði í landinu.

Stundum getur verið erfitt að vinna að



SAMHLJÓMUR Friðargæslan og Þróunarsamvinnustofnun sinna svipuðum verkefnum, og eflaust eru möguleikar á auknu samstarfi þar á milli, segir Anna Jóhannsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það dugir ekki eitt og sér að koma á friði, forsenda þess að friður verði varanlegur er að uppbygging eigi sér stað.“

langtímaverkefnum þar sem erfitt er að sjá beinan árangur. „Þetta er maraþonhlaup, en lítil skref á leiðinni skipta máli. Fólk á vettvangi áttar sig oft á því að það

getur komið ákveðnum hlutum í framkvæmd og hægt er að byggja ofan á það,“ segir Anna.

Utanríkisráðherra er nú með mál tengd uppbyggingu og þróunarástod í skoðun, og er búist við því að lagafrumvarp um málaflokkinn verði lagt fram og rætt á Alþingi í ár.

Nokkur samhljómur er á milli starfsemi friðargæslunnar annars vegar og Þróunarsamvinnustofnunar hins vegar. Líklegt er að ráðherra skoði möguleika á auknu samstarfi þar á milli, enda markmið beggja að vinna að uppbyggingu í fjarlægum löndum.

Anna segir að þar séu eflaust möguleikar á auknu samstarfi, þó að ákveðinn áherslumunur í starfi skilji á milli friðargæslunnar og Þróunarsamvinnustofnunar. Til dæmis hafi Þróunarsamvinnustofnun yfirleitt valið að starfa á svæðum þar sem friður hafi verið stöðugur í nokkurn tíma, þó að verkefni stofnunarinnar á Srí Lanka sé undantekning þar á. Friðargæslan hefur því frekar sinnt uppbyggingu eftir stríðsátök þar sem öryggisástandið er ekki orðið algerlega stöðugt.

→ ÍSLENSKIR FRÍÐARGÆSLULIÐAR STARFA NÚ Í NÍU LÖNDUM

Alls starfa 24 friðargæsluliðar í níu löndum um þessar mundir. Eftir brotthvarf frá Srí Lanka eru stærstu hóparnir í Miðausturlöndum og á Balkanskaga.

■ Afganistan: 14 gæsluliðar

Átta vinna við rekstur flugvallarins í Kabúl.

Fjórir starfa í höfuðstöðvunum í Kabúl. Tveir þróunarfylltrúar hafa starfað í Ghor-héraði.

■ Bosnía-Hersegóvína: 2 gæsluliðar

Lögreglumenn sem starfa í samstarfi við Evrópusambandið.

■ Serbía: 1 gæsluliði

Vinnur að jafnréttismálum á Balkanskaga með UNIFEM.

■ Kosovo: 1 gæsluliði

Forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins. Ný staða frá áramótum.



LÍBANON Sprengjuleit og -eyðing í Líbanon er gríðarlega stórt verkefni. Hér athugar Jónas K. Þorvaldsson sprengju ásamt sænskum kollega. MYND/ÍSLENSKA FRÍÐARGÆSLAN

■ Makedónía: 1 gæsluliði

Starfar að jafnréttismálum á Balkanskaga með UNIFEM.

■ Líbería: 1 gæsluliði

Starfar að jafnréttismálum með UNIFEM.

■ Líbanon: 2 gæsluliðar

Annar þjálfar bráðataekna sem starfa með sprengjueyðingarteymum en hinn aðstoðar yfirmann skrifstofu Flóttamannastofnunar SP fyrir Palestínufloktamenn.

■ Palestína: 1 gæsluliði

Barnaverndarfulltrúi hjá UNICEF.

■ Srí Lanka: 1 gæsluliði

Framkvæmdastjóri friðargæsluverkefnis sem er lokið, gengur frá lausum endum.

BONUS BONUS BONUS BONUS

KJÖTMARKAÐUR UM HELGINA



FERSKUR HOLTA KJÚKLINGUR

40% afsláttur



1559

Holta ferskar bringur 40% afsláttur
1559 kr/kg. MERKT VERÐ 2599 KR/KG.

40% afsláttur



395

Holta fersk kjúklingalæri 40% afsláttur
395 kr/kg. MERKT VERÐ 659 KR/KG.

40% afsláttur



395

Holta ferskir kjúklingaleggir 40% afsláttur
395 kr/kg. MERKT VERÐ 659 KR/KG.

40% afsláttur



239

Holta ferskir kjúklingavængir 40% afsláttur
239 kr/kg. MERKT VERÐ 399 KR/KG.

40% afsláttur



455

Holta hversdagssteik 40% afsláttur
455 kr/kg. MERKT VERÐ 759 KR/KG.

30% afsláttur



315

Bónus ferskir kjúklingabitar 30% afsláttur
315 kr/kg. MERKT VERÐ 449 KR/KG.

FERSKT ALI SVÍNAKJÖT

40% afsláttur



Ali 1019

Ali ferskar svínakótilettur 40% afsláttur.
1019 kr/kg. MERKT VERÐ 1698 KR/KG.

30% afsláttur



Ali 1259

Ali ferskur svínahnakki úrb. 30% afsláttur
1259 kr/kg. MERKT VERÐ 1798 KR.

FERSKT OG FROSID LAMBAKJÖT

499



KS ferskur lambabógur **499 kr/kg.**

20% afsláttur

879



KS frosið lambalæri 20% afsláttur
879 kr/kg. MERKT VERÐ 1098 kr/kg.

1499



KS ferskt lambaprime **1499 kr/kg.**

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGUR 12.00-18.00

THOMAS BERNHARD FÆDD-
IST PENNAN DAG ÁRIÐ 1931.

„Það sem skiptir máli er hvort við viljum ljúga eða segja sannleikann og skrifa sannleikann, jafnvel þó það geti aldrei orðið sannleikur og sé aldrei sannleikur.“



Thomas Bernhard rithöfundur var af mörgum talinn snillingur. Hann þótti kaldur og óvæginn í gagnrýni sinni á aðra rithöfunda og hirti lítið um álit annara. Bernhard átti ófá hneyksli að baki þegar hann lést árið 1989.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 10. FEBRÚAR

Laura Ingalls Wilder lést

Laura Ingalls Wilder var höfundur bókanna um húsið á sléttunni sem vinsælir sjónvarpsþættir voru gerðir eftir. Í bókunum lýsir hún lífi fjölskyldu sinnar í Ameríku landnemanna á nítjándu öld. Laura fæddist 1867 í Wisconsin og var mjög ung þegar faðir hennar Charles Ingalls flutti með fjölskylduna til Kansas inn á lendur indjana en fjöldkyldan var svo á faraldsfæti um Ameríku í nokkur ár. Laura var tólf ára þegar þau settust að í Dakota í bænum De Smet sem þá var að byggjast upp og þar gerist sagan um litla húsið á sléttunni. Laura Ingalls hóf að kenna 15 ára að aldri til að drygja tekjur fjölskyldunnar en hætti því þegar hún giftist Almanzo Wilder átján ára. Þau eignuðust eina

dóttur, Rosie, og unnu bæði hörðum höndum á uns Almanzo lamaðist í slysi, en hann náði aldrei fullri heilsu eftir þangað til bækur Lauru um æskuminningar hennar fóru að seljast og Rosie dóttir þeirra hjálpaði þeim að fjárfesta í hlutabréfum. Í verðbréfhruninu 1929 misstu þau allar eigin sínar og þurftu að treysta á dóttur sína um framfærslu. Laura skrifaði stöku greinar fyrir blöð og hélt áfram að skrifa bækur og bjuggu hjónin við fjárhagslegt sjálfstæði þegar Almanzo dó árið 1949. Bækur hennar hafa verið þýddar á mörg tungumál og njóta enn mikilla vinsælda. Laura Ingalls var níræð þegar hún lést.



MEKRISATBURÐIR:

- 2005 Norður Kórea gerir kjarnorkuvopnaeign landsins opinbera.
- 1984 Fjórir menn af Fjallfossi drukkna milli skíps og bryggju á Grundartanga.
- 1974 Landamærastríð milli Írans og Íraks brýst út.
- 1962 Tveir farast og 26 bjargast þegar togarinn Elliði frá Siglufirði sekkur undan Öndverðarnesi.
- 1944 Þýskar flugvélar varpa sprengjum að oliuskipinu El Grillo sem liggur á Seyðisfirði svo það sekkur.
- 1943 Orlofslög, sem tryggja einn frídag fyrir hvern unninn mánuð, eru sett á Alþingi.
- 1938 Björgunarskútan Sæbjörg er vígð í Reykjavík.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim er heidruðu minningu okkar ástkæra,

Sigmundur Sigurgeirsson
Þorragötu 9,

og sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát hans og útför.

Ásdís Sigurðardóttir

Sigurgeir Ó. Sigmundsson

Margrét Sigmundsdóttir

og barnabörn.

Ingunn Mai Friðleifsdóttir

Bjarni Ólafur Ólafsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurásta Guðnadóttir

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 11. febrúar og hefst athöfnin kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Minningarsjóð Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Guðni G. Sigurðsson

Benedikt G. Sigurðsson

Ingibergur Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Þóra Hallgrímsson

Áslaug Þorleifsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fjóra Bjarnadóttir

Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

áður á Grundarvegi 17, Ytri-Njarðvík,

lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 3. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvírkirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 14.00.

Oddbergur Eiríksson

Kolbrún Oddbergsdóttir

Guðmundur Oddbergsson

börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Sveinn Sigurðsson

Ingibjörg Jónsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðleif Ólafsdóttir

hjúkrunarkona, Sogavegi 172,

lést á Borgarspítalanum hinn 7. febrúar. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 15.00.

Júlíus Helgi Helgason

Ásthildur Ketilsdóttir

Sigríður Ketilsdóttir

Guðmundur Júlíusson

Ágúst Júlíusson

Ólafur Júlíusson

barnabörn og barnabarnabörn.

Rósa Erlendsdóttir



BERJAST FYRIR ALLA Ólafur Hannesson, laganemi og formaður nýstofnaðs jafnréttindafélags, telur þörf á félagi sem berst fyrir alla.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

JAFNRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS: STOFNAÐ Á DÖGUNUM

Vill siðmenntaðari umræðu

Á dögunum var stofnað Jafnréttindafélag Íslands og er formaður þess ungur laganemi í Háskólanum í Reykjavík, Ólafur Hannesson.

Ólafur segir kveikjuna að stofnun félagsins hafa verið umræðuna síðastliðið ár meðal annars um liti á ungbarnafatnaði fæðingadeildarinnar og tillöguna um breytingar á orðinu ráðherra. Hann segir umræðuna sem fór af stað í kjölfarið á bloggsíðum hafa verið grófa og fyrir neðan allar hellur og honum og fleirum fannst vanta vettvang fyrir siðmenntaðri umræðu um þessi mál.

„Tilgangurinn með félaginu er að koma umræðunni í jafnari stöðu og vonandi siðmenntaðri og að fólk tali opinberlega án þess að vera með leiðindi og ljótt orðbragð,“ segir Ólafur. „Það er verið að niðurlægja orðið jafnrétti og þegar maður las blogginn og fylgdist með umræðunni átti maður bág með að trúa orðbragðinu sem kom frá fólki í skjóli nafnleyndar. Okkur fannst vanta félag fyrir þá sem eru á móti kynjakvótum en vilja fá jafnræði fyrir bæði kynin.“

Ólafur segist ekki geta séð að þau jafnréttisfélög sem fyrir eru berjist fyrir bæði kynin og umræðan um

jafnréttismál í þjóðfélaginu sé of einseleit. Hann segir oft búið að tala um að stofna félag sem berjist fyrir bæði kynin og vill ekki kalla nýja félagið karlréttindafélag því markmið félagsins sé jafnrétti fyrir alla.

„Feministafélagið er að berjast fyrir jöfnuði en við viljum berjast fyrir jafnrétti en þó við séum ekki að berjast eins þá erum við að berjast fyrir svipuðum hlutum og þess vegna ætti ekki að gera lítið úr neinum. Það er munur á jafnrétti og jöfnuði og að brjóta á jafnrétti til að ná jöfnuði er ekki gott. Við viljum að allir hafi það gott en það þarf að breyta þjóðfélaginu án þess að þvinga það,“ segir Ólafur og á þar við kynjakvóta sem honum og félagsmönnum finnst ósanngjarn.

„Það er fáránlegt að velja karl bara af því að hann er karl eða konu af því að hún er kona. Það á að velja fólk vegna hæfileika. Jafnrétti sem slíkt er jafn réttur fólks og það er ekki til neitt sem heitir jákvæð mismunun. Það næst ekki jafnrétti með því að mismuna.“

Fyrir hálfum mánuði hélt Jafnréttindafélagið undirbúningsfund í Háskóla Reykjavíkur og bauð alþingismönnum allra flokka að koma og flytja ávörp

og svara spurningum. Allir flokkar sendu fulltrúa nema Frjálslyndir og segir Ólafur fundinn hafa verið mjög áhugaverðann og að miklar umræður hafi orðið.

„Okkur finnst skipta máli að fólk hafi tengingu við þá sem stjórna og það hvað þeir eru að hugsa. Við fengum alþingismenn til að koma og tala við fólkið og ætlum að gera þetta reglulega. Þarna fóru fram fyrirspurnir og svör og það var spjallað um jafnréttið eins og það er í dag. Ætlunin er svo að koma upp heimasíðu fyrir félagið en enn sem komið er notumst við við bloggsíðuna mína oliha.blogg.is fyrir umræður og svo getur fólk skráð sig í félagið á jafnretti@simnet.is og sent þangað fyrirspurnir og fengið svör. Við viljum að fólk taki þátt í að móta félagið með okkur og byggja það upp.“

Undanfarið hefur hópurinn stækkað og hefur fólk skráð sig í félagið í hverri viku. Ólafur ætlar að boða til aðalfundar á næstunni þar sem fólk getur skráð sig og spjallað og hann er bjartsýnn á framtíð nýja félagsins. „Góðir hlutir gerast hægt en gerast samt sem áður, það þarf bara þolinmæði til að fylgja þeim eftir.“

heida@frettabladid.is

AFMÆLI:

FEBRÚARTILBOÐ

á legsteinum og fylgihlutum

10-50% afsláttur

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Hörður Blöndal
hafnarstjóri
er 62 ára.



Jóhann Bachmann Ólafsson
er 32 ára.

Matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

Febrúar 2008

Hraðferð að hjarta mannsins
**Dísætir danskir
draumar**

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar
**Smjördeig –
leynivopnið sem
bjargar boðinu**

Auðvelt og fljótlegt
Ljúffengir pinnar

Tapas

Eldað með hjarta sem elskar

Þrjú kokkar á þremur tapas-börum gefa einfaldar og góðar uppskriftir að spænskum tapas-réttum.

**KÍNVERSKAR KRÆSINGAR HUGMYNDARÍK SPJÓT
ÓLÍFA ER SÖGULEGUR ÁVÖXTUR SNIDUGAR VEFSÍÐUR**

GAFFLAR GUÐS

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Smáréttir eru snæddir með guðsgöfllum. Trúlega er góð og gild ástæða fyrir því. Ekki er nema víðeigandi að gafflar Guðs séu skilyrði fyrir neyslu fingurfæðis því eins og annað úr sköpunarverki Guðs einkennir smárétti þetta ómótstæðilega sambland fegurðar, lífslosta og litadýrðar, enda tækifærin takmarkalaus þegar kemur að hráefni, formi, litum og útfærslum úr Hans ríki.

Íslendingar innbyrða flesta sína munnbita með hnífi og gaffli, á meðan systkini okkar í öðrum heimshlutum jarðar ganga alltaf til borðs með guðsgafflana eina að vopni. Þegar hnifaparavæddar þjóðir standa svo andspænis fingurfæði á fötum verður veisluskapið kátara, óhamið og villtara.

Síðmenntaðar þjóðir kunna vel þá kúnt að stinga upp í sig með frumstæðari hætti og gleypa forboðnar syndir án þess að kámugur munnur komi upp um þær sælustundir, því brauð borðum við oftast með lífrænum hnifapörum, sem og pitsur, pylsur, ávexti og fjársjóði sælgætisverslana, en örugglega mun síður fína kæfu og kaviár.

Smáréttir eiga alltaf við. Hvort sem formlegra tímamóta er fagnað eða hversdagslegri stunda. Þeir geta verið grafalvarlegir með háttstemmdum

styrjuhrognum og virðulegri gæsaliþur í alltof stífum sparifötum, sem stundum sést í stórafmælum, brúðkaupum og erfidrykkjum, eða kitlandi og óhefðbundnir, eins og þegar óvænta gesti ber að garði og gestgjafinn neyðist til að útbúa smáréttagjörning úr því sem enn finnst í búrinu. Því þá, eins og alltaf reyndar, opnast tækifæri til að skapa elegant og framandi fingurfæði, eins og innbakaðar kókosbollutartalettur með sultuðum hákarli, baunaspirum og chilinachos.

Umfram allt skulum við gleðjast yfir allsnægtum og skapandi hugsun við smáréttagerðina. Leyfa guðsgöfllum að dýfa og dreypa, stinga og stynja, njóta og neyta.



SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

E Eftirréttur

S Smáréttir

Til hátíðabrigða

Hvunn dags og til hátíðabrigða

Kökur

matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason

Pennar: Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Roald Eyvindsson, Rut Hermannsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones spj@frettabladid.is



MATREIÐSLUBÓKIN

Gerir gæfumuninn

Gott meðlæti getur gert gæfumuninn í velheppnaðri máltíð og magnað upplifun bragðlaukanna, eins og segir í bókinni Meðlæti sem Vaka Helgafell gaf út árið 2006. Í henni fer Charlotte Grönlykke á kostum



og gefur uppskriftir og hugmyndir að margvíslegu meðlæti sem hentað getur með hvers kyns kjötréttum og fiski. Ekki er aðeins um uppskriftir að ræða heldur líka ráðleggingar um margt sem að matreiðslu lýtur svo sem um marineringu á fiski, snöggsuðu á grænmeti, hvernig á að meðhöndla saffran og matreiða aspás. Einnig eru útskýringar á ýmsum hráefnis-

nöfnum eins og chipotle-chili, pólennta og búlgúr. Um þýðingu sá Erna G. Árnadóttir.



Tvær eggjapönnukökur í forgrunni og ein perlukjötballa í hrísgrjónum til hægri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kínverskar KRÆSINGAR

Dong Qing Guan deilir með lesendum uppskriftum að tveimur auðveldum og bragðgóðum kínverskum réttum í tilefni af kínversku áramótunum, en ár rottunnar gekk í garð í vikunni.



Kínversku áramótin eru nýfyrstaðin og því alveg tilvalið að matreiða nokkra kínverska rétti til að halda upp á það. Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans – kínverskrar heilsulindar, var svo væn að láta lesendum í té uppskriftir að tveimur kínverskum réttum sem gott er að gæða sér á.

Þetta eru perlukjötbollur og eggjapönnukökur. Að sögn Qing er afar auðvelt að elda réttina, sem eru þar að auki bæði hollir og bragðgóðir. Hið síðastnefnda sjáist meðal annars af því að synir hennar tveir borði pönnukökurnar með bestu lyst og það þótt þær séu stútfullar af grænmeti, sem er í engu uppáhaldi á þeirra matseðli.

Dong Qing Guan.



SEX PERLUKJÖTBOLLUR

1 tsk. engifer, niðursaxað
1 tsk. púrrulaukur
2 tsk. borðvín (rautt eða hvítt)
1/2 tsk. salt
1/2 tsk. pipar
1 eggjahvíta

Blandið öllu saman við rækjur, svínakjöt eða annað kjöt. Mótið í 6 bollur og veltið upp úr klístruðum hrísgrjónum. Gufusjóðið því næst í 20 mínútur og berið fram sem forrétt eða síðdegis í kaffinu (eða teinu eins og Kínverjar gera) með sósu, til dæmis sætri chilli-sósu.



TVÆR EGGJAPÖNNUKÖKUR MEÐ SUKINI OG RÆKJUM

1-2 egg
1 msk. púrrulaukur, niðursaxaður
2 dl kúrbítur, niðursaxaður
1 dl rækjur (má líka nota skinku, annað kjöt eða fisk)
1 tsk. ólífuolía
1 tsk. borðvín (rautt eða hvítt)
örlítið af salti og pipar
2 msk. hveiti
1 dl mjólk

Blandið öllu saman við 1 til 2 egg. Hitið pönnu, hellið olíu á pönnuna og látið hitna vel. Hellið því næst helmingi blöndunnar á pönnuna og látið hitna í 2 til 3 mínútur á hvorri hlið. Endurtakið leikinn og útkoman er tvær gómsætar pönnukökur sem eru bornar fram heitar með sósu, til dæmis sætri chilli-sósu. Hentar sem bæði for- og aðalréttur.

Qing segir pönnukökurnar vera eftirsóttar í Kína meðal annars vegna þess hversu lítið hveiti er í þeim.

VERSLUN SÆLKERANS

Ostabúðin Bitruhálsi

Ostabúðin að Bitruhálsi 2 er falleg sælkeraverslun sem býður upp á eitt breiðasta úrval osta sem völ er á. Starfsemi ostabúðarinnar, sem er í eigu Fiskisögu, er tvíþætt og er annars vegar um að ræða verslun og hins vegar veislubjónustu.

Í versluninni er mikið lagt upp úr fjölbreyttu vöruúrvali og eru ostarnir þar í aðalhlutverki.

Til að skapa sérstöðu er lögð áhersla á að flytja inn vörur sem ekki fást í öðrum verslunum. Þá er boðið upp á ýmiss konar vörur sem henta vel með ostum og má þar nefna kex, kexstangir, sultur, chutney, pestó og ólífur. Inni á milli er síðan vönduð gjafavara og er sérstök áhersla á borðbúnað eins og bakka, hnífa og fleira sem tengist ostum.

Veislubjónustan er síðan rekin samhliða versluninni og er blómlegur tími fram undan nú þegar fermingar og árs hátíðir fara í hönd. Boðið er upp á ostabökur, ostakökur og ýmiss konar ostabakka. Þeir eru til dæmis útbúnir með hráskinku, ólífum og sólþurrkuðum tómötum. Eins eru sætar ostasnittur í súkkulaðihjúp sérstaklega vinsælar á smáréttaborð enda bragðgott augnayndi.





ALNO[®] INNRETTINGAR

Aftur við Grensásveg

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • alno@alno.is • <http://www.alno.is>

LEYNIVOPNIÐ



Björgvin nýtur aðstoðar dótturinnar Bjarkar Steinunnar Barðdal í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Slær alltaf í gegn


„Leynivopn mitt í eldhúsinu er að setja ekta béarnaise-sósu yfir plockfiskinn og baka,“ segir Björgvin Barðdal, framkvæmdastjóri Seglagerðarinnar Ægis. „Fyrir jólin býð ég elskulegum vinum mínum gjarnan upp á þann rétt og hann slær alltaf í gegn. (Nema svokallaðir vinir mínir og börn þeirra vilji ekki særa mig svona rétt fyrir jólin!). Mín uppskrift fyrir sirka 10 manns.

- 2 kg þorsflök
- 600 g kartöflur
- smjörbolla eða sósuþykkni
- 2 meðalstórir laukar
- 1 l mjólk
- 2 tsk. karri
- salt
- slatti af pipar
- 4 msk. kalt smjör
- örlítíð hvítvín
- ostur

Sjóðið kartöflur og afhýðið. Látið suðu koma upp á fiskinum og slökkvið undir. Saxið lauk og setjið í pott ásamt mjólk, karri, salti og hvítvíni. Hitið að suðu og jafnið. Bætið fiskinum og kartöflunum út í, hrærið og kryddið eftir smekk (ég krydda þetta grimmt) og bætið köldu smjöri út í. Setjið í smurða eldfasta skál og hellið béarnaise-sósu yfir. Stráðið rifnum osti yfir og bakið í 200 gráðu heitum ofni í 3-5 mínútur eða þar til að osturinn er gullinn. Berið fram með rúgbrauði/smjöri/osti og ísköldu hvítvíni.

- Béarnaise-sósa:**
- 300 g smjör
- 4 eggjaraudur
- 1 msk. hvítvínseðik
- 2 msk. vatn
- béarnaise-essens 1-2 msk.
- kjötkraftur eftir smekk (pínulítið)
- 1 msk. söxuð steinselja

Bræðið smjörið í potti. Stífþeytið eggjaraudurnar yfir vatnsbaði þar til þær eru orðnar vel kremadaðar. Blandið bræddu volgu smjöri varlega saman við, hrærið hvítvínseðiki og vatni saman við. Kryddið með kjötkrafti og essens eftir smekk og blandið saxaðri steinselju saman við. (Að sjálfsögðu er hægt að nota pakkasósu.)



1. Í Biblíunni og öðrum gömlum heimildum er alloft minnst á ólífur.
2. Um 90 prósent ólífuuppskerunnar fara í framleiðslu á ólífuolíu.
3. Til eru hundruð mismunandi ólífutréja.



HRÁEFNIÐ: Ólífur

Sögulegur ávöxtur

Ólífur vaxa á litlum smjörviðartrjám sem hafa verið ræktuð við Miðjarðarhafið öldum saman. Ólífan, sem er ávöxtur trésins, hefur um ár og aldir verið ein mikilvægasta landbúnaðarvara Miðjarðarhafslanda, enda meginuppistaðan í ólífuolíu.

Í Biblíunni og öðrum gömlum heimildum er alloft minnst á ólífur og sendi Nói til dæmis dúfu frá örkinni til að kanna hvort syndaflóðinu væri að linna. Hún kom aftur með ólífuviðarblað í gogginum. Ólífutré þrífast vel í grýttum jarðvegi þar sem erfitt er að rækta aðrar nytjajurtir og geta þau orðið mörg hundruð ára gömul. Einstaka tré eru talin vera allt að 2.000 ára gömul.

Til eru mörg hundruð mismunandi ólífutréja en allar ólífur eru grænar í fyrstu en þroskast síðan yfir í svartar. Best er að tina ólífurnar með berum höndum. Ef þær falla til jarðar er hætt á að þær skemmist og slíkar ólífur eru

ekki notaðar í hágæða ólífuolíu. Ekki er hægt að borða ólífur beint af trénu og eru þær oftast lagðar í saltþækil eða olíu þar til þær verða meyrar. Oftast er steinninn tekinn úr og í hans stað er stundum sett papríkusneið eða jafnvel hvítlauksbiti. Ólífur sem eru keyptar í lausri vigt þarf að borða innan fárra daga en í saltlegi geymast þær í um það bil eitt ár.

Ólífur eru oft bornar fram með kokkteilum og öðrum drykkjum. Þær eru borðaðar einar sér, notaðar í salöt, pastarétti, á pizzur, í pestó, brauð og ýmislegt fleira. Þær eru næringar-

ríkar, innihalda fjölmættaðar fitusýrur og nokkuð af A-vítamíni.

Um 90 prósent ólífuuppskerunnar fara í framleiðslu á ólífuolíu. Hún er misjöfn að gæðum og fara þau eftir verkunaraðferðum og sýrustigi. Því lægra sem sýrustigið er, því betri þykir olían. Best er að pressun fari fram eins fljótt eftir tínslu og mögulegt er. Olían sem kemur úr fyrstupressunkallastjómfrúarolíu, eða „extra vergine“ olía, en sýrustig hennar má einungis vera undir 1%. Seinni pressun fer til framleiðslu á venjulegri ólífuolíu. Jómfrúarolíu þykir bragðbesta olían og hentar hún vel í salöt og pasta en annars konar ólífuolíu dugur vel til steikingar.





Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er Hnoðar deig
Byr til heita súpu og ís
Hraðastillir

Lífstíðareign!




Verð kr. 53.974
Uppskriftarbók og DVD
diskur fylgir

S. 440-1800 www.kaelitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...

TAKK FYRIR MIG MAMMA MÍN!

Fæstir vel uppaldir Íslendingar standa upp frá borðum án þess að þakka fyrir matinn, enda þykir það ókurteisi við þann sem hafði fyrir því að elda.

Þessi góði siður, sem þekkest ekki víða annars staðar en á Íslandi, er sennilega þó ættaður frá Danmörku samkvæmt upplýsingum af vísindavefnum og gæti enn fremur átt uppruna sinn í frásögninni af síðustu kvöldmáltíðinni þar sem Jesú „braut brauðið og færði þakkið“.

Samkvæmt grein frá árinu 1896 úr blaðinu Dagskrá er þessi siður að þakka fyrir matinn sagður meira stundaður til sveita og meðal fátækra og á því rót sína í örbirgð landsmanna og kom til vegna aldalsangs harðræðis og hungursneyða sem Íslendingar bjuggu við.

„Guðlaun fyrir matinn“ var alsíða að segja áður en matast var en var þó að leggjast af kringum 1900 þegar greinin í Dagskrá birtist því það þótti full hátíðlegt.

En venjan að segja „takk fyrir mig“ og fá svarið „verði þér að góðu“ eftir matinn er góður siður sem er alls ekki of hátíðlegur heldur sjálfsagður og til að halda fast í.



Að læra að segja takk fyrir mig er góður íslenskur siður.

Pykkvabæjar

PLOKKFISKUR

Hollur íslenskur þjóðarréttur



Í plokkfiskréttinum frá Pykkvabæjar sameinast fyrsta flokks hráefni, nýjar kartöflur og ferskur fiskur.

Fljótlegt og einfalt er að elda plokkfiskinn, þú rífur einfaldlega filmuna af og setur hann í pott á eldavélina eða stráir rifnum osti yfir réttinn og bakar hann í ofninum eða örbylgjunni.

Plokkfiskurinn frá Pykkvabæjar, fyrir alla fjölskylduna!





FULLKOMINN SKAMMTUR Spaghettimælir er bráðnaðsynlegur á hvert heimili því allir hafa lent í því að elda annað hvort allt of mikið af spaghettii eða allt of lítið. Mælirinn kostar 875 krónur í Byggt og búið í Kringlunni.



Í EINNI SVEIFLU Þegar skera á avokadó í sneiðar er hægt að nota hníf en það þarf þá nokkur handtök til. Þetta áhald sneiðir innan úr hálfu avokadó með einni sveiflu. Avakadóskerir kostar 980 krónur í Búsáhöldum í Kringlunni.



LÁTLAUST TÆKI sem leynir á sér, en við fyrstu sýn gæti þetta virst leikfang fyrir hundinn eða kannski til að hræra eitthvað með? Þetta er hitamotta úr gúmmii til að leggja brennheita potta á. Tékkristall í Kringlunni, 1.675 krónur.

Í ELDHÚSKRÓNUM



1. Melóna með parmaskinku, klettsalati og jarðarberi.
2. Crostini með taponade.
3. Bouchetta með sveppahatti, hvítlauks-smjóri og gullosti.
4. Bouchetta með rifsberjahlaupi, dalayrju og jarðarberi.



S U

PINNAMATUR ARNAR

MELÓNA með parmaskinku, klettsalati og jarðarberi
Melóna skorin í hæfilega bita. Parmaskinkunni vafið utan um melónuna og klettsalatið. 1/2 jarðarber ofan á og stungið með prjóni í gegn.

SÚKKULADHJÚPUÐ JARÐARBER

Bræðið hjúpsúkkulaði í vatnsbaði, ekki við of mikinn hita. Þvoið og þerrið jarðarberin og skerið til helminga eða hafið heil, fer eftir stærð. Haldið um stilkinn eða stingið tannstöngli í berið, dýfið í súkkulaðið og leggið varlega á smjörpappir. Geymið ekki í kæli og lagið helst samdægurs.

BROUCHETTA með sveppahatti, hvítlaukssmjóri og gullosti

Kryddið sveppahatt með salti og pipar. Setjið hvítlaukssmjör í hattinn og vel af því. Lokið með

gullosti og stingið tannstöngli í gegn. Ath. Er líka í lagi að setja ostinn á eftir á. Bakið í ofni við 180-200°C í 12-15 mín.

BROUCHETTA með rifsberjahlaupi, dalayrju og jarðarberi

Ágætt er að skera baguettið eftir endilöngu og pensla vel með ólífulíu þegar það kemur úr ofninum. Smyrja rifsberjahlaupi á heitt brauðið. Lag af klettsalati eða spinati og svo væna sneið af dalayrju (eða annan hvítmygluost). Gott er að setja 1/4-1/2 jarðarber ofan á, stinga með tannstöngli í gegn og skera svo niður í passlega bita.

CROSTINI MEd TAPONADE

Notið matvinnsluvél og maukið 2 bolla af svörtum sólpurrkuðum ólífum (þessum krumpuðu) ásamt 2 hvítlauksgeirum, 3-4 fílleum af ansjósum, ögn af pipar og í lokin 1/2-1 bolla af jómfrúarólífulíu. Smyrjið brauðið með maukinu og berið fram. Má skreyta með ansjósum, sólpurrkuðum tómata eða engu.



Ljúffengur pinnamatur

Pinnamatur og smáréttir eru ávallt vinsælir í veislum enda eru möguleikarnir nær óþrjótandi þegar kemur að framleiðslu þeirra.

Örn Garðarsson matreiðslumeistari útbýr mat fyrir smáar sem stórar veislur og rekur veislu- og veitingaþjónustu í Reykjanesbæ. Hann setti saman girnilegan pinnamat fyrir Fréttablaðið sem auðvelt og fljótlegt er að setja saman þegar þjófda á til veislu eða bara þegar hafa á það huggulegt heima við.



Örn segir pinnamat og smárétti alltaf vinsæla, möguleikana óþrjótandi í samsetningu smárétta og um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Einfaldast og fljótlegast er að skera niður t.d. ávexti og osta með tannstönglaboxið við hliðina og stinga einfaldlega í það sem mann langar. En því meiri vinna sem lögð er í pinnamatinn því girnilegri verður hann.

Oft er notuð brauðsnitta undir smárétti, bæði til þess að auðveldara sé að halda á bitanum og til að drekka í sig safu af því sem ofaná er. Bouchetta eða crostini er oftast lagað úr baguette-brauði en bouchettan er alltaf aðeins þykkari og þá mjúk í miðju en crostini þynnra og stökkt í gegn. Brauðið er bakað í ofni eða steikt á pönnu og mælir Örn með því að pensla það áður með góðri jómfrúarólífulíu eða með olíu blandaðri með rauðu pestó. Síðan má láta hugmyndaflugnið ráða hverju er ráðað ofan á brauðið, ávöxtum, ostum, skinku eða grænmeti eða jafnvel síldarsalat með eggi, lifrarkæfu og stökku beikoni. Verði ykkur að góðu.

Matreiðslumeistarinn Örn Garðarsson tófrar fram ljúffengan pinnamat.





**SÁ YNGSTI
BORÐAR FRÍTT**

AMERICAN

STYLE

ALLAN FEBRÚAR

FJÖLSKYLDU DAGAR



**Gildir fyrir alla hópa
sem telja 4 eða fleiri – ekkert aldurstakmark**

BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR

Tapas

SPÆNSKT HUGMYNDAFLUG Í MATARGERÐ



- 1 Spænsk skinka er vinsæl í tapasréttum og hér hefur Guðni á Tapas-barnum vafið döðlum, geitaosti og fleira góðgæti í Serranoskinka.
- 2 Pönnusteiktur saltfiskur með pistasíualioli eldsteiktri Chorizo pylsu frá Tapas barnum.
- 3 Tapasréttir eru fjölbreyttir og gaman er að bragða á mismunandi réttum og skola niður með góðu víni. Diego á Valencia Tapas bar útbjó bragðmiklar kjötbollar frá Andalúsíu og einfaldan svepparétt sem rennur ljúfflega niður.
- 4 Hvítlauksrækjur og fylltar Piquillo paprikur að hætti Gonzalo á Pepes Tapas bar.

Eldað með hjarta sem elskar

Tapas er óendanleg uppspretta hugmynda í matseld og eru tapas barir einkennandi fyrir Spán. Réttirnir eru afar fjölbreyttir og áherslur mismunandi eftir landsvæðum. Þrjú kokkar á þremur Tapas börum gefa lesendum uppskriftir að nokkrum góðum Tapas réttum.

Tapas-réttir geta ýmist verið heitir eða kaldir en mikilvægt er að hráefnið sé ferskt. Uppruni tapas-rétta er umdeildur en til eru ýmsar sögur. Sumir segja að uppruna þeirra megi rekja til sérríðrykkju Spánverja en tapa þýðir lok á spænsku og á krám í Andalúsíu tíðkaðist það að leggja brauðsneið yfir sérríglösin á milli sopa. Þetta var gert til að halda flugum frá sætum drykknum. Einnig er til saga um spænskan konung sem fyrirskipaði að litlir réttir skyldu bornir fram með víni á veitingahúsum en einn af viðmælendum okkar segir okkur nánar frá því hér á eftir. Ljóst er hins vegar að réttirnir eru afar fjölbreyttir og ljúffengir og ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Þeir hafa einnig reynst vinsælir í ýmiss konar veislum og henta vel sem fingrafæði. Tapas er útbreiddur matur um heim allan og einkennir spænska matarmenningu.

PEPES TAPAS BAR

Tapasrétti má finna á ólíflegustu stöðum á Íslandi. Á Egilsstöðum er til að mynda veitingastaður sem býður upp tapas og heitir hann Pepes tapas bar. Að sögn eins eigend-



Gonzalo Garcia býður Egilsstaðabúum upp á spænska rétti á Pepes Tapas bar.

anna, Gonzalo Garcia, er staðurinn nýbúinn að opna eftir vetrarlokun. „Við höfum haft barinn opinn um helgar en um vetrartímann er frekar lítið að gera í veitingabransanum og því lokuðum við veitingastaðnum tíma-bundið. Við opnuðum í lok júní á síðasta ári og fengum góð viðbrögð frá bæjarbúum og biðum því eftir vorinu.“

segir Gonzalo, sem segist þó ekki kvarta þar sem barinn gangi vel. Gonzalo hefur búið á Egilsstöðum í eitt og hálf ár og auk þess að reka veitingastað er hann með lítið byggingafyrirtæki þar sem starfa um fjórir til fimm menn. „Áður en ég kom hingað bjó ég í þrjú ár í Reykjavík og starfaði þar hjá byggingafyrirtæki og ákvað síðan að breyta til og flutti til Egilsstaða,“ segir Gonzalo kíminn.

„Síðasta vetur bjó ég á Egilsstöðum og það var ekki um marga staði að velja þegar kom að því að borða góðan mat. Það var alltaf hamburgari eða pizza og þá ákváðum ég og vinur minn að opna veitingastað til gamans. Vinur minn Pepe er mjög góður kokkur og hann sér að mestu um matseldina, enda heitir staðurinn í höfuðið á honum,“ útskýrir Gonzalo. Pepe var hins vegar ekki á landinu

þegar okkur bar að garði og því var það Gonzalo sem útbjó tapas-réttina sem hér gefur að líta en hann sagði að þetta væri þó klassískur tapas-diskur að hætti Pepe.

Gonzalo sagði okkur skemmtilega sögu um upphaf tapas-réttanna. „Tapas-réttir eru mjög mismunandi eftir svæðum. Ég er frá

Norður-Spáni og þar eru réttirnir töluvert frábrugðnir réttum í suðri. Það er saga frá Castella-svæðinu sem segir að eitt sinn hafi verið konungur, Alfonso hinn vitri, sem var líklega með sykursýki eða einhvern þess háttar sjúkdóm. Læknirinn ráðlagði honum að borða litla rétti oft á dag með víni, og hefur það hugsanlega hjálpað til við að jafna blóðsykurinn. Konungurinn var svo ánægður með árangurinn að hann vildi breiða út fagnaðarerindið til þegna sinna. Auk þess eyddi fólk miklu í áfengi en minna í mat.

Hann fyrirskipaði því veitinga- og öldurhúsum að láta alltaf lítinn disk af mat fylgja með drykkjum. Þannig varð fólk minna drukkið og líklega í betra skapi,“ segir Gonzalo hlægjandi.

TAPASBARINN

Tapasbarinn hefur getið sér gott orð í veitingahúsaflóru Reykjavíkur og er í raun orð-



Guðni Samúelsson, matreiðslumeistari á Tapas-barnum, framreiðir listlega útbúna tapasrétti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

inn að klassík, enda hefur staðurinn verið til í um sjö ár. Guðni Samúelsson hefur síðustu tvö ár starfað á Tapas-barnum og segir hann þetta vera fremur auðveldi matargerð. „Meginþemað í tapasréttum er að þeir séu frekar einfaldir að útbúa og neyta. Þetta er ekki flókin matargerð og aðalmálið er að hráefnið fái að njóta sín,“ útskýrir Guðni og tekur í sama streng og aðrir viðmælendur með að réttirnir séu fjölbreyttir og dragi dóm af umhverfi sínu. „Réttirnir fara eftir fæðuúrvalinu á hverjum stað fyrir sig. Það

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Landsvirkjun Power er hlutafélag í eigu Landsvirkjunar. Starfsmenn eru um 40 talsins og annast félagið rannsóknir, undirbúning og byggingu nýrra virkjana Landsvirkjunar á Íslandi. Félaginu er einnig ætlað að selja verkfræðiráðgjöf og fjárfesta í orkuverkefnum erlendis og nýta þannig þá þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í starfsemi Landsvirkjunar. Áhersla er lögð á góða stjórnun mannafla og þekkingar, jafnrétti og tækfæri til starfspróunar.

VÉLAVERKFRÆÐINGAR

Landsvirkjun Power ehf. óskar eftir að ráða vélaverkfræðinga á verkfræðisvið til starfa.

Í undirbúningi eru bæði vatnsaflsvirkjanir á Suðurlandi og jarðgufuvirkjanir á Norðausturlandi auk ýmissa verkefna erlendis.

Starfið felst í umsjón með framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar og öðrum verkefnum Landsvirkjunar Power.

Leitað er eftir einum vélaverkfræðingi með reynslu af vatnsafla og öðrum með reynslu af jarðgufu.


Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í verkfræði
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri og ritaðri
- 10-15 ára starfsreynsla, þar af minnst 3 ár við verkefnisstjórn
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Eigum við að skemmta okkur saman?

Sölustjóri Nova

Spennandi starf sem m.a. felur í sér þátttöku í uppbyggingu og mótun nýs fyrirtæks sem ætlar sér stóra hluti!

Um er að ræða ábyrgð á áframhaldandi uppbyggingu verslana og þjónustuværs Nova. Verslanir Nova eru í dag tvær talsins í Lágmúla og í Smáralind. Starfið felur í sér daglegan rekstur verslana og þjónustuværs í samstarfi við verslunarstjóra og hópstjóra í þjónustuveri. Hlutverk sölustjóra er að leiða sölustarf Nova og byggja upp öflugan hóp sölumanna.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustjórnun.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Leiðtogafileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Metnaður, árangursdrifni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lífsgleði og jákvætt viðhorf.

Nova er nýtt samskiptafyrirtæki sem sérhæfir sig í 3G farsíma- og netþjónustu. Starfsmenn Nova eru í dag um 60 talsins. Nova opnar nýjar dyr að stærsta skemmtistaði í heimi – internetinu – beint í farsímann. Eigandi Nova er alþjóðlega fjárfestingafélagið Novator sem m.a. býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í uppbyggingu alþjóðlegra 3G félaga. Nánari upplýsingar um Nova er að finna á www.nova.is.

Sölu ráðgjafar / Viðskiptastjórar

Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G farsímaþjónustu Nova. Leitað er að öflugum starfsfélögum með framúrskarandi söluhæfileika.

Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Reynsla af sölustörfum er nauðsynleg.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Metnaður, árangursdrifni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Lífsgleði og jákvætt viðhorf.



capacent
RÁÐNINGAR

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfánardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

BREYTINGAR Í VÆNDUM?

Yfirmaður framkvæmda

Öflugt fyrirtæki á sviði byggingaframkvæmda óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf yfirmanns framkvæmda. Í boði er spennandi framtíðarstarf á góðum vinnustað. Starfssvið viðkomandi er yfirumsjón og verkefnastýring verkefna á sviði byggingaframkvæmda, tilboðsgerð vegna nýrra verkefna sem og gerð kostnaðaráætlana, skipting verkefna á verkstjóra og samskipti við þá vegna verka sem og önnur tilfallandi verkefni. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði byggingatæknifræði eða byggingaverkfræði, reynsla af verkefnastjórnun og eftirliti verka sem og af áætlanagerð, sölu og samningagerð. Viðkomandi aðili þarf að hafa til að bera mikinn metnað, sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Starf nr. 080207-04.

Starfsmaður á þjónustuborð

Tæknifyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann til starfa á þjónustuborð. Á þjónustuborði fer fram vöktun og eftirlit með ýmsum tölvukerfum fyrirtækisins sem og hjá viðskiptavinum þess. Einnig veita starfsmenn þjónustuborðs notendaaðstoð í gegnum síma. Mikilvægt er að starfsmaður hafi tæknilegan bakgrunn, hafi til dæmis bakgrunn í kerfis- eða tölvunarfræði. Þá er það kostur að hafa lokið MCDST, MCSA eða sambærilegum gráðum. Reynsla úr notendabjónustu æskileg. Vinnutími er vaktaskiptur og gefur vaktakerfið mikla möguleika á sveigjanleika til dæmis fyrir þá sem vilja vinna með námi. Starf nr. 080109-04.

Lögmansstofa-Innheimtufulltrúi

Þekkt lögmansstofa óskar eftir að ráða innheimtufulltrúa. Í starfinu felst almenn vinna við innheimtustörf, samskipti við skuldara, kröfuhafa og lögmenn ásamt almennu skrifstofustörfum. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af störfum á lögmansstofu eða tengdum störfum. Góð almenn tölvukunnátta og þekking á IL+ innheimtukerfi lögmanna er kostur. Mjög góð enskukunnátta ásamt góðu viðmóti, jákvæðni, heiðarleika og stundvísi er mjög mikilvægt. Starf nr. 08012202.

Starfsmaður í tiltekt og tínslu

Parlogis leitar að traustum og áreiðanlegum starfsmanni til að vinna í vörudreifingarmiðstöð fyrirtækisins. Starfið felur í sér að taka til pantanir fyrir viðskiptavinum og ganga frá þeim til flutnings. Starfsmaður er hluti af öflugri liðshéild sem starfar í tiltektardeild og er vinnutími að öllu jöfnu milli 08:00 og 16.00. Í boði er fjölbreytt og lifandi starf með góðri vinnuaðstöðu þar sem tæknin er nýtt til að tryggja áreiðanleika og fjölbreytta vinnu starfsmanna. Mötuneyti er á staðnum og hjá Parlogis er starfandi öflugt starfsmannafélag sem m.a. rekur orlofshús fyrir starfsmenn. Starf nr. 080208-02.

Starfsmaður í bókhald

Stórt og öflugt sölu- og markaðsfyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í bókhaldsdeild fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt bókhaldsverkefni svo sem bókun reikninga og afstemmingar. Reynsla og góður skilningur af bókhaldi skilyrði. Viðkomandi þarf að búa yfir skipulagshæfileikum, frumkvæði, samskiptahæfni og dugnaði. Starf nr. 071130-05.

Sérfræðingur í framkvæmd og úrvinnslu úrtaksrannsóknna

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við lífskjara- og vinnumarkaðsrannsóknir. Sérfræðingurinn tekur þátt í skipulagningu, framkvæmd og úrvinnslu lífskjara- og vinnumarkaðsrannsókna. Sérfræðingurinn tekur einnig þátt í að greina og skrifa um þróun lífskjara og þróun á vinnumarkaði. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði félagsvísinda, hagfræði, tölfraði eða sambærilega menntun. Reynsla af gagnavinnslu, framkvæmd kannana og notkun hugbúnaðar á sviði tölfraðilegrar úrvinnslu er æskileg. Í boði er krefjandi og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað. Starf nr. 080208-04. **Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar.**

Lyfjafræðingur á eftirlitssviði

Lyfjastofnun óskar að ráða lyfjafræðing á eftirlitssvið til að sinna lyfjagát og almennu eftirliti. Menntunarkröfur eru háskólapróf í lyfjafræði (Cand.Pharm). Einnig er gerð krafa um góða íslensku- og enskukunnátta sem og góða tölvukunnátta. Viðkomandi þarf að sýna nákvæmni, frumkvæði og metnað í starfi og hafa hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 080208-03. **Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar.**

Markaðs- og kynningarstjóri

Traust fyrirtæki óskar eftir að ráða drifandi og skapandi einstakling í starf markaðs- og kynningarstjóra. Markaðs- og kynningastjóri hefur umsjón með gerð og eftirfylgni kynningaáætlana, markvissri og og áhugaverði heimasíðu, skipulagningu funda og ráðstefna, samskiptum við utanaðkomandi aðila, miðlun upplýsinga til almennings og fjölmiðla o.fl. Starfið gerir kröfur um háskólamenntun sem nýtist í starfi sem og reynslu af sambærilegu starfi. Viðkomandi aðili þarf að hafa frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, sýna lipurð í mannlegum samskiptum og hafa metnað til að ná árangri í starfi. Starfið kallar á gott vald á enskri og íslenskri tungu, bæði í ræðu og riti, sem og mikinn áhuga á markaðs- og kynningamálum. Starf nr. 080207-03.

Verkfræðingur - Tæknifræðingur

Verktakafyrirtæki óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áreiðinn einstakling til starfa. Starfssvið viðkomandi er framkvæmdastjórnun á vinnustöðum fyrirtækisins, tæknileg stýring verkefna, innri úttektir og úrvinnsla upplýsinga sem og önnur verkefni er lúta að framkvæmdum. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði verkfræði eða tæknifræði sem og reynslu af ofangreindum verkefnum. Viðkomandi aðili þarf að hafa mjög góða þekkingu á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar. Lykileiginleikar eru frumkvæði og metnaður í starfi sem og vilji og metnaður til þess að vaxa í starfi. Starf nr. 080106-01.

Hugbúnaðarþróun

Air Atlanta leitar að öflugum og drifandi starfsmanni í tölvudeild fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu á SQL og/eða Oracle gagnagrannum. Góð þekking á Visual Studio, .Net og C# forritun. Þekking eða reynsla af Cognos er kostur. Starf nr. 070809-06.

Íslensk erfðagreining - bókarí

Íslensk erfðagreining óskar eftir að ráða öflugan bókarí í bókhaldsdeild fyrirtækisins. Starfið felst í færslu fjárhags-, viðskiptamanna- og lánadrottnabókhalds, reikningagerð, uppgjöri og ýmsum sérverkefnum. Verið er að leita að aðila með viðskiptafræði eða sambærilega menntun, mjög mikla reynslu og þekkingu á bókhaldi og Excelkunnátta. Mjög góð enskukunnátta áskilin. Gerð er krafa um sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 080108-04.

Héðinn hf.

Héðinn hf. leitar að vélvirkjum, vélstjórum og járníðnaðarmönnum til framtíðarstarfa. Við erum að leita að góðum mönnum sem vilja vinna við fjölbreytt og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður. Viljum einnig bæta við okkur aðstoðarmönnum. Starf nr. 080208-07

Sérfræðingur á skráningarviði

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing á skráningarvið. Helstu verkefni eru mat á efna- og lyfjafræðilegum gögnum vegna skráningu lyfja. Menntunarkröfur eru meistaraþróf í efna-, lífefna- eða lyfjafræði eða sambærileg gráða. Einnig er gerð krafa um góða þekkingu í lyfjaefnafræði og af gæðastöðlum sem og góða íslensku-, ensku- og tölvukunnátta. Viðkomandi þarf að sýna nákvæmni, frumkvæði og metnað í starfi og hafa hæfni í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starf nr. 080208-03. **Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar.**

Móttökustöð SORPU - Viðhaldssvið

Viðhaldssvið móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU leitar að járníðnaðarmanni, vélvirkja eða vélstjóra. Starfið felur í sér nýsmíði og viðgerðir á vélbúnaði SORPU. Reynsla af vélaviðgerðum og bilanaleitun í vökvabúnaði æskileg. Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur og stundvís. Um er að ræða fullt starf til framtíðar. Vinnutími á virkum dögum er að jafnaði aðra hvoru viku frá kl. 7.30 til 16.15 og frá kl. 10.00 til 18.00 hina vikuna. Einnig er að meðaltali unnið einn til tvo laugardaga í mánuði frá kl. 10.00 til 16.00. Tilfallandi vinna utan þessa vinnutíma fer eftir því sem þörf er á og aðstaða starfsmanns leyfir. Starf nr. 080208-08.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 | www.capacent.is



SAFNSTJÓRI LÆKNINGAMINJASAFNS ÍSLANDS

Bygging og rekstur Lækningaminjasafns Íslands er samstarfsverkefni Seltjarnarnesbæjar, menntamálaráðuneytis, Þjóðminjasafns Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Læknafélags Íslands. Safnið mun gegna hlutverki miðstöðvar safnastarfsemi á sviði lækna- og heilbrigðisvísinda auk þess að bera ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknun og miðlun á þeim munum og minjum sem snerta sögu lækninga á Íslandi. Byggingin mun að auki nýtast undir aðra menningartengda starfssemi Seltjarnarnesbæjar sem annast rekstur og stjórn safnsins þegar starfsemi þess hefst í nýju húsnæði. Lækningaminjasafn mun starfa í samræmi við safna- og þjóðminjalög.

Seltjarnarnesbær óskar eftir metnaðarfullum einstaklingi til að koma að uppbyggingu og bera ábyrgð á rekstri Lækningaminjasafns Íslands.

Safnstjóri mótastefnu Lækningaminjasafns í samráði við stjórn safnsins. Viðkomandi hefur umsjón með og stýrir daglegum rekstri, skipuleggur starfsemi safnsins almennt s.s. söfnun, varðveislu og miðlun.

Hlutverk og ábyrgð

- Forstöðumaður safnsins sbr. safnalög
- Yfirumsjón með rekstri og markaðsmálum safnsins
- Stjórnun mannauðs
- Ábyrgð á fjármálum
- Þátttaka í stefnumótun
- Ábyrgð á kynningarmálum
- Samskipti og samstarf við stjórn safnsins
- Ábyrgð á sýningarhaldi

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða umtalsverð starfsreynsla á sambærilegum vettvangi
- Reynsla af safnastarfi
- Þekking á stjórnun og rekstri
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að hvetja fólk til góðra verka
- Framsýni og metnaður í starfi
- Samskiptahæfileikar og hugmyndaáriki
- Hæfni í að setja fram mál í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Sigurlaug Þorsteinsdóttir (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ENDALOUS TÆKIFÆRI!

Verkstjóri / ráðgjafi

Glerborg Pógv óskar eftir að ráða metnaðarfullan aðila í starf verkstjóra/ráðgjafa. Í starfinu felst m.a. utanumhald með verkefnum, mælingar, úttektir og þjónusta við viðskiptavinum. Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfið, t.d. tæknimenntun eða menntun í húsnæði. Reynsla af smíðum eða gluggaísetningum er æskileg. Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður og búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 080208-15.

Sölumaður

Glerborg Pógv óskar eftir að ráða sölumann. Starfið felst í ráðgefandi sölu og miklum samskiptum við viðskiptavinum. Reynsla af sölu- og þjónustustörfum æskileg. Leitað er að aðila með metnað til að ná árangri. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 071228-01.

Starfsmaður á fjármálasvið - 60% starf

Inter Medica er rötgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi á hágæða vörum fyrir heilbrigðisgeirann. Inter Medica óskar að ráða starfsmann á fjármálasvið fyrirtækisins í 60% starf. Starfið felst í utanumhaldi á fjármálum, skuldunautum og erlendum birgjum. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti unnið mjög sjálfstætt og hafi getu til að skila bókhaldi fullunnu til endurskoðanda. Nákvæmni, samvirksemi og frumkvæði í starfi skilyrði. Starf nr. 080208-16.

Aðstoð í mötuneyti

Skýrr leitar að starfsmanni til að aðstoða matreiðslumann í mötuneyti. Vinnutíminn er frá kl. 9/10 til kl. 14. Um er að ræða aðstoð við undirbúning hádegisverðar, þrif og frágang í eldhúsi og matsal og undirbúning veitinga fyrir fundi innanhúss. Leitað er að duglegum og drífandi einstaklingi, helst með reynslu af sambærilegu. Starf nr. 070607-03.

Rekstur afritunarkerfa

Skýrr óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna rekstri afritunarkerfa. Starfið felst í umsjón og rekstri nýrra kerfa, eftirliti með afköstum og nýtingu og mótun framtíðarhögunar afritunar. Þekking á afritunarkerfum nauðsynleg og reynsla af rekstri þeirra. Þekking á diskakerfum og SAN kerfum æskileg, sem og á helstu stýri- og skráakerfum, gagnaskrá og gagnagrunnum. Háskólamenntun æskileg, til dæmis á sviði kerfisfræði eða tölvunarfræði. Starf nr. 080208-17.

Forritun í Oracle

Skýrr leitar að Oracle forritara með þekkingu á gagnagrunnum SQL og PL/SQL. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á að takast við á skemmtileg verkefni fyrir kröfuharða viðskiptavinum. Starf nr. 071104-01.

Umsjón með skrifstofu

Þjónustufyrirtæki miðsvæðis í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann til að hafa umsjón með skrifstofu félagsins. Um 100% starf er að ræða. Starfið felst í umsjón með bókhaldi, launavinnslu, innheimtu, reikningagerð ásamt móttöku og símsvörum. Verið er að leita að aðila með haldgöða reynslu af skrifstofustörfum ásamt reynslu af bókhaldi. Þekking á launavinnslu kostur. Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð mjög mikilvægir eiginleikar. Starf nr. 080111-09.

Hugbúnaðarmenn

Hugbúnaðarfyrirtæki óskar eftir að ráða hugbúnaðarmenn til starfa. Mjög æskilegt er að viðkomandi hafi MCSE eða sambærilega gráðu. Gerð er krafa um a.m.k. 3 ára reynslu af tækni- eða hugbúnaðarþjónustu. Gott er ef viðkomandi aðilar hafa netþekkingu, t.d. Cisco eða sambærilegt. Starf nr. 080205-02.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 | www.capacent.is



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

LANDFRÆÐINGUR

Staða verkefnastjóra hjá áætlunum Suðvestursvæðis með aðsetur í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Starfssvið

- Umsjón með gagnaöflun vegna hönnunarverkefna
- Aðstoð við afgreiðslu skipulagsmála
- Skýrslugerð og upplýsingaþjónusta
- Vinna við gagnagrunna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Landfræðingur eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi (90 eininga háskólapróf)
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.



YFIRMAÐUR SKÓLAMÖTUNEYTA HJÁ SELTJARNARNESBÆ

Seltjarnarnesbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu yfirmanns skólamötuneyta í leik- og grunnskólum bæjarins.

Viðkomandi skipuleggur og hefur yfirmansjón með starfi skólamötuneyta leik- og grunnskóla. Alls er um að ræða fjórar starfsstöðvar. Skólastofnanir bæjarins heyrja undir Fræðslu- og menningarsvið Seltjarnarnesbæjar.

Starfssvið

- Stjórnun og starfsmannahald í eldhúsunum
- Stefnumótun og skipulagning
- Gæðaeftirlit í eldhúsunum
- Innkaup og rekstur
- Matreiðsla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Matreiðslumeistaramenntun
- Árangursríkur rekstur skólaeldhúss
- Farsæll samskiptaferill
- Sveigjanleiki og jákvæðni
- Tölvukunnátta og reynsla af starfsmannamálum

Umsjón með starfinu hafa Sigurlaug Þorsteinsdóttir (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Laun og starfskjör eru samkvæmt samningum Matvís og Starfsmannafélags Seltjarnarness.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.



FRAMKVÆMDASTJÓRI AKUREYRI

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar - SÍMEY - óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri s.s. starfsmannastjórnun og fjármálum
- Skipulagning og umsjón með sí- og endurmenntun
- Kynningarmál
- Þjónusta við fræðsluáðila, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga
- Samstarf við stjórn og þróunarvinna
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri og stefnumótun
- Þekking og reynsla af sí- og endurmenntunarmálum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Árangursþörf og drifkraftur

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

Markmið Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum starfs- og námsráðgjöf. SÍMEY er þátttakandi í Leonardo da Vinci verkefniinu CIRCE ásamt 7 öðrum Evrópuþjóðum.

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Hlutverk Hönnunarsafns Íslands er að vera miðstöð safnastarfsemi á sviði hönnunar. Það ber ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknun og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun. Safnið skal móta sér söfnunar- og sýningarstefnu sem miðar að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á hönnunarlist. Safnið hefur fræðsluhlutverk við almenning sem og erlenda gesti m.a. með áhugaverðum sýningum og vönduðu útgáfustarfi. Safnið á að leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum. Í safninu verður móttökurými þar sem hægt verður að taka á móti gestum á vegum Garðabæjar og e.t.v. til útleigu til annarra aðila.

Garðabær og Menntamálaráðuneytið standa nú fyrir opinni hönnunarsamkeppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands um byggingu nýs hönnunarsafns. Safnið mun rísa í nýjum miðbæ Garðabæjar og er stefnt er að því að nýtt safn verði tekið í notkun árið 2010. Hönnunarsafnið mun gegna mikilvægu hlutverki í menningarlífi bæjarins og uppbyggingu samfélags í nýjum miðbæ.

FORSTÖÐUMAÐUR HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Hönnunarsafns Íslands.

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands er stjórnandi safnsins og mótastefnu þess í samráði við stjórn safnsins. Hann stjórnar daglegum rekstri, skipuleggur sýningar á vegum safnsins og sér um aðra starfsemi þess.

Í starfið verður ráðið tímabundið til fimm ára.

Hlutverk og ábyrgð

- Yfirumsjón með þeim málaflokkum sem undir safnið heyra
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri og starfsemi safnsins
- Frumkvæði í þróun og innleiðingu nýjunga
- Samstarf við stjórn safnsins, starfsmenn og aðra aðila sem tengjast því
- Kynningarmál og markaðssetning á nýju húsi Hönnunarsafnsins

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði hönnunar eða lista eða búa yfir sambærilegri þekkingu
- Framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Reynsla af stjórnun, stefnumótun, mannaforráðum og fjárhagslegri ábyrgð.
- Hæfni til að veita forystu
- Framsýni og metnaður í starfi
- Þjónustu og samskiptahæfni
- Hæfni í að setja fram mál í ræðu og riti

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að stýra metnaðarfullu starfi og verða einn af leiðandi aðilum í uppbyggingu samfélagsins í Garðabæ.

Í menningarstefnu Garðabæjar er m.a. lögð áhersla á að marka Garðabæ sérstöðu sem hönnunarbæ og á menningu og listsköpun.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Forstöðumaður tæknideildar PFS

Hjá Póst- og fjarskiptastofnun er laus staða forstöðumanns tæknideildar

Tæknideild ber ábyrgð á skipulagningu númeramála og tíðnirófsins á Íslandi, úthlutun tíðna og númera, ásamt upplýsingagjöf um notkun. Net- og upplýsingaöryggi er mikilvægur og vaxandi þáttur í starfi deildarinnar. Ráðgjöf um tæknilega þætti fjarskiptaneta og tæknilega eiginleika í vöruframboði fjarskiptafélaga er á verkefnum deildarinnar, einnig markaðseftirlit og skoðun fjarskiptabúnaðar. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjarskipta er veigamikill þáttur í starfsemi deildarinnar, þar sem fylgst er með og gerð grein fyrir alþjóðlegri þróun varðandi tækni í fjarskiptum, öryggi neta, skipulagi og nýtingu tíðna og númera ásamt því að mótaðar eru tillögur um þær reglur sem gilda skulu á Íslandi.

Starfssvið forstöðumanns

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi deildarinnar og leiðir hóp sérfræðinga í samstarfi við aðrar fageiningar. Hann ber ábyrgð á áætlanagerð ásamt eftirfylgni með verkefnum á verkefnum deildarinnar. Starf forstöðumanns tæknideildar heyrir undir forstjóra og situr hann í framkvæmdastjórn PFS.

Menntun og reynsla

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólanámi í verkfræði eða raungreinum. Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur.

Aðrar hæfniskröfur

- Drifkraftur, frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að ná árangri
- Hæfni til að vinna í hópi og leiða samvinnu og breytingar þar sem sjónarmið lögfræði, hagfræði og tækni mynda saman lausn
- Færni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli á íslensku og ensku
- Stjórnunarreynsla

Í boði eru samkeppnishæf kjör í sibreytilegu og spennandi umhverfi, þar sem gerðar eru miklar fagkröfur. Vinnuumhverfið er aðlaðandi og aðbúnaður starfsmanna góður.

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2008. Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Umsóknir ásamt ferilskrá og viðeigandi prófgögnum skal senda á netfangið anna.gudmundsdottir@pfs.is

Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim verður öllum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og pósthjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

PFS starfar í alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsemin annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og fjölmiðlun og hins vegar á lagagrundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hjá PFS starfa nú 25 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Nánari upplýsingar á www.pfs.is



Gámaþjónustan hf. hóf starfsemi árið 1984. Frá upphafi hefur fyrirtækið boðið sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum alhliða þjónustu á sviði sorphirðu, flokkunar og meðhöndlunar úrgangs til endurvinnslu. Gámaþjónustan hf. og dótturfélög fyrirtækisins eru með starfsemi um allt land og starfsmannafjöldi hér á landi er um 200 manns. Að undanfögnu hefur fyrirtækið einnig haslað sér völl erlendis.

SÖLURÁÐGJAFI

Gámaþjónustan hf. leitar að öflugum söluráðgjafa til starfa í söludeild fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf hjá ört vaxandi fyrirtækjasamstæðu.

Starfssvið

- Sala og kynning á þjónustu fyrirtækisins
- Ráðgjöf til viðskiptavina og dótturfyrirtækja innanlands og erlendis
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við viðskiptavina

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni, rekstrar- eða viðskiptamenntun
- Áhugi á að starfa í söludrífnu umhverfi
- Drift og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð enskukunnátta og færni í tölvum nauðsynleg
- Lipurð í samskiptum og framúrskarandi þjónustulund

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

MÆLINGAMAÐUR

Staða mælingamanns hjá áætlunum Suðvestursvæðis með aðsetur í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfssvið

- Vinna við gagnaöflun og mælingar
- Úrvinnsla mælinga
- Almenn þjónusta við deildir svæðisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- Æskileg reynsla af mælingum
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Akureyri



Linda B. Stefánsdóttir
löggr. fasteignasali
Reykjavík



María Magnúsdóttir
löggr. fasteignasali, hdl.
Borgarnes



Páley Borgþórsdóttir
löggr. fasteignasali
Vestmannaeyjar



Rósa Pétursdóttir
löggr. fasteignasali
Reykjavík



Stefán Ólafsson
löggr. fasteignasali, hdl.
Blönduós



Ávar Dungal
löggr. fasteignasali
Reykjavík

SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 16:00–16:30



201 Kópavogur

Verð 7
Fjöldi herbergja 235,1 fm
Stærð 2000
Byggingarár Einbýli
Annað

Fjallalind 141

Glæsilegt 7 herb. einbýli með innb. bílskúr á besta stað. Húsið er á 2 hæðum og er allt hið vandaðasta. Svalir ú frá stofu á efrihæð. Glæsilegt útsýni. Stutt í alla almenna þjónustu.

Elsa Þóroldsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 16:00–16:30



105 Reykjavík

Verð 18,7
Fjöldi herbergja 2
Stærð 64,7 fm
Byggingarár 1946
Annað Fjölbýli

Drápuhlíð 18

Einstaklega falleg íbúð á jarðhæð, í mjög góðu ástandi. Hús mjög mikið endurnýjað. Parket á gólfum. Suður garður. Þessa verður að skoða.

Ágúst Pétursson
viðskiptastjóri
agust@domus.is
sími 664 6025



SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 14:00–14:30



210 Garðabær

Verð 27,8
Fjöldi herbergja 4
Stærð 110,5 fm
Byggingarár 1982
Annað Fjölbýli

Lyngmóar 1

Björt og rúmgóð 4ja herbergja 93,7 fm íbúð með frábæru útsýni og 16,8 fm bílskúr á besta stað í Garðabæ.

Heiðrún Sigurðard.
sölufulltrúi
heidrun@domus.is
sími 664 6032



SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 15:00–15:30



104 Reykjavík

Verð 22,9
Fjöldi herbergja 3
Stærð 81,9 fm
Byggingarár 1948
Annað Útgengi út í bakgarð

Skipasund 9

Falleg íbúð á vinsælum stað við Skipasund. Árið 2004 var skipt um öll gólfefni. Nýlegt eldhús með fallegri innréttingu. Nýtt þak og rennur. Gengið út í góðan bakgarð út frá stofu.

Elsa Þóroldsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



201 Kópavogur

Verð 7
Fjöldi herbergja 7
Stærð 229,4 fm
Byggingarár 1998
Annað Parhús

Krossalind 3

Glæsilegt parhús með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Stór sólpallur með heitum potti í garðinum.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 15:00–15:30



101 Reykjavík

Verð Tilboð óskast
Fjöldi herbergja 5
Stærð 161,2 fm
Byggingarár 1928
Annað Fjölbýli

Ránargata 6

Gullfalleg mikið endurnýjuð íbúð á frábærum stað. Sérsmíðað eldhús. Gegnheilt parket. Nuddaðkar. Sjón er sögu ríkari.

Ágúst Pétursson
viðskiptastjóri
agust@domus.is
sími 664 6025



101 Reykjavík

Verð 25 millj.
Fjöldi herbergja 263,9 fm
Stærð 1990
Byggingarár Langur leigusamningur
Annað

Fiskislóð

Til sölu verslunar og skrifstofuhúsnæði. Um er að ræða 2 bil á jarðhæð sem er í dag nýtt fyrir eina verslun og eitt skrifstofu bil á efrihæð. Góðir langtíma leigusamningar.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 14:00–14:30



101 Reykjavík

Verð 30,9
Fjöldi herbergja 3
Stærð 94,8 fm
Byggingarár 1990
Annað Þrúbýli

Vesturgata 44a

Snyrtileg og vel skipulögð eign. Öll mikið endurnýjuð. GIRA stýringarkerfi á ljósum. Gaseldavél og háfur frá MIELE. Bílastæði fylgir.

Ágúst Pétursson
viðskiptastjóri
agust@domus.is
sími 664 6025



220 Hafnarfjörður

Verð 521,6 fm
Fjöldi herbergja 2000
Stærð 2 hæðir
Byggingarár Laust strax
Annað

Suðurhraun

Atvinnuhúsnæði með tvennum innkeyrsludryum. Stærð dyranna er ca. 4,5 x 4,0 m. 391,4 fm. á jarðhæð og 130,2 fm. á 2. hæð sem er innréttað sem skrifstofur.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



F A S T E I G N A S A L A N
MIKLABORG

☎ 569 - 7000 | Síðumúla 13 | www.miklaborg.is



Opið hús frá kl. 14 til 15 - Þórðarsveigur 30 - 2. hæð v.



Fallega 4ra herbergja 111,2 fm endaíbúð við Þórðarsveig í Grafarholti með stæði í bílageymslu og góðum yfirbyggðum vestur svölum. Íbúðin er staðsett á annari hæð í góðu lyftuhúsi. Laus við kaupsamning.

Verð 31,4 millj.

Jórunn Guðmundsdóttir verður með heitt á könnunni.

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



PÓRUNN
 Lögg. fasteignasali
 Sími 512 3400
 tse@remax.is



SIGMUNDUR
 Sölufulltrúi
 Sími 898 0066
 simmi@remax.is



KRISTJÁN
 Sölufulltrúi
 Sími 699 6949
 kristjan@remax.is



BENEDIKT
 Sölufulltrúi
 Sími 861 2743
 benni@remax.is

RE/MAX
 Bær



Opið hús

Akurbraut 14 - Nýtt raðhús - 260 Njarðvík

Opið hús í dag
 klukkan 15:00-15:30

Verð 27.700.000
 Stærð 133,7 fm
 Brunabótamat 22.490.000
 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Sunnubraut 7 - einbýli 230 Reykjanesbæ

Opið hús í dag
 klukkan 17:00-17:30

Verð 30.800.000
 Stærð 191,5 fm
 Brunabótamat 23.350.000
 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Lautasmári 3 – 201 Kóp.

OPIÐ HÚS í dag kl. 17.00 – 17.30
 Þessi stoppar stutt!

Priggja herbergja, 4. hæð í lyftuhúsi
 Verð 23.600.000
 Stærð 80,3 fm
 Brunabótamat 10.700.000
 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Starmói 4 – Einbýlishús 260 Reykjanesbæ

Opið hús í dag
 klukkan 18:00-18:30

Verð 37.700.000. Stærð 199,2 fm
 Góð eign á góðum stað
 Brunabótamat 28.570.000
 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Opið hús

Eskivellir 9 A - 3ja herb. 221 Hafnfjörður

Opið hús í dag
 klukkan 16:30-17:00

Verð 24.500.000 Stærð 89,7 fm
 6 hæða lyftuhús, stórar svalir, stórt stæði í bílageymslu, og stór geymsla inn af stæðinu.
 Brunabótamat er 20.650.000
 Uppl. sími 898 0066



Opið hús

Kleppsvegur 28 - 1. h.h. 104 Reykjavík

Opið hús í dag
 klukkan 15:00-15:30

Verð 22.300.000
 Stærð 97,2 fm
 Brunabótamat er 13.000.000
 Uppl. sími 898 0066



Hornbrekkuvegur 9 625 Ólafsfjörður Fjallabyggð

BÓKID SKOÐUN

Verð 9.500.000
 Stærð 190,9 fm
 6 herbergja einbýli á fögrum stað
 Brunabótamat. 24.950.000
 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Suðurgata - Parhús 230 Reykjanesbæ

BÓKID SKOÐUN

Verð 19.800.000
 Stærð 129,1 fm
 5 herbergja
 Brunabótamat 18.800.000
 Uppl. sími 861 2743 og 699 6949



Barbara Wdowiak
lögglitur leigumiðlari
gsm 664 6020



Halldór Jensson
viðskiptastjóri
gsm 840 2100



Þórey Jónsdóttir
viðskiptafræðingur
gsm 664 6061

REYKJAVÍK



Rentus kynnir til leigu glæsilegt nýtt um 615 fm verslunarhúsnæði að Höfðatorgi í Reykjavík.

Glæsileg byggð með fjölda fyrirtækja og stofnana, fjölbreyttri þjónustustarfsemi, veitingastöðum og opnum svæðum sem tengja gamla Laugavegin og fjármálhverfi við Borgartún. Höfðatorg mun gegna lykilhlutverki í Reykjavík framtíðarinnar.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

REYKJAVÍK



Faxafen

Til leigu 468 fm kjallari með stórri innkeyrsluhurð í Faxafeni í Reykjavík. Húsnæðið er í dag notað sem lagerhúsnæði, lofthæð er rúmír 3 metrar. Góð aðkoma. Laust strax.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

REYKJAVÍK



Fiskislóð

Til leigu mjög gott skrifstofu og iðnaðarhúsnæði að Fiskislóð í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í stóran sal með hárra innkeyrsluhurð og millilofti skrifstofur, eldhús og wc. Á jarðhæð eru skrifstofur, lager og eldhús. Hægt að leigja saman eða skipta í tvær einingar. Laust strax, hagstæð leiga



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

REYKJAVÍK



Fiskislóð

Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á 2. hæð sem skiptist í skrifstofur, móttöku, eldhús og snyrtingu. Laust strax. Hagstæð leiga.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

REYKJAVÍK



Hólmaslóð

Til leigu gott 205,1 fm atvinnuhúsnæði að Hólmaslóð í Reykjavík. Húsnæðið býður uppá mikla möguleika. Hentar vel undir bónstöð og skilda starfsemi. Laust strax, hagstæð leiga.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

Rentus leigumiðlun er öflugt fyrirtæki sem sérhæfir sig í allri almennri leigumiðlun.

Starfsmenn Rentus hafa víðtæka þekkingu og reynslu í gerð húsaleigusamninga. Aðalmarkmið okkar er að finna réttan leigjanda fyrir leigusala en allir leigusamningar eru sérsniðnir fyrir hverja eign.

Barbara Wdowiak | sími 440-6020 og 664-6020 | barbara@rentus.is
Halldór Jensson | sími 440-6014 og 840-2100 | halldor@rentus.is
Þórey Jónsdóttir | sími 440-6061 og 664-6061 | thorey@rentus.is

AKUREYRI



Hofsbót

Til leigu skrifstofuhúsnæði á besta stað í miðbæ Akureyrar, húsnæðið er 167 fm. Rýmið skiptist í 5 herbergi auk kaffistofu, móttökurým og snyrtingar. Möguleiki er á að breyta húsnæðinu að ósk leigutaka. Lyfta er í húsinu.



Unnar Helgason
unnar@rentus.is
gsm 669 7155

Auglýsingasími

512 50 50



BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

Opið hús í dag milli kl. 14 og 15
Sigluvogur 7 - Glæsileg risibúð



Nýtt á sölu, glæsileg og mikið endurnýjuð 105,6 4ra herb. risibúð ásamt bílskúr sem er innr. sem stúdíóbúð. Fallegur garður með skjólgirðingum, palli og fallegu gaðhúsi. Mjög fallegt nýlegt eldhús með hvítri innr. mosaikflísum milli innr. og borðkrók við fallegan kvistglugga m/frönskum gluggum sem einnig eru í stofunni sem er mjög falleg með nýlegu parketi. 3 herbergi og glæsilegt baðherbergi. Húsið er í rólegri botngötu og vel staðsett stutt í alla þjónustu. Sjón er sögu ríkari! **Verð 31,9 millj.**

Sólveig og Elvar taka vel á móti gestum,
teikningar á staðnum.

Opið hús í dag milli kl. 15 og 15:30
Fálkagata 28B bakhús - Lítið einbýli.



Hér er um einstakt tækifæri að ræða. Ný endurnýjað 2ja herbergja 55,4 fm einbýlishús (bakhús) á einni hæð á þessum frábæra stað í vesturbæ Reykjavíkur. Eignin skiptist í anddyri, svefnherbergi, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél og þurrkara, geymslu, eldhús og stofu. Frá stofu er útgangur út í garð. Húsið er nánast all endurnýjað sbr. þak, lagnir að mestu, utanhússklæðning, gluggar, gler, hurðir og innréttingar. Eignin er tilbúin til afhendingar með eikarinnréttingum og eikarparketi. Baðherbergi flísalagt. **Verð kr. 22,9 millj.**

Sólumaður tekur vel á móti gestum,
teikningar á staðnum.

Laufengi - Bílskýli



Mjög góð og snyrtileg 4ra herbergja 93,5 fm íbúð á 3. hæð (efstu) í fjölbylishúsi. Fallegt og nýlegt parket á gólfum, snyrtilegt eldhús og björt stofa með útgangi út á suður svalir. Þrjú góð svefnherbergi og baðherbergi með glugga og tengi fyrir þvottavél. Sér inngangur frá svölum og opið bílskýli fylgir eigninni. **Verð 25 millj.**

Eignin getur verið laus við kaupsamning.

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI

heimili
FASTEIGNASALA

Sími
530 6500

Opití mán. - fim. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmansson,
Einar Guðmundsson og
Bogi Pétursson
Eigilíkir fasteignasalar

SÖLUSÝNINGAR

TRÖLLAKÓR 2-4 – TIL AFHENDINGAR STRAX



Vandaðar og vel skipulagðar 3- 5 herbergja 110-168 fm íbúðir í nýju fjölbylishúsi með lyftu.

Húsið er mjög vel staðsett í næsta nágrenni við skóla, leikskóla og nýja íþróttabyggingu, Kórinn. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar með vönduðum innréttingum með granít borðplötum, ísskáp, uppþvottavél og örbylgjuofni. Flestum íbúðum fylgir stæði í upphitaðri bílageymslu. Stórar og góðar geymslur.

Verð frá 25,9 millj.

Sölusýningar eru í dag milli kl. 16-17
og á morgun mánudag milli kl. 16-18

Sölumenn verða á staðnum.

Verið velkomin!

Traustur byggingaraðili

Dverghamrar ehf

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"

fmeignir.is | studlaberg.is

Einstök eign á besta stað
í Reykjanesbæ!



Akurbraut 21 Reykjanesbæ er afar glæsileg 362m² einbýlishús með tvöfaldur 62m² bílskúr. Húsið stendur á 1300m² eignarlóð sem er sjávarlóð með glæsilegu útsýni yfir flóa, vík og Reykjanesbæ, en í vikinni er verið að reisa glæsilegt víkingasafn. Lóðin öll í góðri rækt með stimpluðum stöttum frá Bomanite og verönd með heitum potti. Veglegar innréttingar og hurðir úr litaðri eik ásamt merbá gólfefni, stofa, borðstofa, sjónvarpshol með arni og eldhús er eitt opið rými og er afar rúmgóð. Úr sjónvarpsholi er gengið inn í glæsilegt sundlaugarhús með innilaug, gufubaði og baðherbergi. Einnig er góð setustofa í sundlaugarhúsinu með arin og borðkrók. Í húsinu eru stórt baðherbergi ásamt 2. svefnherbergjum og stóru hjónaherbergi. Hjónaherbergið er með inngengnu fataherbergi og útgang út á verönd. Innað fataherberginu er stórt vinnuherbergi með aðgang að bílskúr og að verönd. Falleg og rúmgóð eign í alla staði á frábærum stað, sjón er sögu ríkari!



Fasteignamiðstöðin • Hlíðasmára 17
201 Kópavogur • Sími 550 3000



Hafnargöta 29 2. hæð • 230 Reykjanesbær
Sími 420 4000 • Fax 420 4009



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Áslaug María
Sölufulltrúi
8200 301
aslaug@remax.is



Benedikt
Sölufulltrúi
661 7788
benolafs@remax.is



Hilmar
Sölufulltrúi
892 2982
hilmarosk@remax.is



Eir
Sölufulltrúi
660 6085
eir@remax.is



Guðlaugur
Sölufulltrúi
661 6056
gulli@remax.is



Inga
Sölufulltrúi
895 8518
inga@remax.is



Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali

RE/MAX
Lind



Kvistavellir 46-54, 221 Hafnarfjörður Verð frá 35.900.000



**SÖLUSÝNING
Í DAG MILLI
KL. 15.00 – 16.30**

- 246,3 fm
- 5 herbergja
- Með bílskúr
- Fullbúið að utan fokhelt að innan

Kvistavellir 56-64, 221 Hafnarfjörður Verð frá 33.600.000



**SÖLUSÝNING
Í DAG MILLI
KL. 15.00 – 16.30**

- 222,4 fm
- 5 herbergja
- Með bílskúr
- Fullbúið að utan fokhelt að innan

Verðmetum frítt fyrir þig!

Hringdu núna  **699 6165**

 www.boas.is

Opið Hús


**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 13.30 – 15.00
KALDASELI 10 - 109 RVÍK**

Fallegt og rúmgott 304 fm einbýli/keðjuhús með ca 70 fm aukaíbúð á mjög finum stað í Seljahverfinu. Einnig fylgir rúmgóður 42,0 fm bílskúr. Tvennar svalir. **VERÐ 59,7 millj.**

**Nánari upplýsingar gefur
Áki Sigurðsson sölufulltrúi. Gsm 869 1181**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helga-
dóttir lögg.fast

Bókið skoðun


KJARRHÓLAR – 800 SELFOSS

Glæsilegt 163 fm parhús í „Funkisstil“. Skilast tilbúið undir tréverk. Glæsilegt hús í góðu hverfi á Selfossi að utan er húsið klætt með áli og harðvið, hurðir og gluggar eru timbur ál, lóð verður þökulögð og mulningur í innkeyrslu, að innan er húsið tilbúið undir málningu (milliveggir komnir) góð lofthæð er í íbúðinni sem skiptist í þrjú svefnh. stofu eldh. gott baðh. og góðan bílskúr. Eign sem vert er að skoða.

**Nánari uppl. Áki Sigurðsson sölufulltrúi
Sími 869 1181**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helga-
dóttir lögg.fast

Masa International

er leiðandi fasteignasala á Spáni.



Þann **9. og 10. febrúar** verðum við með kynningu á eignum á **Spáni** og víðar. Kynningin verður haldin á **Hótel Reykjavík Centrum** milli **14:00 og 17:00**

Verið velkominn að líta við og kynna ykkur úrval glæsilegra eigna í sólinni.

Jón Bjarni Jónsson 896-1067 • Jónas H. Jónasson 862-4502 Líttu við og kannaðu málið!

Skipalón 4-8 – Opið hús í dag kl. 14 til 16


STÓRGLÆSILEGAR ÍBÚÐIR FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI Í LYFTUJÖLBÝLI

- ✓ Um er að ræða 40 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir og fylgja þeim staði í upphitaðri bílageymslu.
- ✓ Húsið er sérlega vel staðsett með óhindruðu útsýni yfir Hafnarfjörð, hafnarsvæðið, að Esju og víðar.
- ✓ Frábært útsýni úr nánast öllum íbúðum.
- ✓ Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna þó verða baðherbergi og þvottahús flísalögð.
- ✓ Lóð verður fullfrágengin samkvæmt lóðarteikningu.
- ✓ Arinn og 2 staði í bílageymslu með stærstu íbúðunum.
- ✓ Tvö baðherbergi í stærri íbúðum þ.a. annað inn af hjónaherbergi.
- ✓ Innréttingar í hæsta gæðaflokki
- ✓ Uppþvottavél og ískapur fylgja.
- ✓ Granít á borðum og sólbekkjum.
- ✓ Stórar stofur.
- ✓ Mynddyrasími.
- ✓ Tvennar svalir á stærri íbúðum.
- ✓ Reykskynjari uppsettur fylgir hverri íbúð
- ✓ Bílskúlishurð með sjálfvirkum opnara
- ✓ Innangengt úr bílageymslu í 3 lyftur.
- ✓ Þvottastæði í bílageymslu.
- ✓ Hefðbundin sameign ásamt afnotarétt á 55 fm samkomusal.
- ✓ Golfvöllur í göngufæri.
- ✓ Afhending er áætluð í mars/apríl 2008.

Verð: - 2ja herb. 70 - 75 fm kr. 18,5 - 22,5 millj. - 3ja herb. 95 - 122 fm kr. 23,8 - 34,5 millj. - 4ra herb. 128 - 167 fm kr. 30 - 54,5 millj.



Sími 520 2600



Sími 520 7500

SPÆNSKT HUGMYNDAFLUG Í MATARGERÐ

Tapas



eru til að mynda fleiri fiskréttir við ströndina en meira kjöt í miðju landi, grænmeti og svo framvegis. Réttirnir bera líka mismunandi nöfn eftir svæðum. Á suðurslóðum heitir tapas bara tapas en sum staðar á norðurslóðum er þetta kallað pinchos sem þýðir tannstöngull. Þá ertu bara með hlaðborð og tannstöngul sem þú stingur í réttina," segir Guðni.

Réttirnir sem Guðni útbjó fyrir okkur eru nýir en byggðir á gömlum grunni. „Tapasréttir henta í raun fyrir öll tilefni. Þeir eru bæði vel til þess fallnir að gera sér gláðan dag og til að prófa sig áfram í eldhúsinu á mánudegi. Það er það sem gerir þá svo skemmtilega," segir Guðni kíminn. „Tapas hentar sérstaklega vel í veislur. Réttirnir eru ágætis umræðugrundvöllur þar sem þú ert kominn með marga rétti og fólk talar meira um matinn en vanalega. Heilu umræðurnar geta spunnist í kringum matinn þegar hann er fjölbreyttur og framandi.“ Hráefnið fæst í öllum betri verslunum og Guðni segir að ekki þurfi að leita lengi. „Svo er um að gera að láta hugmyndaflugið leika lausum hala og prófa sig áfram.“

VALENCIA TAPAS BAR

Diego Björn Valencia hefur búið á Íslandi meira og minna í þrjátíu ár og er því landinu vel kunnugur. Hann opnaði nýverið tapasbar á Vitastíg 10a þar sem Kaffi Puccini var áður til húsa. „Mér gafst tækifæri á að opna stað þarna og hafði lengi langað að opna spænskan stað. Ég hef reyndar rekið veitingastaði í Reykjavík áður. Ég rak El Sombrero í tvö ár fyrir um tuttugu árum síðan og árið 1993 keypti ég Café au lait í Hafnarstræti og rak hann í hálf tveggja ára þurfti að hætta af persónulegum ástæðum," segir Diego, sem er margt til lista lagt. „Ég er lærður bílasprautunarmaður á Íslandi og er með sveinspróf sem þjónn frá því ég var 19 ára. Ég var í spænskum þjónaskóla og fékk próf í fyrsta flokki bar og veitingastaða og vann við það lengi en matargerð hefur alltaf verið mér ástríða," segir Diego áhugasamur og bætir við: „Mér þykir gaman að elda. Þegar ég er kominn í eldhúsið þá gleymi ég öllu og einbeiti mér bara að eldamennskunni og er þetta í raun tómstundagaman

fyrir mig.“ Diego segist hafa lært mikið af móður sinni í eldamennsku og líka af öllum þeim stöðum sem hann hefur unnið á. „Ég hef ferðast mikið og unnið víða og hef þannig víðað að mér ýmiss konar þekkingu. Það hefur gengið vel eftir að ég opnaði tapasbarinn en ég er að reyna að byggja upp bar á spænska vísu í Reykjavík og það tekur sinn tíma," segir Diego keikur og heldur áfram: „Þetta er staður þar sem fólk getur fengið sér drykk og tapas, hlustað á lifandi tónlist og notið lífsins. Síðan er ég með lítinn sal uppi sem getur hentað vel fyrir einkasamkvæmi," segir Diego. Valencia Tapas bar er opinn frá fimm til eitt eftir miðnætti á virkum dögum en um helgar er opið til þrjú að nóttu og er þetta því kjörinn staður fyrir svanga nátthrafna með fagaðan matarsmekk. „Um helgar er líka lifandi tónlist. Það er strákur sem spilar á gítar og ég syng flamenco. Hann er frá Kúbu en er þó með andalúsískt hjarta og erum við því góðir saman," segir Diego kíminn og ljóst er að Diego er potturinn og pannan í tapasbarnum sem heitir í höfuðið á honum. „Úppskriftirnar sem ég gef hér eru einfaldar og góðar. Mestu skiptir að hafa hjarta sem elskar það sem maður er að gera. Ef þú ert með þannig hjarta þá er enginn vandi að gera þetta," segir Diego brosandi. - hs



Diego Björn vill hafa líf og fjör á nýja tapasbarnum sínum en auk þess að bjóða upp á girnilega tapasrétti má líka hlusta á lifandi flamenco-tónlist um helgar þar sem Diego syngur og kúbverskur vinur hans spilar undir á gítar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



TAPASUPPSKRIFTIR

Pepes Tapasbar

HVÍTLAUKSRÆKJUR

Fyrir fjóra

500 g pillaðar rækjur
3 msk. ólífuolía
3 hvítlauksgeirar
1 glas hvítvín
paprikukrydd
salt
steinselja

Finsaxið hvítlaukinn. Hitið pönnu á miðlungshita og mýkið hvítlaukinn í stutta stund. Setjið rækjurnar á pönnuna og steikið í þrjár mínútur. Kryddið með paprikukryddinu og blandið saman. Setjið hvítvinið á pönnuna, lækkið hitann og látið krauma í um það bil þrjár mínútur. Dreifið saxaðri steinseljuyfir.

Fylltar Piquillo Paprikur með saltfiski og humarsósu

Fyrir fjóra

1 dós Piquillo paprikur (fluttar inn af Almendros vörum ehf. Steiktar og hreinsaðar paprikur frá La Rioja svæðinu en nota má venjulegar paprikur)
200 g saltfiskur
u.þ.b. 4 msk. hveiti
u.þ.b. 250 ml mjólk
smjör
2 msk. humarmauk
1 glas hvítvín
olífuolía
rjómi
salt og pipar
steinselja

Útbúið þykka béchamel-sósu eða jafning úr hveiti, mjólk og smjöri. Saxið roðlausan saltfiskinn í mjög þunna bita. Blandið saman fiski og sósu og kælið. Troðið fyllingunni varlega í tólf paprikur. Blandið saman ólífuolíu, humarmauki og 1 msk. af smjöri á pönnu við lágan hita. Hellið hvítvínsglasi saman við og látið krauma í um þrjár mínútur. Bætið smá rjóma saman við. Kryddið með pipar og salti. Setjið því næst paprikurnar á diskana og hellið humarsósunni vandlega yfir. Skreytið með saxaðri steinseljuyfir.

Valencia Tapas bar

Kjötbollur á La Andaluza

Fyrir fjóra

1,5 kg af nautahakki
2 egg
150 g brauðrasp

2 hvítlauksrif, vel söxuð söxuð steinselja salt og pipar

Blandið öllu vel saman þar til það er í sama lit. Búið til bollur og steikið þær í ólífuolíu þar til þær verða ljósbrúnar. Setjið bollurnar í steikta tómatósú og látið sjóða í hálf tíma við lágan hita.

STEIKT TÓMATÓSÓSA

Gera þarf um kíló af tómatósú

Tómatar (ferskir eða niðursoðnir) – um 2 hálfðósir
2-3 hvítlauksrif
2-3 lárviðarlauf

Steikið sósuna þar til súra bragðið er farið og blandið þá kjötbollum saman við.

CAMPINONES AL JEREZ

Fyrir fjóra

500 g ferskir sveppir í heilu lagi
2 hvítlauksrif, vel söxuð sérrí
salt og pipar

Steikið hvítlauk og sveppi saman í ólífuolíu þar til sveppirnir verða brúnir. Setjið smá sérrí út í og látið sjóða þar til froða kemur upp. Setjið í bakka og hellið oliunni yfir.

Tapasbarinn

GEITAOSTUR OG DÖDLUR innbakaðar í Serranoskinku með Grand Marnier hunangi og ferskum jarðarberjum

Fyrir fjóra

5 msk. geitaostur
6 dödlur
6 strá graslaurk
4 sneiðar Serranoskinka svartur pipar
jómfrúarolífuolía

Setjið geitaostinn, döðlurnar og graslaurkinn í matvinnsluvél og maukið vel. Setjið eina matskeið af ostinum á Serranoskinkuna og rúllið henni upp. Gætið þess að loka báðum endum á skinkunni. Böggglarnir eru settir á ofnskúffu og svörtum pipar stráð yfir og góðri jómfrúarolífuolíu dreift yfir. Setjið í forhitaðan 200 gráðu heitan ofn í 2 mínútur. Berið fram með Grand Marnier hunangi, sneiddum jarðarberjum og ristudu eða grilludu súrdeigsbrauði.

GRAND MARNIER HUNANG

3 msk. hunang
1 dl Grand Marnier
1 grein tíman

Setjið líkjörinn á pönnu með timiangrein og sjóðið áfengið úr í 1-2 mínútur. Setjið hunangið í skál á meðan timiangreinin er tekin frá og vökvanum hellt saman við hunangið. Hrærið vel.

PÖNNUSTEIKTUR SALTFISKUR með pistasíalíoli og eldsteiktu chorizo

60 g af saltfiski á mann
1 tsk. hvítlauksolía
svartur pipar

Skerið saltfiskinn í 60 g bita. Hitið pönnuna vel þar til rétt byrjar að rjúka úr henni. Takið hana þá af hellunni og hellið olíu á hana. Setjið saltfiskinn á pönnuna með roðið niður. Setjið pönnuna aftur á helluna á lágum hita, í 1 ½ mínútu. Kryddið með hvítlauk og pipar. Snúið saltfisknum við og steikið í örfá andartök.

PISTASÍUALIOLI

2 eggjarauður
1 stk. köld bökuð kartafla
1 kúfuð msk. Dijon sinnep
1 hvítlauksrif
100 g pistasíuhnetur
2 1/2 dl ólífuolía
kalt vatn
salt og pipar

Setjið allt nema olíuna og 1/3 af hnetunum í matvinnsluvél og maukið vel í 1-2 mínútur. Bætið 1/2 matskeið af köldu vatni við til að þynna kjarnann út. Hellið ólífuolíunni rólega út á meðan að blandarinn er látinn vinna. Bætið við meira af köldu vatni ef sósan verður of þykk. Kryddið með salti og pipar. Saxið restina af hnetunum og bætið út í fyrir framreiðslu.

CHORIZO PYLSA

40 g af Chorizo-pylsu á mann
1 msk. brandý
salt og pipar

Skerið Chorizo-pylsuna í þunnar sneiðar og setjið á heita pönnu. Steikið pylsuna eitt andartak og kryddið með salti og pipar. Hellið brandýnu út á. Þeir sem treysta sér geta flambrað pylsuna.

Matarspjót

EINFÖLD OG ÞÆGILEG



Spjótin taka sig sannarlega vel út.



Bitarnir eru marineraði í mismunandi legi áður en þeim er brugðið í ofn.



VEISLUSPJÓT

SJÁVARRÉTTAPJÓT

Léttsteikið túnfisk, skerið í hæfilega bita og marineraði í soja, ferskum hvítlauk, ólífuvolíu og saxaðri steinseljju.

Risa hörpuskel er léttsteikt á pönnu, skorin í tvo bita ef þurfa þykir, krydduð með grófum pipar, limesafa og rifnum limeberki í ólívuolíu, salti og saxaðri steinseljju.

Tiger-rækja er soðin og marineraði í ólífuolíu, söxuðu dilli og smá hvítvíni og salti.

Humar er steiktur í ofni, kryddaður með hvítlauks-smjöri, smá hvítlauk og steinseljju.

Kengúrukjöt, dádýr, lamb eða nautakjöt steikt létt í ofni, kælt og skorið í sneiðar, marineraði m/teriyaki-sósu og rúllað upp.

LAMBASPJÓT

Lambalund er velt upp úr teriaky-sósu í klukkutíma, sett upp á spjót og steikt í ofni í níu mínútur á 190 C.

Kjúklingaspjót: Kjúklingalundir marineraðar í olíu og tandoori-kryddi í klukkutíma, þræddar á spjót og steiktar í ofni í níu mínútur við 190 C.

SÓSUR

Sýrður rjómi, rifinn limebörkur og sítrónupipar.

Hugmyndaflugioð RÆÐUR FÖR

Matur á spjótum er vinsæll í veislum enda bæði skemmtilegt og auðvelt að gæða sér á slíku góðgæti. Þá má einnig útbúa spjótin með nokkrum fyrirvara.

Matur á spjótum setur svip á veisluborði. Hann er líka einfalt að búa til og þægilegt að framreiða því hægt er að füllelda hann daginn fyrir neyslu og svo bregða honum í ofn rétt áður en hann er borinn fram. Þetta veit Ísak Runólfsson í Veislunni á Seltjarnarnesi sem ásamt sínu fólki hefur margra ára reynslu í matreiðslu veisluréttanna. „Mér reynist vel að leggja matinn í marineringu í minnst klukkutíma og steikja kjötið deginum áður í níu mínútur á 190 gráðum. Þá duga fimm mínútur á 180 gráðum áður en það fer inn á borðið. Það þarf ekki að gera allt á síðustu stundu.“

„Aðalmálið er að vera með mismunandi bragð,“ segir Ísak um sjávarréttaspjótin. Kveðst vera með minnst tvær fisktegundir og leggja þær í ólíkar marineringar. „Annars látum við bara hugmyndaflugioð ráða,“ segir hann léttur og gefur eftirfarandi leiðbeiningar.



„Það þarf ekki að gera allt á síðustu stundu,“ segir Ísak í Veislunni og mælir með að spjótin séu útbúin degi fyrir veisluna.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

REYKOFNAR

FISK • KJÖT • FUGLA • HJARTARKJÖT
BAKA • ELDA • REYKJA

Kirkjulundur 19 - 210 Garðabæ
 www.rorkras.is - Sími: 565 9393

Ávaxtakarfan


APPELSÍNA er ávöxtur sitrustrésins Citrus sinensis. Appelsínur eiga uppruna sinn að rekja til Suðaustur-Asíu og eru mjög auðugar af C-vítamíni. Þær eru sætar á bragðið, þó misjafnt eftir tegundum en innihalda þó aðeins um 50 hitaeiningar í hundrað grömmum. Til eru fjölmörg afbrigði appelsína. Sumar eru steinlausar, aðrar með þykkum börk. Appelsínur má borða á margvíslegan hátt, einar og sér, matreiðdar eða með öðrum mat. Til dæmis þykja þær henta vel til mótvægis við saltan og reyktan mat.



raðir. Bananar eru tíndir grænir og óþroskaðir en gulna eftir því sem þeir þroskast meira. Bananar eru sætir og góðir og innihalda 90 til 100 hitaeiningar í hverjum 100 grömmum.

VÍNBER eru ávöxtur vínviðarins sem er ættkvísl klifurjurta af vínviðarætt. Berin vaxa venjulega í klösum sem innihalda sex til 300 ber, og geta verið svört, blá, gyllt, græn, fjólublá og hvít. Þau eru étin hrá eða pressuð í safa, sultuð eða látin gerjast til að búa til vín. Vínber eru frábær sem nasl á milli mála. Þau eru lítil og sæt enda sykurauðug og innihalda um 80 hitaeiningar í 100 grömmum.

BANANI er ávöxtur banana-plöntunnar. Helstu ræktunarsvæði þeirra eru nálægt miðbaug jarðar. Banana-plantan blómstrar og hvert blóm verður að banana. Þau vaxa í röðum og inniheldur hver röð um 15 til 30 banana en á hverjum stilk plöntunnar eru 7 til 10



Kaffið frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár gæðablöndur í hagkvæmum 400 g umbúðum. Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin



Sættindi

HRADFERÐ AÐ HJARTA MANNSINS



SÆTIR SMÁRÉTTIR

KRANSAKÖKUBITI

500 g kransakökumassi/marsípan
250 g sykur
2-4 eggjahvítur
150-200 g núggat

Stillið ofn á 180°C.
Bræðið núggat yfir
vatnsbaði.

Hrærið saman
marsípani og sykri í
þéttan massa og bætið
við eggjahvítum, einni í
einu, þar til massinn verður
meðferðilegur (svipaður og leir). Rúllið
massann í lengju og setjið á bökunar-
plötu. Þrýstið litla rönd í miðju lengjunn-
ar fyrir núggat, sem við bætist eftir
bakstur. Bakið í 9 til 12 mínútur.
Sprautið bræddu núggati í raufina á
lengjunni, kælið og skerðið síðan í
mátulega bita. Dýfið endum í brætt
súkkulaði.



SÚKKULAÐIKÖKUR

1.275 g ekta súkkulaði (skorið í litla
bita)
2/3 bolli smjör
5 egg (við stofuhita)
1 bolli sykur
½ tsk. salt
1 vanillustöng (skorin í tvennt
og korn skafin úr)
½ bolli hveiti
2 bollar valhnetur (brytjaðar
niður)

Hitið ofn í 190°C. Smyrjið og setjið
pappír í ofnskúffu eða 40x30 cm
kökumót.

Bræðið 775 g af súkkulaði og smjör yfir
vatnsbaði. Peytið saman egg, sykur, salt
og vanillukorn í þykkann massa. Blandið
rólega saman við bræddu súkkulaði/
smjör-blöndunni. Blandið hveiti saman
við í rólegheitum og að lokum afgangi
af súkkulaði og valhnetur. Setjið í mót
og bakið í 20 mínútur. Kælið og skerðið í
bita.

VATNDEIGSBOLLUR MEÐ VANILLUKREMI

Vatnsdeig:
150 g smjör
150 g hveiti
6 egg
3 dl vatn

Hitið ofn í
190°C. Smyrjið
bökunarplötur með
smjöri.

Setjið smjör og vatn
saman í pott, náðið upp suðu,
blandið hveiti saman við og hrærið vel
saman. Takið af hellu og hrærið með
spaða í hrærvélaskál ásamt eggjum
sem bætt er við eitt í einu. Sprautið
litlar bollur á bökunarplötur, sem
tvöfaldast að stærð við bakstur. Bakið í
15 til 18 mínútur.



VANILLUKREM:

250 g mjólk
250 g rjómi
4 eggjarauður
100 g sykur
1 vanillustöng

Mjólk, rjómi, 50 g sykur og
korn vanillustangar sett í pott
og hitað að suðu. Pískið saman
eggjarauðum og 50 g sykurs.
Hellið rjóma mjög varlega yfir
eggjablönduna og þykkið yfir heitu
vatnsbaði. Hrærið án afláts með sleikju
til að egginn hlaupi ekki. Hitið ekki yfir
60°C.

Kælið kremið og sprautið inn í vatns-
deigsbollunna. Skreytið bollunna með
bræddu súkkulaði.

SARA BERNHARD

MAKKARÓNUR Í BOTNINN:
250 g kransakökumassi/marsípan
250 g sykur
4 eggjahvítur

KREM (LAGAST DEGI ÁÐUR):

½ l rjómi
200 g suðusúkkulaði (helst með yfir
50% kakóinnihaldi)
Auk þess 300 g súkkulaði til að hjúpa
með. Ágætt að nota súkkulíki eða
Odense-dropa því þá þarf ekki að
tempra, en allra best að notast við
suðusúkkulaði sem þá
þarf að tempra
fyrst.



Krem
(dagur 1):
Hellið rjóma
í pott og
hitið að suðu.
Takið pott af
hellu, bætið við
súkkulaðið í heitan
rjómann og hrærið vel saman með písk.
Látið blönduna taka sig í kæli yfir nótt.

Súkkulaði: Bræðið „non-temp“
súkkulaði yfir vatnsbaði, en fylgið
leiðbeiningum um temprun á ekta
súkkulaði (oftast þarf að hita súkkulaði
að 45°C, kæla niður í 27°C og hita aftur
að 34°C sem er vinnsluhiti.)

Makkarónur: Stillið ofn á 180°C.
Hrærið (ekki þeyta) saman sykur og
kransakökumassi/marsípan í þéttan
massa. Hellið eggjahvítum rólega
saman við, einni í einu. Massinn á að
vera passlega blautur svo ekki sé erfitt
að sprauta honum úr sprautupoka.
Leggið bökunarpappír á ofnplötu og
sprautið massanum í passlega stórar
stærðir, en massinn stækkar um
helming við bökun. Setjið inn í
miðjan ofn og bakið í 12 til 18
mínútur.

Krem (dagur 2): Setjið krem í
hrærvélaskál og þeytið með spaða.
Verið vakandi yfir kreminu sem skilur sig
við ofþeytingu. Setjið krem í sprautu-
poka og sprautið topp ofan á makkar-
ónukökurnar. Kælið eða frystið, og
hjúpið svo með súkkulaði. Skreyta má
Sörur með súkkulaðispænum, en í
gamla daga voru þær skreyttar með
kandiseruðum fjólum til heiðurs söng-
og leikkonunni Söru Bernhard.



Yndisfríðir og
sykursætir
munnbítar úr
dönskum
uppskriftabók-
um taka sig
vel út á
veisludisknum.

Dísætir danskir draumabitar

Máltíð er ekki fullkomnuð nema kórónuð með sætri upplifun fyrir
munn og maga. Dísætir smáréttir krefjast natni og listrænnar sköp-
unar, enda ekki síður gerðir til að fullnægja fegurðarskyni þess sem
smakkar, en sætum bragðlaukum.

Danir kunna best þá kúnt að gera vel
við sig í mat, drykk og lífsins dekki.
Finlegt fingurfæði úr þeirra konfekt-
kistu er hraðferð að hjarta mannsins.

Í gegnum aldir hafa Íslendingar og gjör-
völl heimsbyggðin notið yndisleika dansks
sætabrauds, enda víðfrægt fyrir ferskleika,
sælkeráutfærslur, guðdómlegt bragð og
ríkulegt hráefni; ekki síst kynstrin öll af
smjöri.

Í Danmörku er hefð fyrir sultu-, marsípan-
og eggjabúðingsfyllingum í bakstur sem
skreyttur er með súkkulaði, sykri eða glassúr,
en aðrar þjóðir nota sínar eigin útfærslur í
dönsku uppskriftirnar, eins og Bretar sem
fylla sitt sætabraud með sultum, rúsinum,
vanillukremi og karamellum, meðan Banda-
ríkjamenn og Kanadamenn nota ávexti, hnet-
ur og sæta osta í sína dönsku drauma.

Frægast úr danska bakaríinu er vinar-
brauðið á Norðurlöndum, sem kennt er við
Vínarborg í Austurríki, en skemmtilega
öfugsnúið er að í Vín er sama hnossgæti
kennt við kóngsins Kaupmannahöfn.

Hverju sem upprunanum líður er víst að
enginn verður svikinn af dönskum og dísæt-
um smáréttum, en hinn örláti bakaramest-
ari Arnar Snær Rafnsson lætur lesendum í
té nákvæmar uppskriftir af vinsælasta sæt-
meti Café Konditori Copenhagen til veislu-
gjörninga í smáréttaboðinu.



Arnar Snær Rafnsson bakaramestari hjá Café
Konditori Copenhagen sem þekkt er fyrir
unaðslegt göðgæti úr úrvals hráefni.

- þlg

Mundu heilsuréttina

**...og kroppurinn
blómstrar**

Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtarækt 2006 og
Íslandsmeistari í vaxtarækt 2007
velur heilsurétti Nings

Magnús Bess
Margfaldur Íslandsmeistari
í vaxtarækt
velur heilsurétti Nings

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12, VIÐ GULLINBRÚ SÍMI: 588 9899
KAUPVANGSSTRÆTI AKUREYRI SÍMI: 440 6600



NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
SKRIFAR MATARHUGLEIÐINGAR



Leynivopnið sem bjargar boðinu

Ég á alltaf smjördeig í frysti. Og í seinni tíð, eftir að ófrosið, útflatt smjördeig fór að fást, á ég það oft í ísskápnum líka. Það er nefnilega ótrúlega oft hægt að bjarga málnum með smjördeigi þegar mikið liggur við og galdra fram alls konar kræsingar á svipstundu – bæði sætar og ósætar en hér ætla ég reyndar að halda mig við þær ósætu.

Smjördeig er afskaplega auðvelt í meðförum og þótt það sé hægt að klúðra öllu í eldhúsinu ef einbeittur brotavilji er fyrir hendi þá er ekki sérlega mikil hætta á að smjördeigið klúðrist. Síst af öllu ef maður kaupir það útflatt og þá þarf ekki einu sinni að bíða eftir að það þiðni. En frosnar deigplötur eru reyndar ekki nema svona 20 mínútur að þiðna á eldhúsbekknunum ef dreift er úr þeim og svo þarf bara að leggja deigplötunum þannig að þær skarist svolitíð, þrýsta brúnunum saman með fingurgómunum og fletja deigið út í um 2 mm þykkt.

Ef það er eitthvað sem klúðrast hjá mér, þá er það helst að deigið lyftir sér of mikið og aflagast – fyllingin á dvergþitsunni, sem á að sitja voðalega pent á sínum stað, veltur kannski út á bökunarplötuna af því að deigið blæs út í miðjunni. En það má sjá við þessu með því að rista hring í deigið í kringum fyllinguna til að fá kant – þá getur kanturinn hækkað eins og hann lystir án þess að hann dragi miðjuna upp með sér.

Þegar smábökur eru gerðar er gott að byrja á að baka deigskelina blint, eins og það er kallað. Þá er deigið sett í formið, bökunarpappír lagður yfir og svo er eitt-hvert farg sett á pappírinn, venjulega þurrkaðar baunir, hrisgrjón eða annað slíkt. (Hér er tilvalið að nota t.d. sojabauarnar sem maður keypti í hitteðfyrri þegar til stóð að gera heilsuáttak – það má svo geyma þær í krukku og nota aftur og aftur.) Fargið er svo fjarlægð eftir nokkrar mínútur, fyllingin sett í og bakan bökuð. Þetta kemur í veg fyrir að botninn á bökunni verði blautur og hálfhrár.

Í uppskriftunum hér á eftir – sem eru aðallega til að gefa hugmyndir að fljótlegum smáréttum, svo er hægt að breyta þeim á alla vegu – er alltaf miðað við 1 pakka af útflöttu deigi eða 1 pakka af frosnum deigplötum sem búið er að þiðna, tylla saman og fletja út. Ofnhiti er í öllum tilvikum 210°C (án blásturs) og allt er bakað í miðjum ofni. Smjördeig er yfirleitt penslað áður en það er bakað svo það fái á sig gljáa og lit og mér finnst það verða fallelgra ef notuð er rauða eingöngu, ekki heilt egg.

FLJÓTLEGUSTU SKINKUHORNIN

100 g skinka
¼ piparostur (eða annar áþekkur ostur)
2 vorlaukar (grænu blöðin)
100 g hreinn rjómaostur, mjúkur

Skerðu út nokkuð stóra hringi (á stærð við stóran kökudisk) úr deiginu og skerðu hvern hring í 6 geira. Skerðu skinkuna, piparostinn og vorlaukana í litla bita og hrærðu saman við rjómaostinn. Settu kúfaða teskeið af fyllingu á hvern geira og vefðu hornin upp frá rúnnaðu hliðinni. Snúðu aðeins upp á endana til að loka þeim og sveigðu þá. Penslaðu hornin með eggjarauðu og bakaðu þau í miðjum ofni í um 10 mínútur.

SPERGILRÚLLUR

16-24 sperglar (ferskir dvergsperglar eða niðursoðnir stönglar)
nokkrar sneiðar góð skinka
svolitíð dijón-sinnep
nýrifinn parmesanostur



Spænsk dvergþitsa.



Spergilrúllur.

Forsjóddu sperglana í 2-3 mínútur í saltvatni ef þeir eru ferskir. Skerðu deigið í aflanga búta, nokkru styttri en spergilstönglarnir eru, og skerðu skinkusneiðarnar í 3 cm breiðar ræmu. Smyrðu miðjuna á hverjum deigbút með örlitlu sinnepi, leggðu skinkuræmu ofan á og síðan spergilstöngul, vefðu deiginu utan um, penslaðu samskeytin með eggjarauðu og láttu þau snúa niður. Penslaðu svo vefjurnar, stráðu svolitlum parmesanosti yfir og bakaðu í miðjum ofni í 8-10 mínútur.



Grænmetis-smábökur.

Penslaðu deigið í kringum tómatana með eggjarauðu – það er líka gott að rista grunnan skurð með hnífsoddi í kringum þá til að deigið lyfti sér síður í miðjunni. Bakaðu medalíurnar í miðjum ofni í 6-8 mínútur.

SPÆNSKAR DVERGPÍTSUR
paprikumauk eða rautt pestó
chorizo- eða pepperónipylsa
1 jalapeno-ostur

eggjarauðu og bakaðu pítsurnar í miðjum ofni í um 8 mínútur.

SKINKU- OG BASILÍKUSNÚÐAR

100 g rjómaostur, mjúkur
125 g góð hráskinka
1 knippi basilíka

Skerðu deigið í um 12 cm breiðar lengjur – lengdin skiptir ekki máli. Smyrðu rjómaostinum á lengjurnar en skildu eftir ósmurða rönd við aðra langhlið þeirra. Leggðu skinkusneiðarnar á ostinn og stráðu basilíkublöðum yfir. Penslaðu ósmurðu röndina með eggjarauðu og rúllaðu svo deiginu upp frá smurðu hliðinni. Penslaðu rúllurnar, skerðu þær í um 1 cm þykkar sneiðar og raðaðu þeim á plötu. Bakaðu snúðana í 8-10 mínútur í miðjum ofni.

GRÆNMETIS-SMÁBÖKUR

1 rauð paprika
2-3 vorlaukar
lófayfylli af basilíku
3 egg
100 g rjómaostur
nýmalaður pipar
salt
2-3 msk nýrifinn parmesanostur

Stingdu út hringi úr deiginu, svolitíð stærri en bökumótin, og leggðu þá yfir. Klippu út hringi úr bökunarpappír, leggðu þá ofan á og helltu t.d. baunum eða hrisgrjónum á pappírinn til að nota sem farg. Bakaðu deigskeljarnar með farginu í 6 mínútur. Saxaðu á meðan papriku, vorlauk og basilíku, hrærðu eggjum og rjómaosti saman við og kryddaðu með pipar og salti. Taktu bökuskeljarnar út, fjarlægðu fargið og penslaðu brúnirnar með eggjarauðu. Helltu fyllingunni jafnt í skeljarnar og stráðu parmesanosti yfir. Bakaðu bökkurnar í miðjum ofni í um 10 mínútur, eða þar til fyllingin hefur stífnað.



TÓMATMEDALÍUR
rjómaostur með sólþurrkuðum tómötum
kirsuberjatómatar

Stingdu litla hringi, um 5 cm í þvermál, út úr deiginu og settu ½ tsk. af osti á miðjuna á hverri. Skerðu tómatana í tvennt og leggðu hálfan tómat á hvern hring.

Stingdu út hringi, sex til átta cm í þvermál. Ef þú átt annað útstungumót, aðeins minna, er gott að stinga innri hring (en þó ekki alveg í gegnum deigið) til að fá kant á deigið. Smyrðu um hálfri teskeið af paprikumauki eða pestói á miðjuna, leggðu pylsusneið ofan á og síðan svolitla sneið af osti. Penslaðu kantinn með

España

Spænsku
kjötvörurnar frá
España eru frábærar
í ýniss konar smárétti,
tapasrétti eða bara
sem álegg á brauðið.

FUET D'OLOT
España

España
LONGANIZA
TRADICIONAL
36 LONGANIZAS

España
JAMÓN CURADO
LONGANIZAS
EXTRAFINAS
10 LONGANIZAS

Þú finnur España vörurnar í verslunum Nóatúns og í Krónunni.

Veislan heldur áfram

Á bóndadaginn kynnti Rauðará girnilegan matseðil: steikarveislu, villibráðarveislu og humarveislu. Skemmst er frá því að segja að undirtektir voru frábærar og því heldur veislan áfram.



Steikarveisla 5.900.- með víni 8.400.-

Forréttur: Koniaksbætt rjómahumarsúpa

Aðalréttur: Eldsteikt lambafille með bakaðri kartöflu og rauðvínssósu eða nautapiparsteik með piparsósu

Desert: Ítölsk ostaterta í bolla með ferskum jarðarberjum



Villibráðarveisla 6.900.- með víni 9.400.-

Forréttur: Grafín gæsabringa með bláberjabalsamic ásamt andaliffarmús og rauðvínssóðnum lauk

Aðalréttur: Hreindýramedalíur með gamaldags rjómasósu

Desert: Heilög þrenning, eplapæ, eplamúffin og tartar tartín



Humarveisla 6.900.- með víni 9.400.-

Forréttur: Grillaður humar í skel með villisveppa rísottó

Aðalréttur: Nautasteik New Orleans með crembrulle lauk

Desert: Heit súkkulaðiterta með vanilluís og jarðarberjasósu

– ástríðufullur veitingastaður með fersku yfirbragði



Guðmundur Viðarsson, yfirkokkur



RAUÐARÁ
RESTAURANT

RAUÐARÁRSTÍG 37
SÍMI 562 6766
WWW.RAUDARA.IS

Sniðugar vefsíður

Á undirsíðu www.bbc.co.uk, www.bbc.co.uk/dna/h2g2/A640090, eru alls kyns upplýsingar um smárétti. Hversu stórir smáréttir eiga að vera, hvernig best sé að borða þá og hugmyndir að alls kyns smáréttum ásamt því hvernig eigi að matreiða þá. Þarna eru meira að segja tillögur að smáréttum fyrir fátæka námsmenn!



Austurríski listakokkurinn Johanna Wagner heldur úti blogg síðunni www.thepassionatecook.typepad.co, þar sem hún skrifar um uppáhalds viðfangsefnið sitt, mat, ásamt því að eftirláta lesendum uppskriftir. Með því að bæta /thepassionatecook/canaps_and_finger_food aftan við slóðina birtist síðan listi af smáréttum með girnilegum myndum, sem Wagner hefur tekið sjálf. Ekki nóg með það heldur er að finna á síðunni tengla á alls kyns frábærar matreiðslusíður.



Á recipefinder.ninemsn.com.au/recipes/finger-food/ er að finna fjölda uppskrifta að ljúffengum smáréttum með einföldum leiðbeiningum. Þar er jafnframt tilgreint hvort réttirnir innihaldi lágt magn af kólesteróli eða fitu, þeir séu auðveldir í vinnslu, hvort þeir henti fyrir börn og hvernig skuli geyma þá. Með því að gerast meðlimur á síðunni getur maður sent uppskriftirnar á tölvupósti, vistað þær og prentað út og niðurhalað innkaupalistum í gemsann sinn.

VIÐ MÆLUM MEÐ...



LÁRPERUR eru gríóarlega vítamínríkir ósætir ávextir sem eru góðir ofan á brauð, í græna hristinga, einir og sér eða í salat. Ávöxturinn er í fyrstu grjótharður en mýkist á nokkrum dögum og er þá tilbúinn til átu. Hins vegar borgar sig að kaupa hann harðan í búðinni og láta hann mýkjast í ávaxtakörfunni heima.



MATREIÐSLUBÓKIN hennar ömmu geymir ýmsa leyndardóma, svo og matreiðslubækur annarra mætra kokka í ættinni. Í öllum fjölskyldum leynast uppskriftir sem gengið hafa mann fram að manni og þess vegna ekki úr vegi að skrá þær niður, gera úr því fallega bók og gefa jafnvel í jólagjöf með skemmtilegum myndskreytingum barnanna í ættinni. Kjötsúpan hennar langalangömmu getur þannig lifað áfram um ókomna tíð.



TÍMAMÆLIR í eldhúsið vekur af værum blundi þegar eggj eru soðin, ofnrétturinn tilbúinn og kakan bökud. Það getur nefnilega verið auðvelt að gleyma sér í önnum hversdagaleikans eða yfir góðu blaði og sjónvarpsfréttum. Þess vegna er ágætt að bjallan glymji þegar allt er klappað og klárt. Matarklukkan fást í mörgum litum og gerðum í flestum betri búsaáldaverslunum landsins.

ÚTSALA UM ALLT LAND

BT

ENN MEIRI LÆKKUN

Panasonic
TX-32LE7F
Panasonic 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link and VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

79.999
~~99.999~~

FRABÆRT VERÐ!!!

99.999

BT LAN
Verð frá 2.897 59 mánaða

10.000,- LÆKKUN

DENVER
15"

DENVER® TFD-1504 DENVER 15" LCD MIDVD SPILARA

Lendir á FÖSTUDAG

29.999
~~39.999~~

Canon

Canon 400D CANON400DBUNDLE
10 megapíkila D-SLR
Rýkvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Niu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slækkur á skjá þegar hún er borin að auganu.
Batterigríp fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey

1 GREIÐSLA
1. júní 2008

FYLGIR

10.000,- LÆKKUN

DENVER
19"

DENVER® TFD-1904 DENVER 19" LCD MIDVD SPILARA

Lendir á FÖSTUDAG

39.999
~~49.999~~

TOSHIBA

PSL48E-01F00PNS
TOSHIBA SATELLITE L40-14Y
Intel Celeron 530P
15.4" WXGA skjár
- upplausn 1280x800
Intel GL960 skjákort
512MB DDR2 Vinnsluminni
80GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Windows Vista Basic

20.000,- LÆKKUN

49.999
~~69.999~~

TOSHIBA

PSAE3E-04401JN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1UV
Intel Dual Core T2310
15.4" TFT WXGA TruBrite
- 1280 x 800 Upplausn
Intel GL960 skjákort
2GB Vinnsluminni (2x1024)
200GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hjóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggjt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
- með 6 flýtihöppum
Innbyggjt BlueTooth
Innbyggður 5 - 1 kor'alesari

30.000,- LÆKKUN

89.999
~~119.999~~

ADEINS 40 STK

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

Allir skólar landsins fá nýtt skyndihjálparveggspjald

Rauði krossinn, í samstarfi við N1, gefur öllum leik-, grunn-, framhalds- og háskólum landsins skyndihjálparveggspjaldið Getur þú hjálpað, þegar á reynir?

Þetta er gert í tilefni af 112-degnum sem haldinn verður á vegum viðbragðsaðila í björgun og almannavörnum um allt land mánudaginn 11. febrúar. Fjölmargar deildir félagsins um land allt heimsækja skólana í sinni heimabyggð af þessu tilefni, afhenda veggspjöldin og vekja sérstaka athygli á mikilvægi þess að allir kunni skyndihjálpa, jafnt starfsfólk sem nemendur.

Á veggspjaldinu eru upplýsingar um hvernig bregðast má við í neyð. Framsetningin er bæði einföld og skýr svo allir geta lært eitthvað af því eða rifjað upp helstu aðferðir skyndihjálpar. Veggspjaldið var fyrst gefið skólum árið 2005 en hefur nú verið uppfært samkvæmt nýjum alþjóðlegum leiðbeiningum um skyndihjálpa og endurlífgun.



HJÁLPARSPJALD TIL ALLRA Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnisstjóri í skyndihjálpa hjá Rauða krossi Íslands, afhenti Guðrúnu Ingimundardóttur, skólustjóra Breiðagerðisskóla, og nemendum veggspjald.

Hjá íslenskum börnum á aldrinum fimm til fjórtán ára eru slys í skólum nokkuð algeng og er áætlaður fjöldi slysa um 2.500-3.200 á ári. Skyndihjálparveggspjaldin eru þeirra sem gæta barnanna í skólunum getur því augljóslega reynst dýrmæt í neyð. Mörg dæmi eru um að jafnvel börn hafi bjargað mannlífum með því að þekkja til grunnþátta í skyndihjálpa og oftast en ekki hafa þau lært

skyndihjálpa í grunn- eða framhaldsskóla.

Rauði krossinn hefur í áratugi unnið að útbreiðslu skyndihjálpar með því að halda námskeið fyrir ýmsa hópa, þar á meðal starfsmenn leik- og grunnskóla, og bjóða upp á vandað fræðsluefni í skyndihjálpa í samræmi við nýjustu kröfur. N1 hefur styrkt skyndihjálparverkefni Rauða krossins síðastliðin þrjú ár.

NAFNID MITT: ESTHER TALÍA CASEY

Heiti eftir frægri leikkonu

Segja má að framtíð leikkonunnar Estherar Talíu Casey hafi verið ráðin þegar foreldrarir völdu á hana nöfn, þar sem nöfnin Esther og Talía hafa táknræna merkingu í leikhúsi og listum.

„Ég var skírð Esther í höfuðið á írskri ömmu minni. Ég man reyndar ekki eftir henni en á að hafa hana hitt sem kornabarn,“ segir Esther sem er írsk í aðra ættina þótt suðrænt útlitið, það er stór, brún augun og hrafnsvartir lokkarnir, gefi ef til vill annað til kynna.

„Mamma og pabbi, sem voru algjörir hippar, fengu hugmyndina að nafninu Talía þegar þau fóru í bíó og sáu þar kvikmynd með leikkonu með sama nafni. Þau voru svo óskaplega hrifin af myndinni og leikkonunni að þau ákváðu að skíra mig eftir henni,“ segir Esther, sem man ekki eftirnafn umræddrar leikkonu en þvertur þó fyrir að þau hafi uppveðrast við að horfa á leikkonuna Talíu Shire í myndinni Rocky. „Svo er Talía eða Thalia nafn leiklistargyðjunnar í grískri goðafræði, ef ég man rétt,“ bætir hún við.

Málin taka að vandast þegar í ljós kemur að Esther eða Estrella merkir jafnframt stjarna en fyrir vikið segir Esther stundum líða eins og hún þurfi að uppfylla miklar kröfur. Stjarna Estherar á þó eflaust eftir að skína skært í næstu viku en þá tekur hún þátt í uppfærslu Þjóðleikhússins á íslenska leikritinu Sólarferð og verður einstaklega spennandi að sjá hvernig henni tekst til í hlutverki tálkendisins Rutar sem vefur karlmönnum um fingur sér.



ESTHER TALÍA CASEY

ER ÞESSI EINI AF HVERJUM NÍU SKYLDUR ÞÉR?

Á síðasta ári voru greiddir út 35.695 vinningar í Happdrætti Háskólans sem þýðir að einn af hverjum níu Íslendingum hlaut vinning. Verður þú í hópi vinningshafa í ár?

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

MÍÐASALA
HEFST Í DAG

borgarleikrus.is
Sími 568 8000

LEIKRITIÐ
KOMMUN

LEIKSTJÓRI GÍSLI ÖRN GARÐARSSON

ELENA ANAYA



SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR

ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON



ATLI RAFN SIGURÐARSON

**Kommúnan er grátbrosleg kómedía sem skartar frábærum leikurum.
Unnið upp úr kvikmyndinni Tillsammans eftir Lucas Moodysson**

ÞEÐINS SÝNT Í
FEBRÚAR OG MARS
EKKI MISSA AF
ÞESSARI SÝNINGU

minnan

FRUMSÝNING 21. FEBRÚAR Í BORGARLEIKHÚSINU



GAEL GARCIA BERNAL



RÚNAR FREYR GÍSLASON



NÍNA DÓGG FILIPPUSDÓTTIR



ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING 30 ÁRA

Öllum fjölskyldum sem ættleitt hafa með milligöngu félagsins er boðið í afmælisfagnað **17. febrúar nk.** í Haukahúsinu að Ásvöllum í Hafnarfirði kl. 15-17

TILBOÐ 7.-15. FEBRÚAR

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is eða í síma 50 50 100

HELSENKI

Verð frá 14.890 kr.*

WWW.ICELANDAIR.IS

* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar. Ferðatímabil: 7. febrúar–31. desember.

Tjáðu þig!

Stæsta
blogsamfélagið!
Yfir 150.000
notendur!

Það er eitt sem
ég hef aldrei
skilið?!
Æææj! Það er
hvernig það er
hægt að ætlast
til a marr geti
verið
ALLSTADAR!?

Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is

Stæsta blogsamfélagið á Íslandi

STUÐ MILLI STRÍÐA: Að reykja eða ekki reykja

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR VILL BREYTINGAR Á REYKINGABANNINU



Ég er ekkert sérstaklega hrifin af reykkingabanninu sem hefur verið í gildi síðustu mánuði. Þó svo að ég reykji ekki sjálf hef ég ákveðna samúð með reykingsfólki. Það getur ekki verið gaman að húka utan í veggjum hvernig sem viðrar til þess að fylla sig af nikótíni og öðrum eiturfnum. Svo þykir mér líka alveg hræðilega þirrandi að vera á kaffihúsi, úti að borða eða að skemmta mér með fólki sem reykir, því á hálf tíma eða klukkutíma fresti þarf það að standa upp og fara út til þess að reykja. Í sumar var þetta öðruvísi, þá var lítið mál að skella sér

bara með út og fá sér frískt loft með reykingsfólkinu. Ég nenni því hins vegar ekki í frosti og stormi.

Ég hef líka heyrt því fleygt, að vísu hjá reykingsfólki, að bannið sé beinlínis óhollara en það að leyfa reykkingar. Í kuldanum á veturna reykji fólk miklu hraðar en annars, sem á víst að vera verra en að reykja á venjulegum hraða. Og á sumrin fái fólk ekki eingöngu lungnakrabbamein af reykkingum, heldur líka húðkrabbamein af öllu sólskininu. Svo sé allt úti í sigarettustubbum, svo umhverfis- og heilbrigðisþælingin með banninu sé fallin um sjálfa sig.

Að öðru leyti en því sem ég hef nefnt er auðvitað mjög þægilegt að ekki megi reykja inni á stöðum. Það

er að segja fyrir fólk sem ekki reykir. Það er nefnilega mun meira þirrandi en hitt að þurfa að anda að sér reyk á meðan maður borðar og lykta svo eins og öskubakki eftir kvöldið. Nú, þegar bæði staðir og fólk eru farin að gefa skít í bannið, man maður hversu ömurlegt það var að þurfa alltaf að fara í sturtu áður en maður treysti sér til að leggjast á koddann og þvo alklæðnaðinn til þess að losna við lyktina. Hún smýgur um allt, þessi ógeðslega lykt. Maður var orðinn svo góðu vanur síðustu mánuðina.

Bæði það að banna og leyfa reykkingar hefur sína kosti og galla. Það hlýtur hins vegar að vera öllum ljóst að þau lög sem nú eru í gildi eru meingölluð.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**40%
afsláttur**



1.679 kr/kg. áður 2.798 kr/kg.
Goða ungnauta roast beef

**33%
afsláttur**



496 kr/kg. áður 740 kr/kg.
Ísfugl heill ferskur kjúklingur

Risa borgarar!



483 kr/kg. áður 568 kr/kg.
Goða hamburgarar 2 x 175 gr.

**25%
afsláttur**



299 kr/kg. áður 399 kr/kg.
Daloon vorrúllur 3 tegundir

**45%
afsláttur**



98 kr/pk. áður 179 kr/pk
Nettó samlokubrauð

**40%
afsláttur**



199 kr/pk. áður 329 kr/pk.
Vilko pönnu og vöfluduft

**40%
afsláttur**



149 kr/stk. áður 252 kr/stk.
Drottningar og bláberjasultur

**25%
afsláttur**



359 kr/pk. áður 479 kr/pk.
Kristall sítrónu og hreinn 0,5 ltr. - kippa

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 7. febrúar til 10. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Talnabandssónötur

Fimmtu tónleikar Kammerklúbbs Reykjavíkur verða í Bústaðakirkju í kvöld og hefjast kl. 20. Þar flytur Biber-tríóid Talnabandssónötur eftir sautjándu aldar tónskáldið H.I.F. Biber auk Passacaglia eftir hann. Er það í fyrsta sinn sem Talnabandssónötur eru fluttar í heild sinni hér á landi. Tríóid skipa þeir Martin Frewer, fiöla; Dean Ferrell, violone, basse de violon, selló, og Steingrímur Þórhallsson, orgel, semball.

Tónskáldið og fiöluleikarinn Heinrich Ignaz Franz von Biber fæddist árið 1644 í Wartenberg (nú Stráž pod Ralskem) í Bæheimi, en starfaði lengst af í Austurríki.

Talnabandssónötur (Leyndardómssónötur) eru í þremur hlutum, með fimm sönötum í hverjum. Hinir gleðilegu leyndardómar (gleðisónötur) byggja á atvikum í æsku Krists, frá boðum Maríu til Kyndilmessu (Kristur borinn til mustersins). Hinir þjáningarfullu leyndardómar (sorgarsónötur) segja frá þjáningunni í grasagarðinum á Olúfjalli fram að krossfestingunni, en hinir Dýrdarríku leyndardómar (dýrdarsónötur) ná frá upprisunni fram til krýningar Maríu.



TÓNLIST Biber-tríóid flytur sjaldheyrðar sönötur í kvöld í Bústaðakirkju.

Talnabandssónötur eru aðeins til í einu handriti, sem er ekki frá hendi Bibers. Sönötur eru oft nefndar Leyndardómssónötur vegna þess að þær lýsa því sem kristnir menn trúu og þar með leyndardómi trúarinnar. Són-

ötur eru, auk þess að vera hermitónlist, fullar af táknum. Líkast til var verk Bibers upphaflega flutt sem hluti af talnabandsbænergjöld safnaðarins, þar sem hver sónata var flutt eftir hvern víðeigandi þátt bænnanna. - pbb

Strákur verður sko

LEIKLIST

La Traviata

Tónlist eftir Giuseppe Verdi. Textar eftir Maria Piave eftir sögu Alexandre Dumas yngri.

Leikmynd: Elroy Ashmore. Búningar: Filippía Elísóttir. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson.

Kór og hljómsveit Íslensku óperunnar. Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecy.

Leikstjóri: Jamie Hayes.

★★★

Rysjótt sviðsetning klemmd í of litlu húsi.

Þá við göngum inn í heim óperunnar erum við komin í þykjustuleik: hér fer fram sögum, fólk syngur um tilfinningar sínar og við fljótt með göngum á vald tónlistinni, hrífumst af söngnum, umgerð, búningar, ljós, leikmynd hjálpa, en það er túlkunin sem er aðalatriði, ekki bara hin söngleiga túlkun, heldur líka leikur söngvarans. Óperan er félagsleg hefð sem við höfum hér á landi reynt að festa í sessi í hartnær sextíu ár. Fyrir þann tíma þekktu menn hér aðeins óperur af hljómplötum og einstaka flutningi einsöngslaga af sviði á tónleikum.

Það eru nær fjörutíu ár síðan Magnús Jónsson og félagar tóku að takla aftur um reglulegar sviðsetningar á óperum. Víst hafði Þjóðleikhúsið í tíð Guðlaugs Rósenkrans synt óperur í bland við söngleiki og óperettur. Eftirmaður hans, Sveinn Einarsson, hélt því áfram og var aðsókn góð.

Framan af ferli Íslensku óperunnar var sterkur stapi áhorfenda sem sótti óperusýningar í hinu kolómögulega kvikmyndahúsi við Ingólfsstræti. Miðað við fjárframlög lengi vel var starfsemi þar kraftaverkasmíða. Og nú þegar uppselt er á allar sýningar á La Traviata í þriðju sviðsetningu Íslensku óperunnar, glæðast með mönnum vonir að bæti í áhuga almennings á óperum.

Á starfstíma Óperunnar í Ingólfsstræti hefur margt breyst. Enn fjölgar menntuðum íslenskum söngvurum sem flestir starfa erlendis. Við menntum söngvara fyrir aðra. Aðgengi að erlendum óperusviðsetningum er breytt. Myndböndin komu til sögu og tóku óperuhús víða um heim að filma sviðsetningar, með DVD jókst enn framboð af slíku efni. Allar stærri sjónvarpsstöðvar í Evrópu bjóða á ári hverju upp á stórar útsendingar úr glæsilegustu óperuhúsum heims. Það er eiginlega afsönnun á menningarlegu hlutverki Ríkisútvarpsins hversu menn hafa þar algerlega vanrækt upptökur á íslenskum óperusviðsetningum – í fjörutíu ár. Á Youtube má sjá þúsundir myndbrota úr óperum frá öllum tímum. Með öðrum orðum: Hin veika starfsemi við Ingólfsstræti keppir við bestu hús í heimi, alla bestu söngvarana.

Hvernig reiðir Íslensku óperunni af í þessu ástandi? Það er deginum ljósara og blasti við á föstudag þegar snotur sýning á La Traviata var frumflutt í Gamla bíói, að hér er við ramman reip að draga. Í sviðsetningu Jamie Hayes, sem kemur hingað í fimmta sinn, er að sjá hið hörmulega aðstöðuleysi í húsinu til sviðsetninga af þessari stærð. Í fatahengi stendur hluti af leikmynd upp á endann. Inn í sýninguna er skotið milliköflum, bæði úr Carmen og pianókafli eftir Weber, til að búa til tíma svo kórinn geti umstaflað leikmyndinni. Og upphafsatriði er tekið úr Óperudraugnum eftir Lloyd Webber. Umbreytingar í leikmynd Elroy Ashmore eru þaulhugsáðar en verða æ klúðurslegri þegar á líður verkið. Innskotin draga líka á langinn áskapaða uppbyggingu verksins og draga úr slagkrafti þess. Grunnit sviðið í Gamla bíói neyðir leikstjóra til að stilla kór í framstöðu. Hið geysilega vandmeðfarna fyrirbæri sem er leikur kórs verður í forgrunni. Sólóistum, sem keyra fram hina miklu dramatík, þeim sem hafa þó mesta þjálfun í leik, er stillt upp við hlöð hinna sem hafa litla sem enga þjálfun í kórleik. Þeir sem vilja vita þekkja að kórleikur er sérstakt fag við stærri óperuhús, oft með sérstökum leikleiðbeinanda. Og það er skilsmunur milli þeirra.

Meira um kórinn: Á frumsýningunni kom þessi stöðuskipan fram í ofkeyrslu kórs á móti hljómsveit – raunar náðist bestur balans í kór og hljómsveit þegar kórinn var kominn upp á hliðarsvalir. Samhljómur hans í mikilvægum atriðum verður sundraður vegna nálægðar fremstu bekkja í salnum við svið. Og leiklega er kórinn að þessu sinni einn af stórum göllum við þessa sviðsetningu. Því miður.

Hvers vegna sýnir Íslenska óperan ekki í boðlegum húsum, Borgarleikhúsi eða Þjóðleikhúsi, jafnvel þótt gryfjur þar séu þröngar og hljómburður ekki fyrsta flokks? Það er meinsemis fyrirsláttur að ekki sé pláss fyrir sviðsetningar Óperunnar þar sem menn gætu þá nýtt Gamla bíó til sýningarhalds sem rýmist þar. Aðstaða til óperuverka í Tónlistarhúsinu er takmörkuð. Það verður erfitt að snúa upp á höndina og koma þar inn óperusviðsetningum um lengri tíma – í stóra salnum þar mætti afgreiða þessi sex þúsund sem nú vilja sjá La Traviata á fjór- um sýningarkvöldum. Nýtt óperuhús í Kópavogi er enn fjarlægur draumur.

Og hvernig var þá La Traviata í Gamla bíói? Hún er æði misleit leiklega sem veikir hana mikið. Þrengslin skaða hana líka í stöðum, hreyfanleika og áherslum í uppbyggingu atriða. Hún er víðast þokkalega sungin, kórhljómur sundraður sem er örugglega afar mismunandi eftir því hvar er setið í húsinu. Tónlistin er feikivel flutt og á veikari köflum yndislega spiluð þar sem hún fær mest pláss í sviðsetningunni. Búningar eru

AÐALFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Súlnasal Hótel Sögu 20. febrúar kl. 14.

Aðalfundur Glitnis banka hf. árið 2008 verður haldinn á Hótel Sögu, Súlnasal, miðvikudaginn 20. febrúar kl. 14.

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2007.
- Endurskoðaðir reikningar bankans fyrir árið 2007.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á árinu 2007.
- Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.¹⁾
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans.
- Kosning til stjórnar.
- Kosning endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
- Tillaga um framlag í Menningarsjóð Glitnis.
- Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum í Glitni banka hf.
- Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 13–14 á fundardegi. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 14.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út miðvikudaginn 13. febrúar 2008, kl. 14. Framboðum skal skila skriflega til forstjóra, Kirkjusandi.²⁾

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur, ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð, viku fyrir aðalfund hið minnsta. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.glitnir.is.

Stjórn Glitnis banka hf.

1) Gerð er tillaga um að aðalfundur samþykki breytingu á 4. gr. samþykkt félagsins um heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár.
2) Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutfélög, með síðari breytingum, skal í tilkynningu um framboð til stjórnar gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaáðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Form sem frambjóðendur geta haft til hliðsjónar vegna þessarar upplýsingagjafar liggur frammi hjá ritara forstjóra.

GLITNIR

Hátíð lýkur í dag

Tónlistarhátíðinni Myrkum músíkdögum lýkur í dag með fernum vel völdum tónleikum. Dagskrá dagsins er sérstök að því leyti að eingöngu íslensk tónskáld koma við sögu.

Fyrstu tónleikar dagsins fara fram í Þjóðmenningarhúsinu kl. 13. Þar kemur fram blásarasveitin Sönglúðrar og flytur tónlist eftir Jón Ásgeirsson, Herbert H. Ágústsson, Tryggva M. Baldvinsson, Áskel Mátsson og Pál Pampichler Pálsson.

Síðastnefnda tónskáldið hér að ofan kemur svo enn meira við sögu á tónleikum Blásarasveitar Reykjavíkur sem fara fram í Seltjarnarneskirkju kl. 15. Tónleikarnir eru Páli P. Pálssyni áttæðum til heiðurs og verður þar eingöngu leikin tónlist eftir hann. Stjórnandi á tónleikumum er Kjartan Óskarsson.

Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Dagný Björgvinsdóttir píanó- og semballeikari flytja verk eftir Áskel Mátsson, Árna Egilsson og Kjartan Ólafsson í Listasafni Íslands kl. 17. 30. Af fjórum verkum eru tvö frumflutt.

Botninn verður svo sleginn í hátíðina í Salnum í Kópavogi kl. 20. Þar koma fram þær Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og leika verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Nordal og Hauk Tómasson. Víðeigandi endir á glæsilegri hátíð. - vp



ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI Kemur fram í Salnum í kvöld kl. 20.

tinn í gleðikonu



TÓNLIST Hér skilur milli elskenda: Alfredo (Jóhann Friðgeir Valdimarsson) „borgar“ fyrir ást sína á Violettu (Sigrún Pálmadóttir, en Hulda Björk Garðarsdóttir mun einnig fara með hlutverk hennar).

MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

ósamstæðir og skortir stíllega heild sem er bara eitt fátæktarmerkið á íslensku leikhúsi; hér tíma menn ekki lengur að hafa samstílaða búninga, rétt eins og þeir spara í leikmyndum. Ráðstöfun leikstjórans að færa verkið inn í jazzöldina amerísku er vafasöm. Sem stakar myndir eru leikmynd fyrsta þáttar, heima hjá Violettu, og á sumardvalarstaðnum, vel leystar, einkum sú síðari. Lýsing Björns Bergsteins hefur verið erfitt verkefni og leysist vel innan þeirra marka.

Og söngurinn? Hér kom mest á óvart frábær flutningur Tómasar Tómassonar í hlutverki föðurins sem reynir að fá pabbadrenginn sinn ofan af því að leggja lag sitt við gleðikonu. Tómas er innilegur flytjandi og náði mestu út úr rullunni, var í senn strangur og hlýr í samskiptum sínum við hróð hana Violettu. Sníkjudýrin í kringum hana voru mörg þrýðilega sungin en misstu marks í þessari þröngu stöðu; mætti ekki trúá því að Ágúst Ólafsson gæti leiklega gert meira úr Douphol barón fengi hann pláss og innlegg um leik? Eða Bylgja Dís sem var mest sett í póstur frekar en þróun á karakter? Eða Bragi Bergþórsson sem virðist í fléttunni næstum vera pimp Violettu, maðurinn sem kemur með kunnana?

Þau Sigrún Pálmadóttir og Jóhann Friðgeir fá ekki mikla karakterleikstjórn í sviðsetningu Hayes. Líklega er ekki alveg á hreinu hvaða sögu er verið að segja; er Violetta einhver Liljaðever, eða er hún komin á aldur og lifir mest á fornri frægð? Er Alfredo glæsímenni að spila út eða er hann saklaus pabbadrengur með slaufu að villast inn í heim sem er honum alveg framandi? Það er ekki ljóst af sviðsetningu hvað leikstjórinn vill leggja áherslu á í skilningi sögunnar og setur mark sitt á túlkun þeirra beggja.

Jóhann er búalegur í framgöngu en hefur skap og ástríðu í túlkun sem er falleg á að heyra

(Ogni suo aver tal femina). Fálæti í leik spillir því nokkuð. Það er erfitt að átta sig af frammistöðu hans hvort hann er í raun sterkur sviðsleikari. Sömu sögu er að segja af Sigrúnu: Hún náði ekki vel til þessa áhorfanda fyrr en í söng fjórða þáttar sem er nær allur veikur og var sá flutningur með miklum glæsibrag (Addio del Passato), ekki síður í leik, þrátt fyrir undarlega hugsaðan endi þar sem hún ráfar sem svipur milli þögulla skuggamynda og dettur loks ofan í geil á sviðinu miðju. Margt í leik hennar fram að því skiptist viljandi í tvö horn; fárveikrar konu og ásynd glæsikvendis sem lét engan bilbug á sér finna. Það fas eitt sér kallar á túlkun vissu og æsings, sem er vissulega ein túlkunarleið, en dregur um leið úr blæbrigðum í söng og leik.

Frammistaða þeirra beggja er aftur áfangasigur fyrir þau sem listamenn, sýnir víða sönglegan styrk, þó leikur þeirra sé á full þröngu sviði, túlkun leiklega ekki víð né með þeim blæbrigðum sem efni standa til í verkinu.

Þannig dregur La Traviata fram flekkóttan styrk íslenska óperulífsins sem ber enn sterkan svip áhugamennsku – þar er meira um að kenna metnaðarleysi stjórnan Íslensku óperunnar og menningar-yfirvalda, metnaðarleysi okkar allra. Það er mál að linni, annað hvort eigum við að standa fyrir rekstri flokks í húsum sem geta tekið óperusýningar sem standa undir nútímalegum kröfum, kalla til leikstjóra sem hafa metnað í vinnslu verka sinna sem mér sýnist Jamie Hayes ekki hafa í þessu óvinnandi verkefni. Eða bara að hætta þessu. Það má þá niðurgreiða áhugasömum Íslendingum ferðir til útlanda til að sjá íslenska söngvara á sviði fyrir þessa milljónatugi sem nú fara í íslensku óperuna og leggja niður opinber framlög til söngvaramenntunar. Þessum þykjustuleik verður að linna.

Páll Baldvín Baldvinsson

Í samstarfi við Vesturport

ÁST

27. febrúar
28. febrúar
2. mars

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

LA TRAVIATA
GIUSEPPE VERDI

SIGRÚN PÁLMAÐÓTTIR | JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON | TÓMAS TÓMASSON

Í KVÖLD 10. febrúar
föstudagur 15. febrúar
sunnudagur 17. febrúar
miðvikudagur 20. febrúar
föstudagur 22. febrúar
sunnudagur 24. febrúar
föstudagur 29. febrúar
laugardagur 1. mars

UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT

miðvikudagur 5. mars
föstudagur 7. mars
sunnudagur 9. mars

örfá sæti laus
UPPSELT

Kynning á La Traviata í boði VÍÓ kl. 19.15.
Bergþór Pálsson annast kynningarnar.

Ósóttar pantanir seldar daglega!

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 mánudaga - föstudaga. Miðasala á netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Rauða kross námskeið á höfuðborgarsvæðinu

Skyndihjálp – 4 tímar

Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum. 4 tímar – 5.000 kr. **Næsta námskeið verður haldið 4. mars kl. 18:00-22:00 í Kópavogi.**

Skyndihjálp – 12 tímar

Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum og auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Námskeiðið veitir einingu í framhaldsskóla. 12 tímar – 8.900 kr. **Næsta námskeið byrjar 12. febrúar kl. 18:00 í Reykjavík.**

Slys á börnum

Fyrir þá sem vilja læra að þekkja orsakir og varnir gegn slysum á börnum, þroska þeirra, endurlífgun og sálrænum stuðningi við börn. 8 tímar – 6.500 kr. eða 10.000 fyrir tvo með fjölskylduafslætti. **Næstu námskeið byrja 17. mars kl. 17:00 í Kópavogi og 8. apríl kl. 18:00 í Garðabæ.**

Börn og umhverfi

Fyrir 12-15 ára unglinga sem vilja læra umgengni og framkomu við börn, skyndihjálp og þekkja algengar slyshættur í umhverfinu. 12 tímar – 8.500 kr. **Næstu námskeið verða haldin í apríl, maí og júní í Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi og Hafnarfirði.**

Sálrænn stuðningur

Fyrir þá sem vilja fræðast um sálrænan stuðning, læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju. 6 tímar – 5.000 kr. **Næsta námskeið verður haldið 7. apríl kl. 17:00-21:00 í Kópavogi.**

Á flóttu – hlutverkaleikur

Fyrir 13 ára og eldri. Þátttakendur setja sig í spor flóttafólks í sólarhring. 24 tímar – 1.000 kr. **Næsta námskeið byrjar 1. mars kl. 12:30. Nánari upplýsingar verða veittar á kynningarfundum 21. febrúar kl. 20:00 í Sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar.**

Grunnnámskeið Rauða krossins

Fyrir þá sem eru að hefja störf fyrir félagið og/eða hafa áhuga á að kynna sér starfsemi þess. Farið er í upphaf, sögu og hugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan. 2,5 tímar – ekkert þátttökugjald. **Næstu námskeið verða haldin 28. febrúar, 27. mars og 6. maí kl. 18:00-20:30 í Reykjavík.**

Heimsóknvinnanámskeið

Fyrir þá sem eru að hefja störf sem heimsóknvinnur. Farið er í hugsjónir Rauða krossins og hlutverk sjálfboðaliða. 3 tímar – ekkert þátttökugjald. **Næstu námskeið verða haldin 12. febrúar kl. 18:00-21:00 í Hafnarfirði, 19. febrúar í Kópavogi, 26. febrúar í Mosfellsbæ og 27. febrúar í Reykjavík.**

Viðtalstækni

Fyrir þá sem eru að hefja störf í Hjálparsíma Rauða krossins, 1717. Auk fræðslu og verklegra æfinga í viðtalstækni er farið í ýmis málefni sem snúa að sjálfboðnu starfi hjá 1717. 12 tímar – ekkert þátttökugjald. **Næsta námskeið byrjar 29. febrúar kl. 16:15 í Reykjavík.**

Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2425 og á raudikrossinn.is. Einnig er hægt að skrá sig í sjálfboðamiðstöðvum eða með tölvupósti á hofudborgarsvaedi@redcross.is.

Sjálfboðamiðstöðvar Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, sími 545 0400.

Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626.

Garðabæjardeild, Hrísmóum 4 Garðatorgi, sími 565 9494.

Hafnarfjarðardeild, Strandgötu 24, sími 565 1222.

 **Rauði kross Íslands**
raudikrossinn.is

> VISSIR PÚ...

Að Kirsten Dunst er komin í meðferð? Stúlkan ku hafa stundað skemmtanaliðið af miklum krafti að undanfögnu, en fór að hugsa sinn gang eftir að stjarnan Heath Ledger dó af ofneyslu lyfja.



fólk

folk@frettabladid.is

Heyrði ræðu og gerði lag

Fræga fólkið flykkist um forsetaframbjóðandann Barack Obama enda á hann auðvelt með að drífa fólk með sér í ákalli um betri heim. Will.i.am, aðalmaðurinn í Black Eyed Peas, varð svo heillaður af ræðu Obama sem hann heyrði í sjónvarpinu að hann bjó til tónlist við ræðuna og skellti útkomunni – laginu Yes We Can – á netið. Milljónir hafa nú þegar horft á myndbandið á nokkrum dögum á Youtube. Will.i.am fékk vini sína í skemmtanabransanum til að taka þátt í myndbandinu, fólk eins og Scarlett Johansson, John Legend, Kate Walsh, Common, Kareem Abdul-Jabbar og Herbie Hancock.

Kosningamaskína Obama kom hvergi nærri laginu og myndbandinu, en er vitaskuld ánægð með framtakið. Það er Obama líka og hefur þakkað fyrir sig. „Mér fannst eins og hann væri að tala beint við mig,“ sagði Will.i.am um ræðuna sem kom öllu af stað. „Það var eins og hann væri að tala um mig og verja allt það sem gerir mig að því sem ég er. Ég tók ræðuna og tónskreytti hana því ég vil breiða út boðskapinn. Ég vona að ræðan fylli fólk jafn mikilli andagift og mig.“



VINSÆLL FRAMBJÓÐANDI Fólk eygir von um breytingar verði Barack Obama forseti.

Styður pólitíska aktívista

My Summer as a Salvation Soldier, eða Þórir, hefur gefið út sína þriðju sólóplötu. Nafn hennar, Activism, er tilvísun í þá gagnrýni sem var uppi í fyrra á starf samtakanna Saving Iceland.

„Fólk var búið að vera að tala ansi mikið um þetta á síðasta ári, sérstaklega um Saving Iceland. Yfirleitt var talað um samtökin á slæman og niðrandi hátt sem ég er mjög ósammála og tek nærri mér,“ segir Þórir um nafnið Activism. „Mér fannst þetta bara við-eigandi nafn miðað við það sem var í gangi í kringum mig þá. Ég hef tekið þátt í aðgerðum Saving Iceland og hjálpað þessum félagskap að safna peningum. Ég er

mjög mikill stuðningsmaður þessara samtaka og alla jafna pólitískra aktívista. Þetta var svona tilvísun í það starf.“

Ósammála stjórnmalamönnum

Í upphafslagi plötunnar, PNX, segist Þórir vera orðinn þreyttur á vitleysisganginum í stjórnmalamönnum. „Auðvitað er maður yfirleitt ósammála stjórnmalamönnum þegar menn hafa sömu stjórnmalaskoðanir og ég,“ segir hann.

Spurður um borgarmálin segir hann þau afar einkennileg. „Það er svo sem rétt sem fólk segir að þetta er lýðræðislega sú borgarstjórn sem á að vera í gangi en mér finnst þessi pólitík svo leiðinleg, þessi sandkassaleikur. Menn sem hafa ábyrgð og völd eiga að sjá til þess að fólk hafi það gott en

þeir geta ekki einu sinni skipulagt sig í vinnunni sinni.“

Hefur þróast sem lagasmiður

Þórir sló í gegn með sinni fyrstu plötu, I Believe in This, árið 2004 og vakti þar mesta athyglirólyndisútgáfa hans á lagi Outkast, Hey Ya! Ári síðar gaf hann svo út Anarchists Are Hopeless Romantics. Þórir segist hafa þróast mikið sem lagasmiður síðan hún kom út.

„En þessi og síðasta plata eru mjög tengdar á meðan næsta mun kannski verða frábrugðnari,“ segir hann.

Activism var tekin upp heima hjá Þóri og í æfingahúsnæði hjá vini hans. „Þetta er samansafn af upptökum sem ég hef gert á tölvunni á eins og hálfis árs tímabili. Ég tók upp fimmtíu lög og það tók

mig viku að klára þau þegar ég var búinn að velja lögin.“

Tónleikaferð um Bandaríkin

Þórir ætlar í tveggja vikna tónleikaferð um Bandaríkin í mars sem hann skipuleggur sjálfur. Einnig kemur platan út um alla Evrópu 7. mars með aðstoð 12 Tóna og fyrirtækisins Cargo.

Tvennir útgáfutónleikar verða haldnir á næstunni. Þeir fyrri verða kl. 17 í dag í Von að Efsta-leiti 7 og hinir síðari verða 14. febrúar á Organ þar sem Reykjavík! og Tentacles of Doom troða einnig upp.

freyr@frettabladid.is

ÞÓRIR Tónlistarmaðurinn Þórir, eða My Summer as a Salvation Soldier, hefur gefið út sína þriðju sólóplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



FRÉTTIR AF FÓLKI

George Clooney segir mikinn ríkjara á milli leikara. „Sviðsleikarar líta niður á kvikmyndaleikara, sem líta niður á sjónvarpsstjórna. Guði sé lof fyrir raunveruleikaþætti, annars hefðum við enga til að líta niður á,“ segir leikarinn kná, sem vakti fyrst heimisathygli í sjónvarpsþáttunum Bráðavaktinni.

Tónlistarfólkið **Jay-Z** og **Mary J. Blige** hyggur á tónleikaferðalag saman. Þau hefja ferðina í Miami í lok mars og ljúka henni í maí. „Lögin sem við spilum eru undirleikur við líf fólks. Við höfum lagt allt í þetta yfir margar nætur í stúdíóinu og hlökkum til að taka næsta skref, út á sviðið,“ segir Jay-Z. Söngfuglarnir eru báðir tilnefndir til Grammy-verðlauna, sem verða afhent um helgina.



UMSÓKNIR UM FERÐASTYRKI VILDARBARNNA ICELANDAIR

MINNEAPOLIS - ST. PAUL
TORONTO
ORLANDO
BOSTON
NEW YORK
HALFAX
REYKJAVÍK
AKUREYRI
HELSINKI
STOKKHÖLMUR
OSLO
GAUTABORG
BERGEN
KAUPMANNAHÖFN
BERLÍN
FRANKFURT
MÜNCHEN
STJASTRANDAR
LONDON
MILANO
PARIS
BARCELONA
MADRID

ISLENSKA SÁLIS ICE 41016 02/08

STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6-16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 500 börnum og fjölskyldum þeirra mögulegt að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.

Verndari Vildarbarna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Umsóknarfersturinn er til 7. mars 2008.

Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta 24. apríl 2008.

Þeir umsækjendur sem ekki hafa fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is



WWW.ICELANDAIR.IS



DÚETT MEÐ GOÐSÖGN Beyoncé Knowles mun syngja dúett með goðsögninni Tinu Turner á Grammy-verðlauninum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Syngur með Tinu Turner

Beyoncé Knowles er í hópi þeirra sem munu koma fram og skemmta áheyrendum á Grammy-verðlaunahátíðinni sem fram fer í Los Angeles á sunnudagskvöld. Hún stígur þó ekki ein á sviðið, því Beyoncé hefur hlotnast sá heiður að fá að syngja dúett með einni af stærstu stjórnnum tónlistarheimsins, sjálfri Tinu Turner.

Enn er ekki vitað hvaða lag það sem er söngkonurnar tvær munu syngja saman. Á meðal annarra tónlistarmanna sem stíga á stökk á sunnudag eru söngkonurnar Rihanna, Alicia Keys og Aretha Franklin.



ATONEMENT Kvikmyndin Atonement er tilnefnd til fjórtán Bafta-verðlauna.

Bafta afhent í kvöld

Bresku kvikmynda- og sjónvarps-verðlaunin, Bafta, verða afhent í 61. sinn við hátíðlega athöfn í London í kvöld. Rómantíska myndin Atonement er tilnefnd til flestra verðlauna, eða fjórtán talsins. Þar á meðal eru stjórnur myndarinnar, Keira Knightley og James McAvoy, tilnefnd sem bestu aðalleikararnir, auk þess sem Joe Wright er tilnefndur sem besti leikstjórinn.

Mynd Coen-bræðra, No Country For Old Men, og There Will Be Blood með Daniel Day-Lewis í aðalhlutverki eru tilnefndar til níu verðlauna hvor. Þetta verður fyrsta stóra verðlaunafhending ársins í kvikmyndageiranum því Golden Globe-verðlaunin voru einungis tilkynnt á stuttum blaðamannafundi vegna verkfalls handritshöfundu í Hollywood.

Bafta-verðlaunin verða sýnd í Ríkissjónvarpinu klukkan 21.20 þar sem Þóra Arnórsdóttir verður þulur.

3ja herb. íbúðir með allt að 100% fjármögnun!

Glæsilegur frágangur - Hagstætt verð

Skipalón 25 - 27, Hvaleyjarholti, Hafnarfirði



- Innangengt úr bílskýli að lyftu.
- Glæsilegt útsýni.
- Granít á borðum og sólbekkjum.
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja.
- Hús einangrað og klætt að utan með álklaðningu.
- Íbúðir með sérinnangi af svölum, ekki gengið framhjá svefnherbergi.
- Eikar- eða hnotuspónn í inn-réttingum.

Verð frá **26.000.000 kr.**
3ja herb. 101.6 m² íbúð ásamt bílgeymslu

Verð íbúðar: 26.000.000 kr. Afb. pr. Mán

Lán íbúðalánasj. 18.000.000 kr. 40 ár 5,5% 92.914 kr.*

Lán Mótás hf 8.000.000 kr. 20 ár 6,3% 58.868 kr.*

Afborgun 151.782 kr.

Vaxtabætur - 23.364 kr.**

Mánaðarleg greiðsla 128.418 kr.*

* án tillits til verðbólgu.
** Vaxtabætur, 297.194 kr. pr ár, miðast við hjón/sambúð.

Til afhendingar núna!

Söluaðili:

FASTEIGNASTOFAN

Sími 565 5522 | www.fasteignastofan.is

> Yfir 20 ára reynsla
> Traustur byggingaraðili

Stangarhyl 5, sími 567 0765
Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á www.motas.is

mótás
BYGGINGARFÉLAG

Íslandssagan í Hollywood

Hollywood virðist hafa komið auga á þá staðreynd að íslensk nútímasaga er uppfull af atburðum sem sóma sér vel í stjörnuhlöðnum stórmyndum. Myndirnar Bobby Fischer Goes to War um skákeinvígið 1972 og ónefnd mynd um leiðtogafundinn 1986, sem Ridley Scott ætlar að framleiða, eru hugsanlega bara byrjunin. Hér eru fjórar myndir í viðbót sem upplagt væri að framleiða.

Coup!

Súrrealísk gamanmynd skrifuð af höfundi Being John Malkovich, Charles Kaufman, um borgarstjórnarmálin í Reykjavík, REI-málið og hin tíðu borgarstjórnarskipti. Ævintýrlega flókin og undarleg mynd sem enginn skilur neitt í en fólk þorir ekki að segja það til að vera ekki álitíð flífl.


Auglýsingin: Are you the mayor or am I dreaming again?



Vigdís – The True Story

Helen Mirren er Vigdís. Í innmúruðum karlaheimi berst hún til áhrifa í æsispennandi kosningabaráttu sem skilar henni að lokum forsetaembættinu. Þar ríkir hún árum saman í fullkominni sátt við þjóð sína. Helen sýnir stórleik sem aldrei fyrr og sérstaklega er tekið til þess af hverslags innlifun hún gróðursetur tré.

Auglýsingin: In a man's world she's the boss.



Love in the Time of the Cod War

Þorskastríðið er rammað utan um ástarþríhyrningsdrama í léttum dúr þar sem aðalsöguhetjurnar eru Guðmund Carnaby (Colin Firth), skipper á varðskipinu Odinn, Officer Douglas (Hugh Grant) á freigátunni HMS Black Dog og Gudda Malmquist (Renée Zellweger), íslensk gengilbeina á hóteli í Hull og æskuást Guðmund. Þegar Douglas fer að gera hósir sínar grænar fyrir Guddu þarf Guðmund ekki bara að verja þjóð sína gegn ársaraðilanum heldur líka að berjast við skæðan keppinaut á vettvangi ástarinnar. Hápunktur myndarinnar er þegar Guðmund notar „The Scissors“ til að ná Guddu úr krumlum Douglas. Ótrúlegar sviðsetningar á sjóorrustum fá tilnefningu til Óskarsins.


Auglýsingin: A whole empire fighting against a tiny nation. They thought it would be an easy win. They were wrong. When love and war collide it is personal business.



TV Dudes - The Rise and Fall of Screen-One

Þessi kostulega grínmynd fylgist með ótrúlegum uppgangi Thors og Ras (Jonah Hill og Michael Cera úr Superbad). Með tvær hendur tómar stofna þeir sjónvarpsstöðina Screen-One og bjóða upp á ótrúlega flotta dagskrá. Fylgst er með sköndnum atburðum að tjaldabaki þar sem fólk eins og Vala Matt (Meryl Streep), Bjarni Hawk (Paul Giamatti), Eagle Helgason (John Goodman) og hljómsveitin Buff (Blind Melon) kemur við sögu. Á The Stick Pub gerast hlutirnir og allt virðist á endalausri uppleið þar til stóri skellurinn kemur. The Little Telephone Man (dvergurinn úr Bad Santa) kemur upp um svindlið sem velgengnin byggist á og Arne og Christian fá makleg málágjöld. Eða..?

Auglýsingin: Like rockets they shot to fame and fortune in the glittering world of showbiz. Like all rockets they had to come back to Planet Earth. Or did they..?



Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RAMBO	kl. 6.15, 8 og 10-P	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 1.45, 4 og 5.30	L
ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR	kl. 2	L
THE GOLDEN COMPASS	kl. 2	L

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðul.

NÝTT Í BÍÓ! 300. Á BETTA SKILID!

RAMBO ALVÖRU HETJUR DEYJA ALDREI

WALK HARD FÝRST RAY SÍÐAN WALK THE LINE... NÚ ER KOMIÐ AÐ DEWEY COX

ATONEMENT BYGGT Á METSÖLBOK EFTIR IAN MCKEAN

BRÉITAMINN Sigurján M. Egilsson, Mannfr. Gunnar Hjálmarsson, Fréttablaðið

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5% **REGNBÖGINN** Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

MEET THE SPARTANS	kl. 2-4-6-8-10	14
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 1-3-20-5-40 ISLENSKT TAL	14
WALK HARD	kl. 6-8-10	14
CLOVERFIELD	kl. 8-10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10-10	7
BRÚÐGUMINN LÚXUS	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10-10	7
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2-4 ISLENSKT TAL	L

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919 450 kr. í bíó! **BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500 450 kr. í bíó!

RAMBO	kl. 6-8-10	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 3-5-30-8 ISLENSKT TAL	12
ATONEMENT	kl. 3-6-9	12
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 10.30	14
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40-5.50-8-10-10	7
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 4	7

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

SAMBIO.IS SAMBIOINN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

8 ÓSKARS TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN

NO COUNTRY FOR OLD MEN P.S. I Love You

NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	VIP
P.S. I LOVE YOU	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SWEENEY TODD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
UNTRACEABLE	kl. 8 - 10:30	16
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	12
DEATH AT A FUNERAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8	7
THE GAME PLAN	kl. 1 - 3:15	L
NAT. TREASURE 2	kl. 10:30	12
TÖFRAPRINSESSAN ISL. TAL	kl. 1 - 3:15	L
BÝFLUGUMYNDIN M-ISL. TAL	kl. 1:30 - 3:30	L

ALFABAKKA **KEFLAVÍK**

MEET THE SPARTANS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
ÁSTRÍKUR M/ISL. TALI	kl. 2 - 4	L
UNTRACEABLE	kl. 8	16
CLOVERFIELD	kl. 10:10	16
BRÚÐGUMINN	kl. 6	7
ALVIN OG ÍK... M/ISL. TALI	kl. 2	L

AKUREYRI

NO COUNTRY ...	kl. 8 - 10:20 - 12:30	16
MEET THE SPARTANS	kl. 4 - 6 - 8	7
MIST miðnætur Power sýning	kl. 12	16
SWEENEY TODD	kl. 6 - 10	16
TÖFRAPRINSESSAN ISL. TAL	kl. 2 - 4	L
THE GAME PLAN	kl. 2	L

SELFOSS

P.S. I LOVE YOU	kl. 8 - 10:30	L
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 8	12
CLOVERFIELD	kl. 10:30	14
THE GAME PLAN	kl. 3:40 - 5:50	L
BRÚÐGUMINN	kl. 3:40 - 5:50	7
ALVIN OG ÍKO... M-ISL. TAL	kl. 1:40	L
BÝFLUGUMYNDIN ISL. TAL	kl. 1:40	L

9. og 10. feb. **SparBíó 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

GAME PLAN KL. 1 Í ÁLF. , 1:20 Í KRINGL. , 2 Á AKUREYRI OG 3:40 Á SELFOSSI

DEATH AT A FUNERAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA

TÖFRAPRINSESSAN M/ISL. TALI KL. 1 Í ÁLFABAKKA, 1:10 Í KRINGLUNNI OG 2 Á AKUREYRI

450 kr. **450 kr.**

kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum

Ódýrt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

ATH. SYND KL. 1.45 **ALVIN OG ÍKORNARNIR** SYND MED ISLENSKU TALI



WORLD CLASS

SKREFI NÆR ÞÉR

Opnum í Kópavogi á morgun

World Class kemur til móts við þarfir viðskiptavina sinna og opnar glæsilega heilsuræktarstöð á 15. hæð í Turninum á Smáratorgi.

Sparaðu þér sporin – því nú er World Class skrefi nær.

Verið velkomin!



World Class
ICELAND

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes
Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is



> 80 prósent á laugardegi til mánudags

Viðir tók það saman í gær að 80 prósent leikjanna í drögum að niðurröðun fyrir Landskarla eru um helgar og á mánu-
Flestir leikir fara fram á sunnudögum, 54 talsins eða rúm 40 prósent, en 107 af 132 leikjum fara fram á laugardegi til mánudags. Margir leikmenn mótmaeltu þeirri fyrirætlan að vera með fasta leikdaga á sunnudögum og mánudögum í sumar en sögðu jafnframt að þeir vildu frekar að leikirir færu flestir fram á miðvikudögum og fimmtudögum. Aðeins 20 leikir fara fram á þeim dögum eða um fimmtán prósent.

sport
sport@frettabla-



MARÍN RÓS KARLSDÓTTIR Í KEFLAVÍK: SLEIT KROSSBAND Í HNÉ Í ANNAÐ SINN Á FERLINUM

Ætlar sér að ná Bryndísi í endurhæfingunni

Marín Rós Karlsdóttir, annar fyrirliða kvennaliðs Keflavíkur í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta, fékk slæmar fréttir í vikunni þegar ljóst var að hún væri með slitið krossband í hné. Þetta er í annað skipti sem Marín Rós slítur krossband, en nú sleit hún í hinu hnénu.

„Það var fyrst haldið að þetta væri tagnað liðband og ég var bara í meðferð við því. Það lagaðist ekkert og því var ákveðið að senda mig í myndatöku. Ég fékk út úr henni á miðvikudaginn og þá kom þetta í ljós. Sjúkraþjálfararnir trúðu þessu ekki því þetta var ekkert laust,“ segir Marín, sem sleit krossbänd fyrst í nóvember 2004. „Þegar þetta gerðist í leiknum þá datt mér fyrst í huga að krossbandið væri farið. Ég var farin að æfa aftur og var bara komin inn á það að þetta væri bara tagnað liðband sem væri bara lengi að jafna sig. Ég bjóst ekki við þessu.“

Marín Rós hefur leikið mjög með Keflavík í vetur, var komin inn í A-landsliðið á nýjan leik og var þegar búin að lyfta Poweradebikarnum sem

annar fyrirliða Keflavíkurliðsins. „Ég var komin í landsliðið og komin á ágætis skrið aftur. Ég gerði lítið á síðasta tímabili og það var því enn meira svekkjandi að lenda í þessu núna þegar ég var komin á fullt aftur. Það er ljóst að heppnin fylgir okkur alls ekki í vetur,“ segir Marín en hún er önnur landsliðsskona liðsins sem slítur krossbänd því Bryndís Guðmundsdóttir lenti einnig í því í upphafi vetrar.

„Ég ætla mér að vinna mig út úr þessu,“ segir Marín ákveðin og bætir við „Ég er að hjóla, lyfta og synda og ætla að undirbúa mig sem best fyrir aðgerðina. Að aðgerð lokinni ætla ég mér bara að ná Bryndísi,“ segir Marín í létum tón, en hún er bjartsýn og jákvæð þrátt fyrir þetta mikla áfall.

„Ég ætla ekkert að leggjast í eitthvert þunglyndi,“ segir Marín sem er einn reyndasti leikmaður Keflavíkurliðsins og hefur unnið Íslandsmeistarattílinn fjórum sinnum. „Ég hef fulla trú að við förum alla leið. Við ætlum okkur að vinna síðustu tvo titlana,“ segir Marín að lokum.



ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Aston Villa-Newcastle	4-1
0-1 Michael Owen (4.), 1-1 Wilfred Bouma (48.), 2-1 John Carew (51.), 3-1 John Carew (72.), 4-1 John Carew (90.).	
Bolton-Portsmouth	0-1
0-1 Lassana Diarra (81.).	
Sunderland-Wigan	2-0
1-0 Dickson Etuhu (42.), 2-0 Daryl Murphy (75.).	
West Ham-Birmingham	1-1
1-0 Fredrik Ljungberg (7.), 1-1 James McFadden (15.), 1-1 James McFadden (16.).	
Derby-Tottenham	0-3
0-1 Robbie Keane (68.), 0-2 Younes Kaboul (81.), 0-3 Dimitar Berbatov (93.).	
Everton-Reading	1-0
1-0 Phil Jagielka (62.).	
Middlesbrough-Fulham	1-0
1-0 Jeremie Aliadière (11.).	

STADA EFSTU LIÐA

Arsenal	25	18	6	1	52-18	60
Man. United	25	18	4	3	49-12	58
Chelsea	25	16	6	3	38-17	54
Everton	26	14	5	7	41-23	47
Aston Villa	26	12	8	6	48-34	44
Liverpool	24	11	10	3	40-17	43
Portsmouth	26	11	8	7	36-26	41
Man. City	25	11	8	6	32-28	41
Blackburn	25	10	9	6	32-31	39
West Ham	25	10	7	8	30-23	37
Tottenham	26	8	8	10	48-41	32
Middlesbr.	26	7	8	11	23-38	29



N1 DEILDIN
Sunnudagur 10. febrúar
N1 Deild karla
Asvellir kl. 16.00
Haukar - ÍBV
N1 deild kvenna
Fylkishöll kl. 19.00
Fylkir - HK

Hermann hafði betur gegn Grétari

Hermann Hreiðarsson bjargaði í tvígang á marklínu í 1-0 sigri Portsmouth á heimavelli Bolton í gær. David James varði líka nokkrum sinnum frábærlega, þar á meðal frá Grétari Rafni Steinssyni.

FÓTBOLTI Portsmouth vann Bolton í Íslingaslagnum og hélt áfram góðu gengi á útivelli og Everton og Aston Villa unnu góða sigra og ætla ekki að gefa neitt eftir í baráttunni um Meistaradeildarsæti. Sjö leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær.

Hermann Hreiðarsson hafði betur í Íslingaslagnum gegn Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton en það er ekki hægt að segja að sigurinn hafi verið sanngjarn því Bolton-liðið var í stórsókn stóran hluta leiksins.

Portsmouth vann þökk sé umdeildu sigurmarki Lassana Diarra níu mínútum fyrir leikslok, en fyrir það hafði Hermann Hreiðarsson bjargað í tvígang á marklínu. Grétar Rafn lék vel með Bolton og komst nálægt því að skora, en David James varði frá honum eftir eitt af frábærum hlaupum hans upp hægrri vænginn. Bæði Hermann og Grétar Rafn áttu góðan leik með sínum liðum.

„Þetta var augljóslega rangstæða en jafnframt mjög erfitt fyrir línuvörðinn að sjá af hverjum boltinn fór. Þrátt fyrir þessi vonbrigði er ég ekki einn af þeim sem væla yfir dómglæslu. Þeir gerðu mistök og þannig er það bara,“ sagði Gary Megson, stjóri Bolton, eftir leik og bætti við: „Það er hægt að útskýra þetta tap í tveimur orðum: David James,“ en James átti stórleik og kom í veg fyrir að Bolton væri komið nokkrum mörkum yfir áður en Portsmouth skoraði.

„Hvernig komumst við burtu með 1-0 sigur?“ spurði Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, í gríni. „Það var eins og við værum að spila gegn gamla Bolton-liðinu og þetta var mjög erfiður leikur,“ sagði Redknapp.

Fyrsta mark Phil Jagielka fyrir Everton tryggði liðinu 1-0 sigur á



HETJULEG BJÖRGUN Hermann Hreiðarsson bjargaði á marklínu og sá til þess að Portsmouth ynni enn einn útisigurinn á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Íslingalásu Reading-liði, þar sem Brynjar Björn Gunnarsson er meiddur og Ívar Ingimarsson var í leikbanni. Sigurinn þýðir að Everton er komið með þriggja stiga forskot í baráttunni um fjórða og síðasta sætið inn í Meistaradeildina.

„Þetta var ekki fallett, reyndar alveg skelfilega ljótt. Reading er að berjast fyrir sæti sínu í deildinni og gerði þetta mjög erfitt fyrir okkur,“ sagði David Moyes, stjóri Everton.

Það leit út fyrir að bið Kevin Keegan eftir fyrsta sigrinum væri

á enda þegar Michael Owen kom Newcastle yfir á 4. mínútu, en Wilfred Bouma jafnaði rétt eftir hlé og norski landsliðsmaðurinn John Carew skoraði síðan þrennu í seinni hálfleik og sá til þess að Aston Villa vann 4-1 sigur og komst upp fyrir Liverpool í 5. sæti deildarinnar.

Owen skoraði í sínum öðrum leik í röð en Keegan er nú án sigurs í fyrstu fimm leikjum sínum sem stjóri Newcastle.

„Ég vissi að það biðu erfiðir leikir þegar ég tók við en við höfum verið að mæta liðum í efri

hlutanum á útivelli. Við erum nógu gott lið til þess að vera úrvalsdeildarlið en þurfum að ná þessum 40 stigum samt sem áður,“ sagði Keegan eftir leik.

James McFadden fiskaði víti og skoraði úr því jöfnunarmark Birmingham gegn West Ham í sínum fyrsta leik með liðinu síðan skoski landsliðsmaðurinn kom frá Everton. Bæði mörkin komu í upphafi leiks, McFadden jafnaði á 16. mínútu eftir að Freddie Ljungberg hafði komið West Ham yfir á 7. mínútu.

ooj@frettabladid.is

Tveir stórleikir fara fram á Old Trafford og Stamford Bridge í Englandi í dag:

Minningarstund í derby-slag

FÓTBOLTI Tveir stórleikir verða á dagskrá í ensku úrvalsdeildinni í dag, Manchester-liðin mætast á Old Trafford og Chelsea tekur á móti Liverpool á Stamford Bridge þar sem þeir bláu hafa ekki tapað leik í 48 mánuði, utan ósigurs í vítaspyrnukeppni.

Þess verður minnst í Manchester-slagnum í ensku úrvalsdeildinni í dag að fimmtíu ár eru liðin frá München-slysinu, en einnar mínútu þögn verður fyrir leikinn og bæði lið munu spila í sérstökum búningum sem eru byggðir á búningunum sem liðin spiluðu í árið 1958.

Báðir stjórar liðanna hafa áhyggjur af því að stuðningsmenn City-liðsins reyni að spilla minningarstundinni og hafa skorad á þá að gera þetta að eftirminnilegri stund.



BÚNINGUR DAGSINS Leikmenn United spila í gamaldags búningi í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester City vann fyrri leik liðanna 1-0 á sínum heimavelli en hefur aldrei unnið á Old Trafford í ensku úrvalsdeildinni

og vann síðast á heimavelli erki-fjendanna 27. apríl 1974. City-liðið hefur heldur ekki unnið báða leikina gegn United síðan tímabilið 1969-1970.

Chelsea er nú sex stigum á eftir Arsenal og auk þess að nálágast toppinn enn frekar getur liðið nánast endanlega gert út um titilvönir Liverpool-manna í leiknum í dag. Jafnteflið gegn Portsmouth um síðustu helgi batt enda á níu leikja sigurgöngu Chelsea-liðsins, en Liverpool vann aftur á móti sinn fyrsta sigur í sex deildarleikjum þegar liðið vann Sunderland 3-0 um síðustu helgi. Liverpool á ekki aðeins á hættu að missa algjörlega af titlabaráttunni heldur hafa nágrannarnir í Everton gert sig líklega til þess að taka Meistaradeildarsætið.



Nánar á expressferðir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í Eigu Iceland Express





Iceland Express



30%
 aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á syn.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



RISASUNNUDAGUR!

KL. 13:10 **HD**

MAN. UTD. – MAN. CITY

KL. 15:50 **HD**

CHELSEA – LIVERPOOL

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í TÍMA!



SYN2
 enski boltinn

Toppliðin unnu öll sína leiki í Iceland Express-deild kvenna í körfu í gær en Grindavík lenti í vandræðum:

Monique kvaddi KR-liðið með stórleik

KÖRFUBOLTI KR-ingar koma örugglega til með að sakna Monique Martin, sem lék sinn síðasta leik með liðinu í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í gær.

Martin þarf að taka sér mánaðarfrí vegna meiðsla á sin í fæti og KR-ingar urðu því að láta hana fara þar sem fram undan er úrslitakeppnin og barátta um um bæði deildar- og Íslandsmeistararitilinn. Martin sýndi í öruggum fjórtán stigum sigri, 89-75, á Íslandsmeisturum Hauka að það verður erfitt fyrir annan leikmann að feta í fótspor hennar en hún var með 45 stig, 13 fráköst og 4 varin skot í leiknum þar sem hún hitti



45 STIG Í SÍÐASTA LEIKNUM Monique Martin þarf að taka sér hvíld vegna meiðsla og verður sárt saknað hjá KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

úr 68 prósentum skota sinna.

Haukar voru ákveðnari í byrjun en 29 stig frá Martin í fyrri hálfleik skiluðu KR fjögurra stiga forskoti í hálfleik, 44-40, og KR-liðið tók síðan öll völd á vellinum í þriðja leikhliða.

Hildur Sigurðardóttir lék mjög vel þótt hún hafi aðeins skorað 4 stig en hún var með 14 stig, 10 stoðsendingar og stjórnaði leik liðsins með glæsibrag. Systurnar Guðrún og Sigrún Ámundadætur voru einnig erfiðar sínum gömlu félögum í Haukum og skoruðu saman 23 stig.

Krístún Sigurjónsdóttir og Unnur Tara Jónsdóttir voru í farar-

broddi í liði Hauka sem mátti ekki við því að Kiera Hardy var aldrei með í þessum leik og klickaði meðal annars á 20 af 25 skotum sínum.

Keflavík og Grindavík unnu bæði á útivelli og er Keflavík því áfram með tveggja stiga forskot á KR (2. sæti) og Grindavík.

Keflavík vann öruggan sigur á Fjölni þótt aðeins munaði tíu stigum í lokin en Grindavík lenti hins vegar í miklum vandræðum í Hveragerði. Hamar komst í 23-12 en Grindavík var komið yfir fyrir hálfleik og hafði síðan betur 79-82 eftir spennuþrunginn seinni hálfleik.

- óóó

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Akureyri-Fram 29-30
Mörk Akureyrar: Ásbjörn Friðriksson 11/3 (18/2), Magnús Stefánsson 7 (10), Hörður Fannar Sigbórsson 4 (9), Einar Logi Friðjónsson 3 (6), Heiðar Þór Aðalsteinsson 2 (2), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Nikolaj Jankovic 1 (1), Rúnar Sigtryggsson 0 (2), Goran Gusic 0 (2).
Varin skot: Arnar Sveinbjörnsson 8 (22) 36%, Sveinbjörn Pétursson 3/1 (19) 16%.
Hraðauppflaup: 2 (Magnús, Hörður)
Fiskuð viti: 5 (Hörður 3, Goran, Einar Logi)
Útan vallar: 8 mínútur
Mörk Fram: Halldór Jóhann Sigfússon 6/1 (8), Stefán Stefánsson 5 (8), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (6), Andri Berg Haraldsson 4 (7/1), Einar Ingi Hrafnsson 3 (3), Haraldur Þorvarðarson 3 (5), Rúnar Kárason 3 (8), Hjörtur Hinriksson 1 (2).
Varin skot: Magnús Erlendsson 11/11 (26) 42%, Björgvin Páll Gústafsson 3/1 (16) 19%.
Hraðauppflaup: 4 (Stefán 3, Rúnar)
Fiskuð viti: 3 (Stefán 2, Einar Ingi.)
Útan vallar: 10 mínútur
Rautt spjald: Hjörtur Hinriksson (37.)

Afturelding – HK 23-27 (9-10)

Mörk Aftureldingar: Hilmar Stefánsson 8/5 (11/5), Daniel Jónsson 4 (9/1), Einar Örn Guðmundsson 3 (6/1), Haukur Sigurvinsson 3 (8), Magnús Einarsson 2 (5), Ásgeir Jónsson 1 (1), Þrándur Gíslason 1 (2), Attila Valaczkai 1 (5), Reynir Árnason (1), Jón Andri Helgason (1), Hrafn Ingvarsson (4).
Varin skot: Óliver Kiss 14 (41/3 34,1%)
Hraðauppflaup: 11 (Einar 3, Hilmar 2, Daniel 2, Þrándur, Magnús, Haukur, Ásgeir)
Fiskuð viti: 7 (Hilmar 3, Daniel, Reynir, Magnús, Einar).
Útan vallar: 10 mínútur
Mörk HK: Ragnar Hjaltsted 8/3 (10/3), Sergei Petraytis 5 (5), Tomas Eitutus 4 (7), Augustas Strazdas 3 (6), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (7), Árni Björn Þórarinnsson 2 (2), Sigurgeir Árni Áegisson 2 (6), Brynjar Valsteinsson (1), Hákon Bridde (2), Gunnar Steinn Jónsson (3).
Varin skot: Egidijus Petkevicius 23/2 (38/5 60,5%), Björn Ingi Friðbjófnsson 1 (9/2 11,1%)
Hraðauppflaup: 4 (Ragnar, Strazdas, Ólafur)
Fiskuð viti: 3 (Strazdas 2, Petraytis)
Útan vallar: 6 mínútur

STABAN

Staðan	15	10	3	2	426-375	23
Haukar	15	10	3	2	426-375	23
Fram	16	11	4	4	454-421	25
Stjarnan	16	10	4	5	470-425	21
Valur	16	9	3	4	438-397	21
HK	16	9	1	6	441-405	19
Akureyri	16	4	2	10	432-443	10
Afturelding	16	2	3	11	392-422	7
ÍBV	15	10	4	14	371-536	2

N1-deild kvenna í handbolta

FH-Haukar 21-32
 Gróttu-Akureyri 35-18

STABAN

Staðan	16	13	3	0	407-311	29
Fram	16	13	3	0	407-311	29
Stjarnan	16	12	1	3	427-326	25
Valur	16	12	0	4	433-336	24
Gróttu	16	10	1	5	444-364	21
Haukar	16	8	2	6	436-391	18
Fylkir	15	5	0	10	314-368	10
HK	15	3	2	10	373-418	8
FH	16	3	1	12	340-464	7
Akureyri	16	0	0	16	285-481	0

Iceland Express d. kvenna

KR-Haukar 89-75
 Stig KR: Monique Martin 45 (13 frák., 4 varin), Sigrún Ámundadóttir 13, Guðrún Ámundadóttir 10, Lilja Oddsdóttir 5, Hildur Sigurðardóttir 4 (14 frák.m 10 stoðs.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4, Raket Viggósdóttir 4, Þorbjörg Friðrikssdóttir 2, Ingibjörg Skúladóttir 2.
 Stig Hauka: Krístún Sigurjónsdóttir 19 (5 stolnir), Unnur Tara Jónsdóttir 18 (8 frák., 6 stolnir), Kiera Hardy 14, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 9, Telma Björk Fjalarsdóttir 5, María Lind Siguðardóttir 4, Bryndís Hreinsdóttir 2, Helena Hólm 2, Bára Fanney Hálfanardóttir 2.
 Fjölnir-Keflavík 59-69 (21-37)
 Stig Fjölnis: Slavica Dimovska 25, Eva María Emilsdóttir 12, Efemía Sigurbjörnsdóttir 7, Gréta María Grétarsdóttir 4 (11 fráköst, 5 stoðs.), Birna Eiríksdóttir 4, Erla Sif Kristinsdóttir 2, Hrunn Jóhannsdóttir 2, Edda Gunnarsdóttir 2.
 Stig Keflavíkur: Pálína Gunnlaugsdóttir 17, Halldóra Andrésdóttir 9, Susanne Biemer 9, Keshia Watson 8 (13 mín.), Ingibjörg Elva Vilbergssdóttir 8, Birna Valgarðsdóttir 7, Margrét Kara Sturludóttir 7, Hrönn Þorgrímsdóttir 2, Rannveig Randvers dóttir 2.
 Hamar-Grindavík 79-82 (40-43)
 Stig Hamars: LaKiste Barkus 28, Iva Milevoj 15 (5 stoðs.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 12, Hafrún Hálfánardóttir 12 (7 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 10 (11 frák.), Íris Ásgeirsdóttir 2.
 Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 25 (11 frák.), Joanna Skiba 17 (6 stoðs.), Petrunella Skúladóttir 12, Íris Sværissdóttir 9, Helga Hallgrímsdóttir 7, Ólöf Helga Pálsdóttir 6, Ingibjörg Jakobsdóttir 4, Berglind Anna Magnúsdóttir 2.

STABAN

Staðan	19	15	4	1705-1415	30
Keflavík	19	15	4	1705-1415	30
KR	19	14	5	1542-1389	28
Grindavík	19	14	5	1556-1433	28
Haukar	19	11	8	1505-1514	22
Valur	18	8	10	1273-1360	16
Hamar	19	3	16	1282-1451	6
Fjölnir	19	1	18	1214-1515	2

HK og Fram unnu bæði á útivelli

Fram vann eins marks sigur í miklum baráttuleik á Akureyri en HK sótti tvö stig í Mosfellsbæ. Með sigrinum komust Framarar upp að hlið Hauka á toppnum en HK er í fimmta sæti aðeins fjórum stigum á eftir.

HANDBOLTI Framarar eru komnir upp að hlið Hauka í toppsæti DHL-deildar karla eftir 30-29 útisigur á Akureyri í gær og HK-ingar, sem eru í fimmta sæti, eru aðeins fjórum stigum á eftir toppliðunum eftir 23-27 sigur á Aftureldingu að Varmá.

Framarar gerðu góða ferð norður á Akureyri í gær þar sem þeir lögðu baráttuglaða heimamenn með einu marki. Leikurinn var æsispennandi undir lokin en gríðarleg barátta einkenndi síðari hálfleikinn.

Akureyringum tókst loksins að jafna metin í 27-27 þegar sex mínútur voru til leiksloka og æsispennandi upphafsminútur gengu í garð. Framarar skoruðu tvö mörk og Akureyringar freistuðu þess að jafna með því að taka markmanninn út af og spila með aukamann í vesti inn á síðustu tvær mínúturnar, þegar liðið var í sókn.

Það var nálægt því að ganga upp en Framarar fögnuðu þó naumum eins marka sigri þar sem Akureyringar skoruðu síðasta markið þegar lokaflautan gall. Ásbjörn Friðriksson var frábær í liði Akureyringa og skoraði ellefu mörk. Heimamaðurinn Halldór Jóhann Sigfússon skoraði sex mörk gegn sínum gömlu félögum fyrir Fram.

„Það er mjög gaman að koma aftur. KA-heimilið verður eiginlega alltaf minn heimavöllur enda er ég allinn upp í húsinu. Mér á alltaf eftir að líða vel hérna,“ sagði Halldór, sem fann svo sannarlega gömlu fjölna sína á gamla heimavellinum. „Þetta var hörkuleikur og það er gaman að prófa að vera



ENN MEÐ Ragnar Hjaltsted og félagar í HK unnu góðan sigur í Mosfellsbæ í gær og eru aðeins fjórum stigum frá toppnum þrátt fyrir að vera í 5. sætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

á hinum endanum og heyra í áhorfendum styðja við bakið á sínum mönnum, við komumst langt á því í gamla daga,“ sagði Halldór.

Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var svekktur með hið nauma tap. „Þetta var háspennuleikur, sérstaklega seinni hálfleikurinn. Það var ekki boðið upp á neinn hággæða handbolta en baráttan var svo sannarlega til staðar. Við vorum sorglega nálægt því að fá eitthvað út úr þessu,“ sagði Sævar, sem hrósaði Ásbirni fyrir góðan leik. „Við eigum eftir að laga nokkur smáatriði fyrir þriðjudaginn,

við ætlum okkur sigur þar,“ sagði Sævar en liðin mætast í bikarkeppninni í vikunni.

Fyrsti sigur HK í fimm leikjum

HK vann öruggan sigur á Aftureldingu, 23-27, í Mosfellsbæ í N1-deildinni í handbolta í gær en er sem fyrr í fimmta sæti, nú með 19 stig, tveimur stigum á eftir Stjörnunni og Val. Afturelding er enn í fallsæti með sjö stig, þremur stigum frá öruggu sæti í deildinni.

HK hóf leikinn af krafti og virtust heimamenn áhugalausir í upphafi leiks. HK skoraði tvö fyrstu

mörkin en með frábærum varnarleik komst Afturelding inn í leikinn og hóf að leika af mun meiri krafti og náði að komast yfir þegar tíu mínútur voru til leikhles, 7-6. HK náði aftur frumkvæðinu í leiknum og komst í 7-9 þegar fimm mínútur voru til hálfleiks. Afturelding náði að minnka muninn í eitt mark fyrir hlé, 9-10.

Allt annað var að sjá til HK í síðari hálfleik og tók það liðið aðeins fyrsta korterið að skora jafn mörg mörk og liðið gerði í öllum fyrri hálfleiknum. HK sigldi fram úr hægt og rólega og náði liðið mest tíu marka forystu þegar átta mínútur voru eftir, 15-25 og úrslitin voru ráðin.

HK lék frábæra vörn fyrir utan endaspenninn og Egidijus Petkevicius átti stórkostlegan leik í markinu. Afturelding náði sér aftur á móti aldrei á strik og þarf að leika mun betur til að halda sæti sínu í deildinni.

Ragnar Hjaltsted átti að venju góðan leik fyrir HK og lét mikið að sér kveða í markaskorun. Ragnar var ánægður með varnarleikinn og stígangann í sóknarleiknum í síðari hálfleik þar til liðið slakaði á í lokin. „Nú er að halda áfram. Loksins sigur eftir fjögur töp í röð. Vörnin hélt en við þurfum að gera eitthvað í sóknarleiknum til að halda í við efstu liðin. Við lékum hálfgerðan göngubolta framan af í dag. Við þurfum að keyra þetta upp og fá þessi ódýru mörk sem vantaði í dag. Við skoruðum fjögur mörk úr hraðauppflaupum sem er engan vegin nógu gott,“ sagði Ragnar í leikslök.

- hph, - gmi

Góður árangur náðist á fyrri degi Meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum í Laugardalshöll í gær:

Sveinn Elías bætti 36 ára Íslandsmet

FRJÁLSTAR Fyrri dagur Meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum fór fram í Laugardalshöll í gær en keppni verður síðan fram haldið á sama stað í dag.

Fjölnismaðurinn Sveinn Elías Elíasson sló í gær 36 ára gamalt Íslandsmet Bjarna Stefánssonar í 400 metra hlaupi þegar hann tryggði sér Íslandsmeistararitilinn með því að hlaupa á 48,33 sekúndum á Meistaramóti Íslands í Laugardalshöllinni í gær.

Met Bjarna var 48,5 sekúndur og var það sett í Gautaborg árið

1972. Það var meira um glæsileg afrek á mótinu í gær því Jóhanna Ingadóttir úr ÍR stökk fjórða lengsta stökk sögunnar þegar hún varð Íslandsmeistari í langstökki með því að stökkva 5,99 metra.

Silja Úlfarsdóttir úr FH varð sigursælust allra keppenda í gær því hún varð tvöfaldur Íslandsmeistari. Silja vann bæði 60 metra hlaup (7,73 sek.) og 400 metra hlaup (55,94 sek.)

Í stigakeppni milli félaga um Íslandsmeistararitil félagsliða, leiðir lið FH eftir fyrri dag með



FLJÓTUR Sveinn Elías Elíasson setti Íslandsmet í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

14.233 stig, lið ÍR er í öðru sæti með 10.879 stig og lið Breiðabliks er í þriðja sæti með 10.421 stig. FH hefur örugga forystu í stigakeppni karla, en lið ÍR leiðir í stigakeppni kvenna.

Meistaramótið hefst aftur í fyrramálið kl. 10.30 með forkeppni í 200 m hlaupi karla og kvenna og langstökki karla. Aðalhluti mótsins hefst svo kl. 13.00 og er síðasta keppnisgreini, 4x400 m boðhlaup karla á dagskrá kl. 15.45.

- óóó

WEST HAM DERBY

18.-20. APRÍL

Verð á mann í tvíþýli frá
53.200 KR.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Portsmouth, Newcastle og Aston Villa.



WWW.ICELANDAIR.IS

Landsins stærsta



SKÓSPRENGJA

Lokadagur

Lágmark

50%

afsláttur

Allt að
90%
afsláttur



ZINDA
Verð áður: 19.995 Kr.-
Verð nú: **5.998 Kr.-**



CULT
Verð áður: 5.995 Kr.-
Verð nú: **60% 2.398 Kr.-**



ZINDA
Verð áður: 22.995 Kr.-
Verð nú: **6.898 Kr.-**

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

eCCO
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

..... **Toppskórin**
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

> Daniel Radcliffe

„Ég var í baði, pabbi minn kom hlaupandi og sagði „Gettu hver fékk aðalhlutverk í Harry Potter?“ Ég fór að hágráta. Þetta er líklega besta augnablik í lífi mínu,“ segir Daniel Radcliffe sem leikur aðalhlutverk í Harry Potter and the Goblet of Fire sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bío kl. 20.



dagskró



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FÍLAR STERKAR OG HLIÓÐAR HETJUR

Sjaldgæf kúrekagleði

Kúrekar heilla víst marga. Ég á í það minnsta góðar minningar frá því við bræður mínir tókum Clint Eastwood-spagettivestrasyrpu sem börn og unglingar. Þar blönduðust saman tvö af mínum hugðarfennum: Hestar og sterkar hljóðlátar hetjur.

Síðan þá hefur áhugi minn á kúreka-myndum dalað töluvert. Einstaka sinnum koma góðar myndir en yfirleitt tekst misjafnlega til að endurskapa vestrið með áhugaverðum hætti. Undantekningar frá því eru þó myndir á borð við Dances with Wolves, Unforgiven og Young Guns.

Í vikunni sýndi Stöð 2 sjónvarpsmynd í tveimur þáttum sem gerist í hinu viltta vestri og kom þægilega á óvart. Myndin ber heitið Broken Trail og skartar leikurum á borð við Robert Duvall sem smellpassar í hlutverk gamals kúreka og Thomas Haden Church sem leikur ungan frænda Duvall en



BROKEN TRAIL Duvall og Haden Church í hlutverkum sínum.

verður til þess að þeir sitja uppi með fullan vagn af kinværskum stúlkum sem selja átti í vændi. Broken Trail hlaut Emmy-verðlaun árið 2006 en handritið skrifaði Alan Geoffrion eftir skáldsögu sinni með sama nafni.

Church sannaði sig sem leikari í hinni bráðskemmtilegu mynd Sideways. Hin frábæra leikkona Greta Scacchi fer einnig með hlutverk í myndinni, leikur uppjafa hóru á flotta undan fortíðinni.

Myndin fjallar í stórum dráttum um tvo frændur sem ákveða að reka 300 hesta stóð villihesta þvert yfir landið til að selja þá Bretum sem gáfu góðan pening fyrir hesta í stríðsrekstur sinn í lok nítjándu aldar. Á leiðinni rekast þeir frændur á ýmsan óþjóðalýð og forsjónin

EKKI MISSA AF



► 19.05 Mannamál STÖÐ 2



► 19.40 Top Gear SKJÁREINN



► 20.00 Harry Potter and the Goblet of Fire STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.20 Glæpurinn SJÓNVARPIÐ



► 01.00 Grammy Awards 2008 SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í nætur-garði, Róbert Bangsi, Kóalabræður, Landið mitt og Herkúles

09.23 Sígildar teiknimyndir

09.30 Finnir kostur

09.52 Fræknir ferðalangar

10.22 Sigga lígga lá

10.35 Konráð og Baldur

10.50 Dalabræður e.

11.20 Laugardagslögin e.

12.30 Silfur Egils

13.45 Viðtalið e.

14.15 Merkin skipta máli e.

15.15 Meistaradeild VÍS í hestaiþróttum e.

15.50 Íslandsmótið í handbolta Haukar - ÍBV í karlaflokk.

17.30 Tákn málsfréttir

17.40 Genji

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu Viðtalsþáttur Evu Maríu Jónsdóttur.

► 20.20 Glæpurinn (17:20) (Forbryðelsen: Historien om et mord)

21.20 BAFTA-verðlaunin Útsending frá afhendingu bresku kvikmyndaverðlaunanna, BAFTA. Pulur er Þóra Arnórsdóttir.

23.20 Silfur Egils e.

00.35 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.25 Moon Over Parador

08.05 The Lonely Guy

10.00 The Commitments

12.00 Harry Potter and the Goblet of Fire

14.35 Moon Over Parador

16.30 The Lonely Guy

18.00 The Commitments

► 20.00 Harry Potter and the Goblet of Fire Fjórða myndin um Harry Potter og ævintýri hans.

22.35 Pieces of April

00.00 Kin

02.00 Hellraiser: Inferno

04.00 Pieces of April



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Barney, Fíff.

08.05 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og marg- ar fleiri.

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

12.45 Nágrannar

13.05 Nágrannar

13.25 Nágrannar

13.45 Nágrannar

14.10 Bandið hans Bubba (2:12)

15.05 All About George

16.10 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

► 19.05 Mannamál (18:40) Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Emir Rúnarsson.

19.50 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson snýr aftur með viðtalsþátt sinn sem er margfalður Edduverðlaunahafi.

20.25 Pushing Daisies (Með lífið í lúk-unum) Þættirnir eru eins konar nútíma ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargift að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni.

21.10 Cold Case (Köld slóð) Lily Rush og félagar halda þar uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, sem safnað hafa ryki í skjalaskápum lögreglunnar.

21.55 Prison Break (11:22) (Flóttinn mikli) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2.

22.40 Corkscrewed (2:8) (Vinguðimír) Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla sanna áhugamenn um vín og vínrækt.

23.05 Bandið hans Bubba (2:12)

23.55 Mannamál (18:40)

00.40 Perfect Strangers

02.15 Losing Gemma (1:2)

03.20 Losing Gemma (2:2)

04.25 Prison Break (11:22)

05.10 Pushing Daisies

05.50 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SYN besta sætið

07.45 Gillette World Sport

08.15 Merrill Lynch Shootout

10.45 Spænski boltinn (Sevilla - Barcelona) Útsending frá leik í spænska boltanum.

12.25 Dubai Desert Classic (Evrópu-mótariðin í golfi) Sýnt frá Dubai Desert Classic móttinu sem haldið var dagana 2. og 3. febrúar en mótið er hluti af Evrópu-mótariðinni.

15.25 Inside the PGA Skyggst á bakvið tjöldin í PGA mótariðinni og tímabilið framundan skoðað.

15.50 NBA körfuboltinn (Phoenix - New Orleans) Leikur í NBA-körfuboltanum.

17.50 Spænski boltinn (Real Madrid - Valladolid) Bein útsending frá leik Real Madrid og Valladolid í spænska boltanum.

19.50 PGA Tour 2008 - Bein útsending (AT&T Pebble Beach) Bein útsending frá Pebble Beach en mótið er hluti af PGA mótariðinni en sigurvegari síðasta árs, Phil Mickelson, mætir til leiks og mun reyna að verja titil sinn

23.30 England - Sviss (Vínáttulandsleikur) Útsending frá vinnáttulandsleik Englands og Svisslendings.

SYN2

08.10 West Ham - Birmingham Útsending frá leik West Ham og Birmingham

09.50 PL Classic Matches

10.20 PL Classic Matches

10.50 PL Classic Matches

11.20 PL Classic Matches

11.50 4 4 2

13.10 Man. Utd. - Man. City Bein útsending frá leik Man. Utd og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

15.40 Chelsea - Liverpool Bein útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

18.15 Everton - Reading Útsending frá leik Everton og Reading í ensku úrvalsdeildinni.

19.55 Aston Villa - Newcastle Útsending frá leik Aston Villa og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

21.35 4 4 2

23.00 Man. Utd. - Man. City Útsending frá leik Man. Utd og Man. City.

00.40 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool.

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg

12.00 World Cup of Pool 2007

12.50 Professional Poker Tour (e)

14.15 Dr. Phil (e)

15.00 Bullran (e)

15.50 Canada's Next Top Model (e)

16.40 Queer Eye (e)

17.30 The Bachelor (e)

18.40 The Office (e)

19.10 30 Rock (e)

► 19.40 Top Gear - NÝTT Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbættum húmor í bland við alvarlega umfjöllun. Þáttariðin hefst á sérstökum þætti um för félaganna á Norðurpólinn með aðstoð íslenskra jeppasérfræðinga. Þetta er stærsta verkefni Top Gear manna til þessa því þeir ætla í kappakstur á pólinn. Richard keppir á hundasleða með tíu sleðahunda til að draga sig áfram á meðan Jeremy og James keppa á sérsmíðuðum jeppa. Richard hefur vana sleðakonu sér til halds og trausts en í jeppaleiðangrinum eru íslenskir jeppamenn sem eru með ráð við öllu.

20.30 Psych (2:16) Shawn er ekki sam-mála lögreglunni um dánartíma manns sem skolar á land og reynir að sanna mál sitt.

21.30 Boston Legal (2:14) Alan á í miklum erfiðleikum í kvennamálum. Fyrverandi ástkona sem hann getur ekki staðist hefur störf hjá lögfræðistofunni á sama tíma og kærasta hans, Gloria Weldon dómari, vill ólm eignast barn með honum. Ekki bætur úr skák að Denny hefur einnig áhuga á nýju samstarfskonunni. Jerry og Alan reyna að undirbúa Katie fyrir sitt fyrsta morðmál.

22.30 Dexter (4:12)

23.30 C.S.I. New York (e)

00.20 C.S.I. Miami (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Áberandi glæsilegur!

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi sem tekið er eftir...

✓ MEIRI KRAFTUR ✓ MEIRA RÝMI ✓ MEIRI BÚNAÐUR

✓ Tölvustýrð miðstöð og loftkæling

✓ ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)

✓ Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri

✓ DCS - Eykur öryggi niður brekkur

✓ Tölvustýrð spólvörn

✓ LRS - Heldur hæð við hleðslu

✓ ARP - Veltivörn

✓ TOD - Sjálfvirk drifstýring

✓ Bakkskynjari

✓ 18" Álfelgur

✓ Aksturstölva

✓ Og margt fleira....



Akureyri
Bilasalan 05
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bilasala Vesturlands
Höfðaholti 4
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasala Austurlands
Fagradsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bilahorníð hjá Sissa
Brekkestig 38
Sími 420 3300

Reykjavík
Bilahúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

CHEVROLET GÆÐI - FRÁBÆRT VERÐ

Bílahúð
Benna
www.benni.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.25
Pushing Daisies NÝTT

Þættirnir eru eins konar nútímaævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargáfu að geta vakið fólk til lífs með því að snerta það. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi þarf að fóna lífi einhvers annars á móti. Pushing Daisies fékk þrjár tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna í ár, fleiri en nokkur annar framhaldspáttur sem frumsýndur var í vetur.

▶ VIÐ MÆLUM MED
Sjálfstætt fólk
Stöð 2 kl. 19.50

Að þessu sinni mun Jón Ársæll Þórðarson ræða við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og nýkjörinn forseta borgarstjórnar. Hanna Birna hefur verið mjög í sviðsljósinu undanfarna mánuði og ár og staðið í ströngu í borgarmálunum þar sem óhætt er að segja að miklar sviptingar hafi átt sér stað.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.15 Söguþula, sögð af einu fifli
11.00 Guðsþjónusta í Grindavíkirkirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Engill í vesturbænum
16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlifinu: Myrkir músíkdagar 2008
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hégog
19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks (116:260)
16.25 Hollyoaks (117:260)
16.50 Hollyoaks (118:260)
17.15 Hollyoaks (119:260)
17.40 Hollyoaks (120:260)
18.05 Hollywood Uncensored
18.30 Falcon Beach
19.15 The George Lopez Show
19.40 Sjáðu
20.05 Comedy Inc. (1:22)
20.30 Special Unit 2 (7:19)
21.15 Extreme: Life Through a Lens (1:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
22.00 X-Files Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
22.45 Falcon Beach Paige, Lane og Erin eru öll í frí á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrofa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðalhöfðara bæjarins þá fara málin að flækjast.
▶ 01.00 Grammy Awards 2008 Bein útsending frá Grammy-verðlaunahátíðinni. Meðal tilnefndra eru Foo Fighters, Kanye West, Beyoncé, Feist, Justin Timberlake og Amy Winehouse.
04.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

08.00 Days that Shook the World 9.00 Himalaya with Michael Palin 10.00 EastEnders 10.30 EastEnders 11.00 Land of the Tiger 12.00 Nile 13.00 The Dobsons of Dun Craig 13.30 Mad About Alice 14.00 The Aristocrats 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 My Dad's the Prime Minister 16.30 Mad About Alice 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Space Race 19.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets 19.50 The Ship 20.40 Trouble at the Top 21.20 I'll Show Them Who's Boss 22.00 Theatre Biz 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 00.00 Space Race 01.00 Space Odyssey - Voyage To The Planets 02.00 Theatre Biz

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKJUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 Guðstjéneste í DR Kirken 13.45 Sommer 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Sigurd og Bigbandet 17.00 Chimpanseerne fra Gombe 17.30 TV Avisen med Sport 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Sommer 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.50 Napoleon 22.25 Höök

NRK1

10.00 NRKs sportssøndag 10.40 VM skislyting 2008 11.50 V-cup langrenn 13.00 VM skislyting 2008 14.00 VM på skøyter 17.00 Kalle og Molo 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.30 Reinlykke 20.10 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 20.40 Wedding Crashers 22.10 Kveldsnytt 22.25 Rally-VM 2008: Rally Sverige 23.15 Juristane 00.00 Terjes sesongkort 00.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

09.55 Ökenslottet 10.55 Solens mat 11.25 Debatt 12.25 Antikrundan 13.25 Historiens fångar 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 De kastlösa 16.55 Anslagstavlán 17.00 Fem myror är fler än fyra elefanter 17.30 Bilspport: Svenska rallyt 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Färlig fritid 21.40 Grön design 22.10 Rapport 22.20 Tv-stjärnan 22.50 Min stora dröm 23.20 Brottskod: Försvunnen

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: SIRKUS SIRKUS+

ÓTRÚLEG VERÖLD

Frá leikstjóra Men in Black og Addams Family kemur ein ótrúlegasta veröld sem orðið hefur til í sjónvarpi. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargáfu að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni.

Pushing Daisies - Fyrsti þáttur í kvöld kl. 20:25

skemmtilegri



„Besti nýi þáttur vetrarins“
Chicago Sun-Times

„Kraftaverk í sjónvarpi“
Detroit Free Press

„Pushing Daisies er fullkominn“
New York Daily News

„Skíragull frá upphafi til enda“
USA Today

30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stod2.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu



SJÁLSTÆTT FÓLK - kl. 19:50



COLD CASE - kl. 21:10



PRISON BREAK - kl. 21:55

HVAD SEGIR MAMMA?



„Hann er bara alveg æðislegur. Fyndinn og samviskusamur og vöðva góður sonur. Reyndar gæti ég bara talað endalaust um hann.“

Jóna Sigríður Gunnarsdóttir um son sinn, leikstjórnann Gunnar Björn Guðmundsson, sem undirbýr kvikmynd eftir bókinni Gauragangur.

HIN HLIÐIN HALLGRÍMUR ÓLAFSSON LEIKARI

Vonbrigði til þess gerð að gleyma þeim

Hvað er að fréttu? Bara allt ljómandi. Frumsýndi Fló á skinni á föstudaginn og er enn í skjúnum með viðtökurnar. Þetta verður enn ein fjöður í hatt LA.

Augnítur: Hef ekki hugmynd, en mér er sagt hann sé grænn eða brúnn eða bæði.

Starf: Leikari og tónlistarmaður í hlutastarfi.

Fjölskylduhagir: Sambúð með Önnu Ólafsdóttur og saman eignum við dótturina Hörpu Líf.

Hvaðan ertu? Ég er fæddur og uppalinn á Akranesi, Skagamaður í húð og hár.

Ertu hjátrúarfullur? Nei, ég er sem betur fer laus við þá vitleysu.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Allir dýralífsþættir eru í miklu upphaldi, svo eru þættir eins og Prison Break, 24 og fleiri góðir. Ég hélt líka mikið upp á Næturvaktina í vetur, sem og Pressuna.

Uppáhaldsmatur: Saltkjöt og baunir.

Fallegasti staðurinn: Þingvallavatn er fallegur staður,

sérstaklega á bjartri sumarmóttu.

iPod eða geislaspilar: iPhone toppar bæði.

Hvað er skemmtilegast? Þegar maður skemmtir sér.

Hvað er leiðinlegast? Þegar manni leiðist.

Helsti veikleiki: Óróleiki sem flokkast sjálfsagt undir athyglisbrest, ég þori bara ekki að fara í tékk. Svo er ég viðbjóðslega hræddur á erlendri grundu, ég sé morðingja og glæpamenn á hverju horni.

Helsti kostur: Vil láta aðra dæma um það, en ég er samt með þeim skemmtilegri sem ég hef hitt um dagana og þó viðar væri leitað.

Helsta afrek: Þegar ég leit á dóttur mína í fyrsta skipti, það toppar það ekkert. Aldrei.

Mestu vonbrigðin: Það hefur svo margt gengið upp hjá mér á undanföllum árum að ég man ekki nein.

Enda eru vonbrigði til þess gerð að gleyma þeim sem fyrst.

Hver er draumurinn? Þessa stundina er draumurinn

að viðtökurnar á Fló á skinni verði eins og þær voru á föstudaginn.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Reglum samkvæmt er það Góí.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Ég myndi sjokkera marga ef ég færi að telja það upp svo ég læt það ekki uppi.

Hvað er mikilvægast? Það er að vera maður sjálfur í öllu því sem maður tekur sér fyrir hendur, og lifa í sátt við guð og menn.

19.06.1977



David gagnrýndur fyrir Íþróttarálfbruðl

Bresku fjölmiðlarnir hafa mikið velt sér upp úr fréttum breska blaðsins Daily Telegraph, sem greindi frá því í vikunni að Verkamannaflokkurinn ætlaði sér að nota Íþróttálfinn í baráttu sinni gegn offitu barna. Leiðtogi flokksins, David Cameron, hefur þurft að sitja undir miklum ámælum í bresku pressunni fyrir að hafa reynt að nota eina þekktustu stjórnun breskra barna til að afla sér pólitísku fylgis. Mirror greinir frá málinu undir stríðsfyrirsögninni: „Sportacus svarar Cameron og segist ekki tilheyrja Íhaldinu,“ og segir frá bréfi forsvarsmanna Latabæjar sem sent var forrystumönnum stjórnmalaflokksins. Þar á að koma fram megn óánægja innan Latabæjarfyrirtækisins með þessar yfirlýsingar flokksins sem hefur að undanförunu komið vel út í skoðanakönnunum. Og Cameron jafnvel verið spáð forsætisráðherra-stólnum. Mirror hefur eftir einum talsmanni Verkamannaflokksins að þetta sé fyrir neðan allar hellur. „Að nota barnahetju til að afla sér atkvæða er djöfullegt bragð.“

Times fer ögn blíðlegri höndum um mistök Cameron og Íhaldsflokksins og segist skilja tilraunir formannsins til að eigna sér Íþróttálfinn og Magnús Scheving: „Hjá því verður ekki horft að Latibær á heiðurinn af því að sala á grænmeti jókst um rúm tólf prósent á Íslandi. Árið 2006 var Latibær vinsælasta barnaefnið í Bandaríkjunum,“ skrifar Times og spyr loks



Í VONDUM MÁLUM David Cameron hefur mátt þola mikla gagnrýni fyrir að hafa reynt að nota Íþróttálfinn í pólitískum tilgangi.

Magnús Scheving hvort hann eigi ekki bara að gerast stjórnmalamaður. Magnús svarar því til að verstu mistökin sem nokkur maður geti gert í samskiptum sínum við börn sé að tala niður til þeirra. „Fólk verður að átta sig á því að það er fullorðna fólkid sem lærir af börnunum,“ segir Magnús og Times spyr hvort allir stjórnmalamenn séu ekki örugglega að skrifa þetta niður.

- fgg



ÁHRIFAMIKILL Breskir fjölmiðlar telja áhrif Íþróttálfins vera mikil þegar kemur að breskum börnum.

LIFIR LÍFINU Handknattleiksmaðurinn Logi Geirsson lifir lífinu og hefur keypt sér Ferrari.

LOGI GEIRSSON: LÆTUR DRAUMINN RÆTAST

Logi fær Ferrari í apríl

„Ég reikna fastlega með því að Ferrari-inn komi í apríl,“ segir Logi Geirsson, landsliðsmaður í handknattleik og leikmaður þýska liðsins Lemgo, en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu hafði leikmaðurinn mikinn áhuga á að kaupa sér eldri týpu af þessum margrómaða ítalska sportbíl. „Ég er búinn að prófa hann og þó að þetta sé langt því frá þægilegasti bíllinn sem ég hef prófað og það sé erfitt að keyra hann þá er það einfaldlega svo mikið adrenalín-kikk að þeysast um á svona tryllitæki að maður gleymir bæði stað og stund,“ bætir Logi við.

Nokkrar ástæður eru fyrir því að bifreiðin kemur ekki fyrr en í vorbyrjun en sú helsta er sú að Logi sér ekki fram á að geta nýtt krafta kerrunnar nægjanlega mikið nú þegar Vetur konungur ræður ríkjum í Þýskalandi. „Nei, það er allt blautt og maður getur því ekki gefið honum neitt malbik að borða.“

Stórskyttan úr Hafnarfirði er mikill ökutækja-áhugamaður og á meðal annars tvo aðra bíla, vespu og svo Harley Davidson-mótorhjól. Sem hann ber reyndar ekki vel söguna og segir vera óttalegan skríjóð. Engu að síður er Logi að taka mótorhjólapróf-íð núna en forráðamenn Lemgo bönnuðu honum það á meðan hann glímdi við erfið meidsl. „Ég er einfaldlega á þeim aldri, ungur og barnlaus, að maður verður að leyfa sér að lifa lífinu,“ segir landsliðs-



TOPPURINN Þó að myndin sé ekki af bíl Loga er víst að stórskyttan íslenska á eftir að taka sig vel út í bifreið frá ítalska rísanum.

maðurinn. Logi hefur mátt þola mikið mótlæti undanfarið ár, hefur glímt við erfið meidsl og verið úti í kuldanum hjá sínu liði. Að ekki sé talað um Evrópumótið í Noregi þar sem íslenska landsliðið olli miklum vonbrigðum. „Ég myndi kaupa Ferrari og gefa hann til að geta bætt upp þá hörmung,“ segir Logi. Hann bætir því þó við að hann muni koma tvífeldur tilbaka og hann ætli sér að leggja sitt á vogarskálarnar til að tryggja íslenska liðinu farseðil á Ólympíuleikana. „Það er nú einmitt kosturinn við mótlætið, maður fær tækifæri til að læra af því.“

freygigja@frettabladid.is

Nálastungur Íslands ehf.

Ríkharður Mar Jósafatsson

Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180Fjalakötturinn
Veitingastaður
í gömlu Reykjavík

Aðalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi
matseðill

Fjórrettaður, í boði 14–24 feb.

kr. 5.800.–

Fær uppreisn æru í indversku pressunni

„Það þykir vera mikill heiður að vera boðið persónulegt toppviðtal í þessu útbreidda blaði og netútgáfu þess. Færri komast víst þar að en vilja. Ég verð líklega alla helgina að svara fyrirspurnum. Ég veit varla hvað ég er kominn út í en hlakka til að glíma við þetta,“ segir fagurkerinn og vinjettuhöfundurinn Ármann Reynisson.

Mikið viðtal birtist við Ármann nú á dögum í The Hindu Business Line / Life undir fyrirsögninni „With warmth, from Iceland“. Og það er hinn þekkti blaðamaður Sashi Nair sem spjallar við vinjettuhöfundinn um heima og geima. „Þegar ég vaknaði og opnaði tölvupóstinn komu í ljós óvenju margir póstar meðal annars frá Indlandi og víðar að úr veröldinni,“ segir Ármann. Fréttablaðið hefur að undanförunu greint frá ferðum Ármanns um Indland og hefur Sigurður A. Magnússon sett spurningarmerki við eitt og annað sem komið hefur




Í INDVERSKU PRESSUNNI Ármann kom víða við á ferðum sínum um Indland og var indverska pressan áfjád í að birta það sem hann hefur til málna að leggja.

fram í máli Ármanns. En vinjettuhöfundurinn lætur sér hvergi bregða og þykist standa uppi

með pálmann í höndunum. Og viðtalið er að sönnu forvitnilegt. Sashi Nair lýsir fyrst frumkvöðlastarfi Ármanns á sviði vinjettugerðar, segir að Ármann sé umdeildur á Íslandi og tekur svo að rekja sögu Ármanns, sem stofnaði á sínum tíma verðbréfafyrirtækið Ávöxtun. Í viðtalinu kemur fram að Ármann hafi stofnað fjölda fyrirtækja í fjármálaáhrifum. En vegna þess að Ármann var langt á undan sinni samtíð komst hann í vandræði og var Ármann miskunnarlaus afsóttur, dreginn milli réttarsala í fimm ár sem endaði með því að hann var dæmdur til fangelsisvistar í eitt ár. En löngu síðar varð mönnum það ljóst að Reynisson hafði í raun farið eftir öllum þeim leikreglum sem þykja góðar og gildar í hinum alþjóðlega fjármálaheimi. Og þeir viðskiptahættir sem Ármann stundaði séu nú löglegir í dag og myndu njóta velþóknunar Fjármálaeftirlitsins.

- jbg



Hringrot / Lipsmynd © Apple Corps Ltd.

MEISTARAVERK BÍTLANNA

Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band

Ein merkasta hljómplata allra tíma flutt í heild sinni ásamt
vinsælustu lögum Bítlanna á glæsilegum sinfóniútónleikum
í Laugardalshöll laugardaginn 22. mars 2008

Daníel Ágúst Haraldsson | Stefán Hilmarsson
Sigurjón Brink | Björgvin Halldórsson
Eyjólfur Kristjánsson | KK

Rokksveit Jóns Ólafssonar
ásamt 40 hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands

píanó Jón Ólafsson | gítar Guðmundur Pétursson | gítar Stefán Már Magnússon | orgel Pétur Örn Guðmundsson | hljómborð Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
sítar Júlíus Guðmundsson | tabla-trommur Steingrímur Guðmundsson | bassi Róbert Þórhallsson | ásláttur Ólafur Hólm | trommur Jóhann Hjörleifsson

útfetningar Haraldur Vignir Sveinbjörnsson | konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir | hljómsveitarstjórn Bernharður Wilkinson | kynnrir Þorgeir Ástvaldsson
hljóð Ívar Ragnarsson | lýsing Agnar Hermannsson | myndvinnsla Helgi Jóhannesson | sviðssetning Sigurður Kaiser | tónlistarstjórn Jón Ólafsson

Miðasala hefst 12. febrúar
á midi.is og á afgreiðslustöðum midi.is





BAKÞANKAR
Þorbjargar
Sigríðar
Gunnlaugsdóttur

Hryllingurinn á hæðinni

Fimm hundruð þör sækjast nú eftir því að fá að vera með í íslenskum sjónvarpsþætti, þar sem verkefnið er að innrétta hús innan ákveðins tímafrests. Áhorfendum er svo ætlað að fylgjast með framvindu verksins. Það fer hrollur um mig við tilhugsunina, enda höfum við fjölskyldan verið að endurbæta húsnæði undanfarna mánuði. Smávægilegar framkvæmdir urðu fljótlega að því að búið var að rífa vegg, grafa niður í mold og kynnast því að aspir sprengja skólplagnir. Allir sem hafa verið í byggingaframkvæmdum átta sig á því að þörin í sjónvarpsþættinum Hæðinni eru að ganga út í opinn dauðann.

BYRJENDUR í bransanum halda kannski að þeir séu heppnir sem fá að innrétta hús frá grunni. Þetta er hugmyndafræði þess sem ekkert veit. Sennilega er hér að fæðast fyrsti raunveruleikaþátturinn sem með réttu mætti flokka sem hryllingsefni, þó að það sé í sjálfu sér ekki nýtt að raunveruleikaþættir séu þínlegir á að horfa. Í hryllingsmyndum er það þekkt stef að ólán-söm fjölskylda búi í húsi sem að endingutekurvöldinaförvæntingarfullum íbúunum.

ÆTLI það sama verði ekki raunin þegar þörin fara að glíma við þá þrekaun að innrétta hús í beinni útsendingu. Þeirra áþjón verður ekki sú að æsileg atburðarás reki þau út á ystu nöf, mun líklegra er að hægagangur í framkvæmdum hafi af þeim nætursvefning og að allur tími fari í að smíða hernaðar-áætlun til að fá þökukennð loforð efn. Heiti þáttarinn minnir meira að segja óþyrmilega á íslensku hryllingsmyndina Húsið sem enn kallar fram martraðir hjá öllum Íslendingum eldri en 30 ára.

HÆÐIN og Húsið tengjast sömuleiðis þannig að nú er hægt að kaupa hæð fyrir sömu upphæð og áður mátti kaupa heilt hús fyrir. Rammíslensk lánakjörin sjá svo til þess að lánið hækkar hér um bil um sömu upphæð og greidd er til baka. Þess vegna er erfitt að sjá Hæðina fyrir sér sem skemmtiefni. Það er hins vegar þekkt að langanir manna og tíska taka mið af efnahagsástandinu, í góðæri er tíska hófstíllt en í kreppunni verður hún íburðarmikil og glysgjörn.

Í því ljósi verður Hæðin öllu skiljanlegri. Nú þegar fasteignamarkaðurinn er að hrúta kominn og fólk er ráðið frá því að skuldsetja sig, verður til sjónvarpsþáttur þar sem íslensk þör keppa í byggingaframkvæmdum. Ætli næsta þáttaröð fjalli um skilnaðina?



Vorferðir Express ferða



Sælkeruferð til Barcelona með Gestgjafanum

28.-31. mars

Fararstjóri: Halldór Stefánsson
Sérlegur matgæðingur ferðarinnar er Kjartan Ólafsson

Verð á mann í tvíbýli

59.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hesperia-hótelinu með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk leiðsögn.



Berlín og Varsjá

20.-28. maí

Fararstjóri: Óttar Guðmundsson

Verð á mann í tvíbýli

98.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hótélum með morgunverði, akstur milli Berlínar og Varsjár og íslensk fararstjórn.



Vorferð til Heidelberg

22.-27. maí

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

79.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hótéli með ríkulegum morgunverði, heilsdagsskoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber og íslensk fararstjórn.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn
10. febrúar, 41. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.41	13.42	17.43
Akureyri	9.36	13.27	17.18

Heimild: Almanak Háskólans



Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir 

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express